



ODDFELLOW

2.TBL | 74. ÁRG.

BLAÐIÐ

NR. 186 | DES. 2025



Styrkurinn felst í samtakamættinum

Samtök eins og Oddfellowreglan, sem láta gott af sér leiða samfélaginu til heilla, skipta miklu máli. Því er stöðugt unnið að því að treysta og efla innviði Reglunnar með það að leiðarljósi að margir, öflugir félagsmenn geti sameiginlega náð meiri árangri en einstaklingur, þó hann sé allur af vilja gerður til að gefa af sér.

Að mörgu leyti má líka starfinu við íþróttafélag, sem heldur úti liðum í hópíþróttum eins og til dæmis knattspyrnu, handbolta og körfubolta. Til þess að ná sem bestum árangri þurfa íþróttamenn ekki aðeins að æfa reglulega heldur leggja mikið á sig. Æfingar eru á ákveðnum tímum, þær verða að vana og eru hluti af daglegu lífi. Sama má segja um starfsemi Reglunnar. Fundir eru skipulagðir frá september fram í maí, fjáröflunarkvöld og aðrar skemmtanir, þar með talin golfmót, eru ákveðin með góðum fyrirvara rétt eins og sameiginleg ferðalög innan lands og utan. Starfið er í föstum skorðum og byggt á ártuga reynslu.

Þorgeirsbræður funda til dæmis á fimmtudögum og þar er lögð áhersla á, ekki síst við vigslu nýrra félaga, að fimmtudagar séu Þorgeirsdagar. Hjálpar-sjóðskvöld er fastur liður í vetrarstarfinu og það var síðast haldið hjá Þorgeirsbræðrum í október. Einn bróðir var efins um að hann gæti mætt en úr rættist og ánægja hans var tvöföld, því fyrr um daginn fagnaði hann stórsigri sinna manna í fótboltanum.

Vinningur og velgjörðir

Sala happdrættismiða er reglulegur liður í fjáröflun reglusystkina til góðra málefna. Félagar safna gjöfum frá fyrirtækjum og vinningar eru oft ótrúlega veglegir. Menn kaupa miða með glöðu geði, enda er fjármunum varið í samfélagslega þörf verkefni hverju sinni, og detti þeir í lukkupottinn brosa þeir í kampinn og taka auðmjúkir við vinningum. Okkar fyrrnefndi maður var léttstigur, þegar hann mætti, og leit til himins, þegar hann kvaddi um kvöldið. Hann fékk vinning skömmu áður, þyrfluflug, og var strax farinn að huga að flugleiðum. Í þessu sambandi má nefna að viðkomandi kynntist Reglunni, þegar hann var

fararstjóri hjá Þorgeirsbræðrum á ferðalagi þeirra erlendis fyrir um þremur áratugum, féll þá fyrir félagsskapnum og samheldninni og gekk í stúkuna fljótlega eftir heimkomu.

Á heimasíðu Reglunnar, *oddfellow.is*, má sjá ýmsar styrkveitingar hennar á liðnum árum. Í viðtali í þessu blaði við Steindór Gunnlaugsson, nýjan stórsir, kemur meðal annars fram að þegar hann var formaður Styrktar- og líknarsjóðs Oddfellowa 2013-2023 komu Oddfellowar að mörgum mikilvægum verkefnum í þágu íslensks samfélags eins og til dæmis endurbótum í byggingu St. Jósefsspítala í Hafnarfirði, þar sem innréttað var húsnæði fyrir Parkinson- og Alzheimersamtökin, aðstoð við Ljósið, Hlaðgerðarkot, meðferðarheimili Samhjálpur og fleiri líknarstofnanir og góðgerðarfélög. Þegar allt er samantekið nema framlögin hundruðum milljóna króna á tilgreindu tímabili og stöðugt er unnið að því að leggja góðum málum lið.

Andinn í Oddfellow nær út fyrir vegg Reglunnar eins og fram kemur í viðtali í blaðinu við Margréti Sesselju Magnúsdóttur í Rebekkustúku nr. 8, Rannveigu, og Stefán Helga Stefánsson tenór. Þau hafa haldið úti söngskemmtuninni Elligleði fyrir heilabílað fólk í tæplega 17 ár og hafa sett stefnuna á 20 ár. „Við vildum ná til fólksins sem gat ekki verið með í neinu starfi og höfum lagt áherslu á það frá byrjun,“ leggur Sessa áherslu á. „Markmið mitt hefur alla tíð verið að auka velliðun fólks og veita birtu og yl inn í líf þess.“

Snjócoma á höfuðborgarsvæðinu í lok október setti víða strík í reikninginn. Meðal annars varð að aflýsa Oddfellowfundum. Rétt eins og varðandi æfingar í boltanum er tilfinningin ekki góð, þegar maður kemst ekki á fund í Reglunni. Stundum borða menn saman fyrir fundi og alltaf er slæmt að missa af kótelettum að hætti hússins með tilheyrandi meðlæti, ekki síst vegna ytri aðstæðna eins og ófærðar. Því er sérstaklega erfitt að kyngja, en sem betur fer eru ekki öll egginn í sömu körfu.

Steinþór Guðbjartsson, St. nr. 11, Þorgeiri



Parki
INTERIORS

Parket

Parki býður hágæða gólfefni frá þekktum alþjóðlegum birgjum.

Gríðarlegt úrval af viðarparketi ásamt vatnspolnu harðparketi og vínylparketi má finna í sýningarsal okkar á **Dalvegi 10-14**.

Komdu við og ræddu við sérfræðinga Parka og fáðu faglega ráðgjöf.



Parki
INTERIORS

Dalvegi 10-14
201 Kópavogi
595 0570



Finndu okkur á **Facebook!**
facebook.com/Parki.interiors

www.parki.is



Stjórn Stórstúku Íslands I.O.O.F.
sendir reglusystkinum, fjölskyldum þeirra
og landsmönnum öllum bestu óskir
um gleðileg jól.



Efnisyfirlit

Styrkurinn felst í samtakamættinum.....	2
Það munar um Oddfellow í samfélaginu	6
Ný stjórn kjörin á Stórstúkubíngi.....	8
Aflvaki rannsóknar og þróunar.....	10
Jól í skókassa frá Loftlykkjunum.....	11
Vinastúka í Frankfurt fagnaði 150 ára afmæli.....	12
Gaman við Gardavatnið	14
Norskir björgunarbátar merktir Oddfellow	15
Sérhannað hálsmen	16
Gáfu Reykjalundi nýtt hjartaómtæki	17
Mótorhjólaklúbbur fer vel af stað.....	18
Fékk Covid strax í fangið.....	20
Bræðraskvöld og vorferð Egils.....	23
Heilluð af reglustarfinu	24
Fátt skemmtilegra en að skemmta heilabíluðum ..	26
Brák og steinninn	28
Nýja stúkan Briet með sterk gildi	30
Framkvæmdir í Urriðaholti ganga vel.....	32
Sjálfboðaliðar í Ljósinu	34
Með flutningsskírteini upp á vasann.....	36
Jólin eru okkar.....	39
Lífið er Oddfellow	40
Októberfest hjá Ingólfsbræðrum	47
Auðarsystur til Hríseyjar.....	48
Góðar gjafir til sjúkrahúsa	49
Með kjölfötin í ausandi rigningu	50
Sá einn veit er víða ratar	52
Frimúrarakar höfðu betur	55
Finnskar systur sóttar heim.....	56
Fundað með matriörkum í heimabyggð.....	58
Á ýmsu gengið í Herjólfsbæ	60
Gleði, systratengsl og vinátta.....	61
Löngun kviknaði til að vita meira.....	64
Frábært að byrja í skemmtinefnd.....	65
Konungsskildir heimsóttu Egilsbræður	66
Fædd og uppalin í Oddfellow	68
35 ára afmælistótt GOF sérlega veglegt	70
Hlakka til næstu 100 ára	72
Finnar hjá Snorra goða	74
Vel mætt á opið hús á Sauðárkróki.....	77
Við skulum þora, geta og vilja	78



2. tbl. 74. árg. nr. 186 Des. 2025

Útgefandi: Oddfellowreglan á Íslandi Vonarstræti 10, 101 Reykjavík

Ritstjórn: Ágústa Unnur Gunnarsdóttir, Björn Jóhann Björnsson, Helga Björg Steinþórsdóttir, Jón Birgir Eiríksson, Sesselja Ingólfsdóttir og Steinþór Guðbjartsson, ritstjorn@oddfellow.is

Hönnun: Garðar Pétursson Umbrot: Sigríður Friðjónsdóttir Prófarkalestur: Ólafur Hjörtur Jónsson

Auglýsingar: Bjarni Ólafur Guðmundsson, bog@eyjar.is Prentun: Litróf Forsíðumynd: Garðar Pétursson



Það munar um Odd-fellow í samfélaginu

Kæru reglusystkin! Ég vona að þið hafið notið sumarsins með fjölskyldum ykkar og átt saman góðar stundir.

Stórstúkuping nr. 43 var haldið 9.-11. maí, sem var fjölmennasta þingið til þessa. Þingið sóttu stórsírar og varastórsírar Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar auk stórsírs Evrópu, Mortens Buan.

Nýir kjörnir og skipaðir stórembættismenn voru settir í embætti og er þar sannarlega öflugur flokkur reglusystkina sem tekur við keflinu og býð ég þau öll velkomin til starfa ásamt öllum þeim sem voru kjörin og skipuð í nefndir og ráð Stórstúkunnar.

Um leið vil ég þakka fráfarandi stórsir, Guðmundi Eiríkssyni, og fráfarandi stórritara, Magnúsi V. Magnússyni, ásamt fráfarandi skipuðum stórembættismönnum og þeim sem störfuðu í nefndum og ráðum, störf þeirra allra, en þau hafa verið unnin af mikilli elju og samviskusemi.

Ég vil þakka það traust sem mér er sýnt, með því að velja mig til forystu Oddfellowreglunnar sem stórsir hennar og mun ég gera mitt besta til að standa undir þessu mikla og virðulega embætti. En ég þarf engu að kviða, ég hef með mér afskaplega hæf og dugleg reglusystkini og ég veit að við munum ganga saman í góðum takti, Oddfellowreglunni til heilla.

Þar sem skrifstofustjórinn okkar, br. Halldór Þórður Haraldsson, var kjörinn br. stórritari, auglýsti stórstúkustjórn eftir nýjum skrifstofustjóra Oddfellowreglunnar. Við fengum umsóknir frá átta reglusystkinum, sem var afskaplega ánægjulegt og var jafnt á milli kynja og allt öflugir einstaklingar sem sóttu um starfið.

Ráðin var Hanna Guðfinna Benediktsdóttir, systir í Rebekkustúkunni nr. 10, Soffíu, og hóf hún störf skrifstofustjóra í byrjun september og bjóðum við hana velkomna til starfa.

Þá um leið vil ég þakka br. Halldóri Þórði innilega fyrir hans góðu störf sem skrifstofstjóri Oddfellowreglunnar. Hann hefur sinnt okkur öllum af mikilli alúð og fagmennsku.

Framkvæmt í Eyjum og á Akureyri

100 ára stofnafmæli stúkunnar nr. 4, Herjólf, var haldið á afmælisdaginn 24. maí í regluheimilinu Herjólfsbæ í Vestmannaeyjum og var fundurinn vel sóttur af reglusystkinum um allt land.

Herjólfsbær hefur gengið í miklar endurbætur á undanförnum misserum. Um er að ræða viðbyggingu við húsið og endurnýjun þess að innan sem



Ljósmyndir Rutar og Silju

utan og verður húsið hið glæsilegasta þegar framkvæmdum lýkur.

Þá standa einnig yfir framkvæmdir við stækkun regluheimilisins við Sjafnarstig á Akureyri og var gerð grein fyrir framkvæmdinni í síðasta tölublaði. Í regluheimilinu að Sjafnarstig starfa yfir 500 reglusystkini og hafa þau lagt verulega til framkvæmdanna með m.a. sjálfböðavinnu. Auk þessa eru reglusystkini að vinna með Styrktar- og líknarsjóði Oddfellowa að lagfæringum og endurbótum á húsnæði sjóðsins við Glerárgötu, sem keypt var fyrir á árinu.

Nýbygging Oddfellowhússins að Vinastræti í Urriðaholti gengur vel og samkvæmt áætlun. Uppsteypa hússins gengur vel og áætlað að því verki ljúki næsta vor. Eftir því sem best er vitað, er þetta eina regluheimilið í heiminum í dag sem er í byggingu.

Á vettvangi fulltrúaráðs Styrktar- og líknarsjóðs Oddfellowa er unnið öflugt starf líkt og undanfarin ár. Sjóðurinn vinnur áfram með reglusystkinum víða um land og á þessu ári er unnið út frá starfssvæði stúkna sem hafa aðsetur á Akranesi, Selfossi og í Reykjanesbæ.

Þá styrkir sjóðurinn viðhald og endurbætur í húsnæði Líknardeildarinnar í Kópavogi, á húsnæði Hlað-

gerðarkots, meðferðarheimilis Samhjálp og veitir framlag til Hugarafis, grasrótarsamtaka fólks með andlegar áskoranir.

Á ferð og flugi

Starfi stórsírs fylgja nokkur ferðalög, samskipti og samstarf með öðrum umdæmum í Oddfellow-reglunni.

Í maí, sótti stórsír fund stórsíra Norðurlanda þar sem farið er yfir starfsemi umdæmanna og bækur bornar saman. Á næsta ári er komið að okkur að halda þennan fund og er stefnt að því að halda hann í Vestmannaeyjum.

Stórstúkustjórn tók á móti 28 evrópskum ungmennum og fimm fararstjórum 21. júlí og bauð þeim til hádegisverðar í Vonarstræti en ungmennaféðin stóð frá 18. til 27. júlí. Hópurinn hittist á Íslandi þar sem ungmennin fá m.a. fræðslu um virkjun jarðvarmaorku og heimsóttu þau Grindavík og skoðuðu nýjasta hraunið, auk þess að heimsækja Bláa lónið og fara gullna hringinn.

Þegar þetta er ritað var áformað að halda ráðstefnu í Reykjavík í lok nóvember um Evrópska ungmennastarfið, European Youth Conference, þar sem reiknað var með fulltrúum frá flestum umdæmum Reglunnar í Evrópu.

Þá sótti stórsír hástúkupingið Charlestone í Bandaríkjunum í ágúst ásamt stórsír Evrópu, Morten Buan.

Það kom fram í máli Morten Buan á þinginu, í yfirferð hans um umdæmin í Evrópu, að Ísland væri eina umdæmið sem hefur verið í vexti um langa hrið.

Kemur ekki af sjálfu sér

Við vitum að þótt vöxturinn hafi ekki verið mikill síðustu ár, þá er hann jákvæður, en við vitum líka að hann kemur ekki af sjálfu sér – það er mikil vinna í grasrótinni að afla nýrra félaga og þar má ekki sofna á verðinum, vinnan er stöðug og hún þarf að halda áfram.

Staðan í dag er að í Bandaríkjunum og Kanada eru samtals um 25.000 félagar og í Evrópu um 73.000 félagar. Hér heima erum við 4.025 talsins og um 60 manns biðu „í anddyrinu“ eftir að komast inn til okkar, er þetta var ritað um miðjan október.

Sú staðreynd að fjöldi reglusystkina á Íslandi er um eða yfir 1% af fólksfjölda landsmanna, þykir mjög sérstakt og jafnvel ótrúlegt í hugum margra.

Stjórnin hefur unnið að undirbúningi þess að ný siðbókanefnd fari yfir siðbækur. Nefndin er að vinna við nýja útgáfu siðbóka búða og Rebekkabúða og fer síðan að skoða siðbækur stúkna.

Við þurfum að stíga varlega til jarðar með breytingar sem ekki eru í samræmi við gildandi siðbækur, t.a.m. á Norðurlöndunum, sem við berum okkur helst saman við, enda er það sterkasta vígi Reglunnar í Evrópu. Við höldum siðaathafnir með þeim hætti, sem gert var frá nær fyrstu tíð og það

eitt, kæru reglusystkin, er svo sérstakt, að sumstaðar er horft öfundaraugum til okkar í þessum efnum.

Við getum verið stolt og hreykin af þeirri vegferð okkar, að gera hlutina vel og vanda okkur og gera vel í starfinu.

Aukin fræðsla

Undibúningur nýrrar Stórstúkustjórnar fyrir starfið í haust hefur staðið yfir frá því í byrjun ágúst, enda eru verkefnið mörg. Auðvitað fer ný stjórn af stað með ýmis markmið í farteskinu og óskir um að koma málum í farveg og gera vel, þannig hugsam við í Oddfellowreglunni, að starfa henni til heilla.

Við viljum stuðla að því með öllum ráðum, að efla gleði og ánægju reglusystkina og auka áhuga þeirra á starfinu.

Við höfum áhuga á að auka fræðslu til yfirmanna regludeilda, útvega þeim þau verkfæri sem til þarf, að gera verkefnið léttara.

Í byrjun október var kynnt áætlun Oddfellow-reglunnar um viðbrögð við einelti, kynbundnu ofbeldi og/eða kynferðislegri áreitni og er skammstafað EKKO. Áætlunin er vistuð bæði á ytri og innri síðu Oddfellowreglunnar.

Stórstúkustjórn vill koma upplýsingum sem fyrst á framfæri til Reglusystkina og þar teljum við okkur hafa lagt nokkuð fram, t.a.m. með upplýsingum um dagsetningar á heimasíðunni um eftirlit og innsetningar í regludeildum. Þá hefur verið bætt inn upplýsingum um næstu fundi Stórstúkustjórnar, bæði á heimasíðu og í dagskrá okkar í félagaappinu.

Ein af áherslunum er að minnka álag á embættismönnum Stórstúkunnar og í komandi innsetningum verða allt að þrjú innsetningargengi að störfum hverju sinni. Með þessum hætti náum við um 15-20% minna álagi en áður og er það skref í rétta átt. Álagið á þessum tíma er gríðarlegt – en er gefandi og ánægjulegt.

Kæru reglusystkin, eftirlit í regludeildum á suðvesturhorninu fór fram um miðjan október og gekk vel. Þið eruð að vinna vel og fyrir það má sannarlega þakka. Það sýnir áhugann á starfinu, að gera vel.

Nú er tími innsetninga í Regludeildum skammt undan og Stórstúkustjórn hvetur alla embættismenn deilda að undirbúa vel stjórnarskiptin og aðstoða þá sem við embættunum taka, með góðri aðstoð, þannig að þeim farnist vel í nýju starfi.

Við skulum hafa í huga að það má og það á að vera gaman í Oddfellowreglunni.

Ég minni ykkur á að það munar um Oddfellow-regluna í samfélaginu okkar!

Ekki síður nú, en áður.

Kæru reglusystkin. Nú er aðventan á næsta leiti, tími ljóss og friðar. Ég óska ykkur öllum og fjölskyldum ykkar, ánægjulegrar jólahátíðar og gleðilegs árs.

Steindór Gunnlaugsson, stórsír

Ný stjórn kjörin á Stórstúkupingi

Stórstúkuping Oddfellow, hið 43. í röðinni, fór fram á Hótel Natura-Berjaya í maí síðastliðnum. Þetta var í fyrsta skipti sem þingið var haldið að öllu leyti utan Vonarstrætis en vegna fjölda þingfulltrúa og gesta er orðið illmögulegt að halda þingið þar.

Þingið var sett föstudaginn 9. maí og hófst samkvæmt venju með veitingu Stórstúkustigs. Á þessu sinni fengu 46 fyrrum meistara stigið; 29 bræður og 17 systur. Þá var við þingsetninguna minnst látinna félaga Stórstúkunnar og fyrri kynning vegna kjörs embættismanna fór fram.

Laugardaginn 10. maí hófust almenn þingstörf. Skýrslur stórembættismanna voru lagðar fram og stórsir lagði fram ný mál og tillögur til afgreiðslu. Þá voru og lagðar fram skýrslur fastanefnda Stórstúkunnar svo og skýrslur sérstakra nefnda. Hlé var gert á þingstörfum og þingfulltrúar sátu hátiðarkvöldverð um kvöldið. Þingfundi var síðan fram haldið að morgni sunnudagsins 11. maí.

Alls voru 67 mál lögð fyrir þingið til afgreiðslu, tillögur um breytingar á grundvallarlögum ásamt fleiri tillögum, bæði frá stjórn Stórstúkunnar, einstökum regludeildum og stórfulltrúum. Allmargar breytingar voru gerðar á grundvallarlögum Reglunnar á þinginu og ýmis mál tekin fyrir.



Guðmundur Eiríksson, lengst til hægri, lauk störfum sem stórsir og voru færðar innilegar þakkir á Stórstúkupinginu.

Breytingar á stjórn

Kjörtímabili þriggja kjörembættismanna lauk á þessu þingi. Guðmundur Eiríksson hætti sem stórsir, Magnús V. Magnússon sem stórritari bræðra og Steindór Gunnlaugsson sem varastórsir bræðra. Steindór var tilnefndur til embættis stórsirs, ásamt Herborgu Pálsdóttur, Rbst. nr. 20, Halldóru, og var hann kjörinn nýr stórsir á þinginu. Því þurfti að til-



Ný stórstúkustjórn og stórembættismenn. Fremri röð frá vinstri: Konráð Konráðsson, Halldór Þ. Haraldsson, Stefán Stefánsson, Steindór Gunnlaugsson, Hafdis Stefánsdóttir, Petrína H. Ottesen og Ólóf Kristjánsdóttir. Aftari röð frá vinstri: Hallgrímur Júlíusson, Baldvin Valdemarsson, Georg A. Þorsteinsson, Guðmundur Árnason, Erla H. Friðfinnsdóttir, Skúli Bjarnason, Hildur Valsdóttir, Margrét S. Stefánsdóttir, Ingibjörg Hjartardóttir og Elsa Ingjaldsdóttir.



Ný stórstúkustjórn, efri röð frá vinstri Ólöf Kristjánsdóttir, systir stórféhirðir, Halldór Þórður Haraldsson, bróðir stórritari, Petrína H. Ottesen, systir stórritari, og Konráð Konráðsson, bróðir stórféhirðir. Neðri röð frá vinstri Hafdis Stefánsdóttir, systir varastórsir, Steindór Gunnlaugsson stórsir og Stefán Stefánsson, bróðir varastórsir.

nefna nýjan varastórsir bræðra og hlaut Stefán Stefánsson, St. nr. 18, Ara fróða, kjör í það embætti.

Hafdis Stefánsdóttir, systir varastórsir, gaf kost á sér áfram og var hún sjálfkjörin í embætti komandi kjörtímabil. Áfram í stjórn til 2027 eru jafnframt Konráð Konráðsson, bróðir stórféhirðir, og Petrína Helga Ottesen, systir stórritari. Í nýttu embætti stórféhirðis systra var kjörin Ólöf Kristjánsdóttir, Rbst. nr. 8, Rannveigu. Tvær tilnefningar bárust um embætti stórritara bræðra, í stað Magnúsar, um Halldór Þórð Haraldsson, St. nr. 5, Þórsteini, og Svein Guðmundsson, St. nr. 20, Baldri, og hlaut Halldór kjör í embættið á þinginu.

Þriðji þingfundur hófst á sunnudeginum á Hótel Natura Berjaya, og þá fór fram innsetning embættismanna og síðan sleit str. varastórsir þinginu. Viðstaddir voru jafnframt stórsir Evrópu auk stór- og varastórsira Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar.

Vegna aukins rýmis gafst reglusystkinum með Stórstúkustig kostur á að taka þátt í viðburðum þingsins, sem mörg nýttu sér.

Mikill undirbúningur felst í að halda þing sem þetta og mörg horn sem lita þarf í. Auk þinghaldara aðstoðuðu fjölmörg reglusystkini við undirbúning ásamt starfsmönnum hótelsins, sem breyttu salarkynnum úr þingsal í fundarsal á mettima milli funda.



Steindór Gunnlaugsson var kjörinn nýr stórsir Oddfellow og flutti þakkaræðu að kjörinu loknu.

Ekki verður á neinn hallað þótt nöfn Önu Mörtu Montes Lage veitingastjóra og Trausta Víglundssonar, St. nr. 3, Hallveigu, séu sérstaklega nefnd en þau höfðu veg og vanda af skipulagi, málsverðum, uppsetningu o.fl. þingdagana. Öllum öðrum er þökkúð ósérhlífni við undirbúning og framkvæmd þingsins.

Aflvaki rannsókna og þróunar

Akademía Oddfellowreglunnar var stofnuð 24. september 2016 og verður því tíu ára á næsta ári. Blaðamaður Oddfellowblaðsins tók tvær systur tali sem hafa reynslu af því að taka þátt í Akademíunni. Þetta eru þær Anna Guðrún Jósefsdóttir og Hrund Logadóttir systur í Rbst. nr. 1, Bergþóru.

Meginhlutverk Akademíunnar er að vera aflvaki fræðilegra rannsókna með áherslu á rannsóknir varðandi þróun á starfsemi Oddfellow. Að kynna og ræða niðurstöður verkefna í búðum og stúkum og leggja fram tillögur um breytingar sem samstaða er um til framþróunar reglustarfsins. Forseti Akademíunnar er Stefán Baldvin Sigurðsson úr Ob. nr. 1, Thomasi, og fyrrum varastórsir.

Búðir skipa tvo fulltrúa hver, sem taka sæti í Akademíunni. Til þátttöku í störfum hennar má skipa hvern þann sem er fullgildur matriarki eða patriarki. Stórstúkustjórn skipar einnig tvo fulltrúa í Akademíuna. Starfstími fulltrúa er fjögur ár.

Fræðandi og skemmtileg vinna

Anna Guðrún og Hrund voru tilnefndar til þátttöku af Rbb. nr. 4, Brák. Anna Guðrún hefur þriggja ára reynslu af störfum innan Akademíunnar og Hrund býr yfir tveggja ára reynslu og verður ritari stjórnar til ársins 2027.

Spurðar hvernig sé að starfa í Akademíunni segjast þær fá tækifæri til að auka og dýpka þekkingu sína á ýmsum málefnum sem tekin eru til umfjöllunar.

„Þetta geta verið málefni sem við komum sjálf með til athugunar og umræðu eða málefni sem koma frá öðrum. Þetta er feykilega fræðandi og skemmtileg vinna. Við vinnum í hópum og eru fimm einstaklingar í hverjum hóp. Fólk getur líka valið sér hópa eftir áhugasviði,“ segir Anna Guðrún.

Kafa dýpra í mál

Hrund segir verkefnin hafa verið einkar skemmtileg. Gerðar séu ýmsar kannanir og sendir út spurningalistar.

„Markmiðið er að kafa dýpra í mál. Einnig er mikilvægt að reglusystkini geti kynnt sér málefnið betur á heimasíðu Reglunnar. Það má segja að þetta sé ákveðið rannsóknarstarf sem skilar sér í öflugra starfi innan Oddfellow,“ segir Hrund.

Anna Guðrún segir málþing Akademíunnar einnig mjög áhugaverð, bæði upplýsandi og fræðandi, þar sem hóparnir greini frá fjölbreyttum störfum sínum.



Anna Guðrún Jósefsdóttir (t.v.) og Hrund Logadóttir saman á góðri stund í Varsjá er þær voru þar á ferð ásamt matriörkum í Brák.

„Það sem okkur finnst líka mjög skemmtilegt er að vinna með og kynnast fjölbreyttum hópi fólks. Hópastarfið gefur líka innsýn í stúkustarf annarra stúkna og þú færð innsýn í störf bræðra, en hóparnir eru kynjablandaðir,“ segir Anna Guðrún og Hrund tekur undir þau orð.

Til þess að vinnan í Akademíunni skili sér inn í reglustarfið segja þær mikilvægt að eiga góð samskipti við Stórstúkustjórn, stórsir og skrifstofu Reglunnar.

„Þessi samskipti hafa verið til fyrirmyndar fyrir Akademíuna og við fáum góðan stuðning og hvatningu þaðan. Einnig er mikilvægt að Akademían sé í góðum tengslum við búðir í gegnum fulltrúa þeirra og við stjórnir stúkna sem hafa aðstoðað við gagnaöflun,“ segir Hrund.

Höfundur:
Ágústa Unnur Gunnarsdóttir,
Rbst. nr. 1, Bergþóru

Jól í skókassa frá Loftlykkjunum

Árið 2009, á haustferðalagi Steinunnarsystra einhvers staðar á milli Reykjanesbæjar og Ísafjarðar, kviknaði sú hugmynd að koma reglulega saman á Loftinu í regluheimilinu þeirra í Grófinni 6 í Reykjanesbæ. Það var ljóst að í rútunni vestur væri töluverður áhugi á þrjónaskap, því í fangi allnokkurra systra lá falleg hnota af garni og flik á þrjónunum.

Loftið er félagsaðstaða bræðra og systra í regluheimilinu í Grófinni og þangað mættu þær í kjölfar ferðarinnar með þrjónana sína, góða skapið og kaffitár. Nafnið Loftlykkjurnar þótti borðleggjandi á hópinn, sem 16 árum síðar mætir enn á Loftið á hverjum mánudegi yfir vetrarmánuðina.

Gjafir í anda jólanna

Fáum árum síðar, eða fyrir jólin 2013, varð verkefnið *Jól í skókassa* hluti af þrjónaskap systrana. Loftlykkjurnar þrjóna fallegar peysur, húfur, vettlinga, sjöl og sokka ásamt fleiru hlýju og nytsamlegu, sem ratar svo ofan í jólaskókassa barnanna. Fleiri Steinunnarsystur koma gjarnan færandi hendi með garn í flikurnar og einnig hafa Loftlykkjurnar hlotið styrk til verkefnisins úr styrktarsjóði Steinunnarsystra. Þessar góðu gjafir gera þeim kleift að kaupa í kassana aðra hluti sem skyld er að fylgi með, til að gleðja börnin sem best.

Jól í skókassa er alþjóðlegt verkefni sem fyrst var látið reyna á innan KFUM & KFUK fyrir jólin 2004. Það er í anda jólanna að gefa gjafir til barna sem lifa við fátækt og erfiðleika. Þannig aðstæður eru



Nokkrar Loftlykkjur meðal Steinunnarsystra tilbúnar með jólapakka í skókössum.

sannarlega hjá börnum í Úkraínu um þessar mundir en þangað fara pakkarnir að þessu sinni. Svo er líka ákveðin gjöf að fá að kynna þessa fallegu hefð fyrir börnum og barnabörnum.

Það sem ekki fer í fallega skreyttu jólaskókassana til Úkraínu fer í Konukot, til Kvennaathvarfsins og Frú Ragnheiðar. Jafnframt koma frá Loftlykkjunum falleg ungarnateppi, húfur og vettlingar sem fara í sérstaka ungarnapakka sem gefnir eru til skjólstæðinga Rauða krossins í Reykjanesbæ.

Það er gaman að horfa til baka og sjá hvernig gjafir Loftlykkjanna og Steinunnarsystra allra fæddust með þrjónakonunum í rútunni á leið til Ísafjarðar árið 2009. Ég vil að endingu þakka Magdalenu Sirrý Þórisdóttur, Steinunnarsystur, fyrir skemmtilega upprifjun og fróðlegt samtal við gerð þess greinarkorns.

*Höfundur: Kristjana E. Guðlaugsdóttir,
Rbst. nr. 11, Steinunni*



Þrjónaskapur Steinunnarsystra í Reykjanesbæ hefur verið af öllum toga; peysur, húfur, vettlingar, sjöl og sokkar.

Vinastúka í Frankfurt fagnaði 150 ára afmæli

Goethe Oddfellowstúkan í Frankfurt am Main var stofnuð 17. júlí árið 1875 og var haldið upp á 150 ára stofnaafmælið 25. október sl. Var hátíðin vel sótt, með hátt í 100 gestum, og þar af voru 10 bræður, systur og makar frá þremur vinastúkum á Íslandi, sem komu færandi hendi til þýskra reglusystkina. Gáfu stúkurnar þrjár; Sæmundur fróði, Þorkell máni og Bríet, alls 2.500 evrur eða jafnvirði um 360 þúsund króna, til góðgerðarverkefna sem þýska stúkan stendur fyrir í Frankfurt.

Meðal þeirra sem fóru utan voru Steindór Gunnlaugsson, stórsír, og Karl Jóhann Ottósson, heiðursfélagi og fyrrum stórfulltrúi í St. nr. 7, Þorkeli mána. Kynni þeirra af Goethe stúkunnar hófust árið 2005

er Steindór var í ferðanefnd Þorkels mána og Karl Jóhann, sem þá var varastórfulltrúi Mánabræðra, var og er öllum hnútum kunnugur í Frankfurt vegna sinna starfa.

Eftirminnileg heimsókn

Voru þeir Steindór og Karl í hópi 86 bræðra, systra og maka sem heimsóttu Goethe í maí 2005, er stúkan fagnaði 130 ára afmæli sínu. Þáverandi undir-
meistari, og nú yfirmeistari Goethe, Jens Warmers, ákvað að færa til 130 ára afmælishátíðina frá hausti til vors þegar þessi fjölmenni hópur kæmi í heimsókn. Að sögn Steindórs varð úr hin mesta hátíð og gerði vel fyrir þýsku stúkuna á þeim tíma.



Fulltrúar frá Oddfellow á Íslandi, ásamt Jens Warmers, f.v. Eydis Egilsdóttir, Karl Jóhann Ottósson, Guðbjartur Halldórsson, Halldóra Lydia Þórðardóttir, Steindór Gunnlaugsson, Sigurður Ólafsson, Jens, Ingibjörg Hjartardóttir, Snæbjörn Þór Ingvars-
son, Olga Ólafsdóttir og Sigurður Jónsson.



Hátíðarfundur í sal Goethe-stúkunnar í tilefni 150 ára afmælis hennar, sóttur af félögum í Oddfellow víða úr Evrópu.

Þegar stúkan Sæmundur fróði var stofnuð árið 2013 varð hún sjálfkrafa vinastúka Goethe til viðbótar við Þorkel mána og síðar Rebekku-stúku nr. 21, Brieti. Var félögum í þessum þremur stúkum boðið til 150 ára stofnafmælisins nú í haust.

Steindór segir í samtali við Oddfellowblaðið að hinir þýsku bræður hafi ásamt mökum heimsótt Ísland í tvisgang. Þær breytingar urðu hjá Goethe stúkunni á síðasta ári að hún var samþykkt sem blönduð stúka en tvær systur eru í stúkunni í dag. Tvær systur úr Rbst. nr. 21, Brieti, voru viðstaddar afmælisfundinn, þær Eydis Egilsdóttir varastórfulltrúi og Ingibjörg Hjartardóttir stórfulltrúi.



Steindór stórsir flutti ávarp í Frankfurt.



Jens Warmers í Goethe var heiðraður.

Gjöfin kemur sér vel

Gjöf Oddfellowa frá Íslandi var eyrnamerkt verkefni „Frau Elisabeth street Ambulance project in Frankfurt“, sem eru sjúkrabílar er fara um borgina og hjálpa þeim einstaklingum sem verst eru staddir í samfélaginu með ýmsum hætti og þar með talið skaðaminnkun. Þetta er sambærilegt verkefni og Rauði krossinn stendur fyrir hér heima, er nefnist Frú Ragnheiður.

Á hátíðarfundinum afhenti Goethe stúkan styrki fyrir 8.000 evrur, um 1,1 milljón króna, til eftirtalinnna góðgerðamála:

- Hjálparstarf á vegum gyðingasamfélagsins í Frankfurt, B'nai B'rith Frankfurt Schönstadt Loge e.V.
- Kapólska kirkjan í Frankfurt, fyrir æskulýðsstarfið.
- Samtök fyrir félagsstarf barna og ungmenna, Evangelischer Verein für Jugendsozial Arbeit in Frankfurt am Main.
- Frau Elisabeth, sjúkrabíla-verkefnið, Elisabeth Ambulanz der Caritas Frankfurt am Main (ESA).

Á fundinum voru fulltrúar hjálparsamtakanna og einnig borgarstjóri Frankfurt, dr. Eskandari-Grünberg, sem flutti hjartnæma þakkarræðu til stúkunnar og þeirra verkefna sem hún hefur sinnt.

Heiðursviðurkenningar

Jafnframt var á fundinum veitt 73 ára fornliðamerki til bróður Walter Abel sem er 99 ára og hefur þjónað stúkunni sinni í 73 ár. Var merkið sérstaklega búið til fyrir hann (sjá mynd).



Þá var Jens Warmers, yfirmestari, sæmdur æðstu viðurkenningu sem þýska Stórstúkan veitir, sambærilegt heiðursmerki Oddfellowreglunnar hér á landi. Steindór segir Jens hafa svo sannarlega átt þennan heiður skilinn, enda hafi hann verið í forsvari fyrir stúku sína í 21 ár, þar af 15 ár sem yfirmestari hennar og undirmeistari í sex ár þar á undan. Þá hefur hann sinnt embætti æðstaprests í sínum Oddfellowbúðum í sex ár og verið undanfarin önnur sex ár



Jens Warmers afhenti fulltrúum þeirra aðila í borginni sem fengu styrki frá þýsku stúkunni og þeim íslensku sem komu færandi hendi.

höfuðpatriarki þeirra. Þá hefur Jens verið stórsir suðvestursvæðis Þýskalands síðan 2022.

„Mér var ljúft að fá að afhenda þessa veglegu gjöf fyrir hönd þessara þriggja stúkna. Það munaði sannarlega um okkur á fundinum og gjöfina sem varð til þessa að ljúka fjármögnun á yfirstandandi verkefni og eiga til viðbótar til þess næsta,” segir Steindór.

Hátíðarkvöldverðurinn þótti vel heppnaður og Steindór segir augljóst að allur undirbúningur afmælishátíðarinnar hafi verið til mikillar fyrirmyndar. Á milli rétta afhentu bræðurnir og frændurnir, Snæbjörn Þór Ingvarsson og Guðbjartur Halldórsson í St. nr. 27, Sæmundi fróða, fána stúku sinnar til Jens yfirmeistara Goethe. Var fáninn festur á hraunmola úr Grindavík, með áfestu spjaldi áritað með heillaóskum. Féll sú gjöf í góðan jarðveg meðal viðstaddra.



Rebekkusysturnar Ingibjörg Hjartardóttir, Halldóra Lydía Þórðardóttir og Eydis Egilsdóttir.

FERÐALÖG – ÁSGERÐUR Á ÍTALÍU

Gaman við Gardavatnið

Vetrarstarfið í Oddfellow er komið á fullt. Systur í Rebekkustúku nr. 5, Ásgerði á Akranesi, hófu starfið af krafti og fóru um miðjan september sl. í vel heppnaða ferð til Ítalíu. Farið var með ferðaskrifstofunni Fararsniði, sem systur úr ferðanefndinni, Brynhildur Björg Jónsdóttir og Helga Þórný Albertsdóttir, segja í stuttum pistli til Oddfellowblaðsins að hefði staðist allar þeirra væntingar.

Dvalið var á góðu hóteli við Gardavatnið með fallegu útsýni yfir vatnið og fjöllin sem umlykja það. Rúta var til taks allan tímann og var farið vítt og breitt um svæðið.

„Við smökkuðum endalaust góðan mat og drykki, keyrðum um yndisleg svæði og upplifðum. Við getum og munum hiklaust mæla með ferðaskrifstofunni í svona ferð þar sem allt stóðst,” segja þær.

Þetta er í annað sinn sem Ásgerðarsystur fara í haustferð rétt áður en eiginlegt starf hefst, og mæla þær sannarlega með því.

„Það er svo gott að geta rifjað upp góða ferð, hlegið og minnst á allt það skemmtilega sem gerðist. Það eflir okkur sjálfar og allt okkar starf í vetur,” rita Brynhildur Björg og Helga Þórný.



Ásgerðarsystur sumarlega klæddar í ferð sinni um Ítalíu, þar sem gíst var á hóteli við Gardavatnið.

Norskir björgunarbátar merktir Oddfellow



Nýjasti björgunarbátur Norðmanna með nafninu Odd Fellow er gerður út frá Bodø í Norður-Noregi.

Oddfellowreglan lætur viðá til sín taka á heimsvisu. Auk mannræktar inn á við er markmið starfsins að láta gott af sér leiða í nærumhverfinu. Þannig hefur Reglan hér á landi lagt fjöl-

mörgum málefnum lið í gegnum tíðina, sem nemur óteljandi klukkustundum í sjálfbóðaliðastarfi og styrkjum sem nema milljörðum króna þegar allt er saman tekið.



Odd Fellow 2 við bryggju í Noregi, tilbúinn í næsta útkall.

Oddfellow á Íslandi hefur þó ekki aðstoðað við kaup á björgunarbátum, eftir því sem best er vitað, en reglusystkini okkar í Noregi hafa í norðurhéruðunum styrkt kaup á þremur slíkum bátum. Þeir bera einfaldlega nafnið Odd Fellow 1, Odd Fellow 2 og Odd Fellow 3, og hafa komið að góðum notum þegar sjófarendur hafa lent í vanda í ólgusjó.

Samkvæmt frásögnum í norskum fjölmiðlum hafa bátarnir og áhafnir þeirra bjargað á annað hundrað manns á undanförunum árum úti fyrir ströndum Norður-Noregs. Eru þessir bátar vel tækjum búnir, eins og meðfylgjandi myndir bera með sér.

Sérhannað hálsmen

Fjáröflunarsjóður Guðrúnar Gunnarsson í Rbst. nr. 7, Þorgerði, var stofnaður 31. janúar 1995 og er hlutverk sjóðsins að afla tekna fyrir líknar-sjóð stúkunnar.

Þær systur sem eru í fjáröflunar-nefnd hverju sinni eru duglegar að leita leiða til að bjóða vörur til sölu fyrir fundi, á jóla- og páska-sölu. Hver einasta króna í innkomu skiptir máli og er reynt að höfða til stúku-systra með áhugaverðum vörum sem þær vilja kaupa hjá okkur.

Meðal verkefna sem Þorgerðarsystur hafa styrkt má nefna Styrktarfélagið Ás en þangað höfum við gefið saumavélar sem nýtast vel í starfseminum þar og einnig sérútbúna stóla fyrir skjól-stæðinga Áss.

Ljósið hefur notið góðra styrkja undanfarin ár. Nýjasta verkefni okkar þar er að endurnýja borð-búnað í mótuneytinu sem var löngu tímabært að bæta úr. Einnig voru saumavélar keyptar fyrir nokkrum árum sem hafa verið mikið notaðar af skjólstæðingum Ljóssins enda er mikið og einstakt endurhæfingarstarf unnið þar. Konukot og Skjölið, sem eru dagsetur fyrir heimilislausar konur, hafa einnig fengið styrki frá okkur, t.d. til kaupa á eld-húsahöldum og fleiru.

Af öðrum verkefnum má nefna ótal lækningatæki sem koma að góðum notum á Landakoti, hjúkrunar-heimilum, Fæðingardeild Landspítalans og fleiri stöðum. Ég hef ekki verið í mörg ár í Oddfellow-reglunni en finn mig vel í góðum hópi kærleiksrikra systra og er þakklát fyrir að eiga þetta góða sam-félag. Enda má segja að frá æsku minni séu góðar

minningar af föður mínum og afa að búa sig fyrir fundi en þeir voru báðir í Oddfellowreglunni. Vegna þess hve mikil þörf er á að styrkja og safna fyrir allskyns verkefnum langaði mig að gera eitthvað stærra sem aðrar Oddfellow-systur og jafnvel bræður gætu notið góðs af og í leiðinni lagt sitt af mörkum í fjáröfluninni. Styrkbeiðnir eru margar og það er virki-lega gefandi að vera þátttakandi í að leggja hverju og einu verkefni lið.

Leitað í smiðju Sifjar Jakobs

Síðastliðinn vetur hafði ég samband við yfir-meistara minn, Guðrúnu Sigurgeirsdóttur, og sagði henni frá hugmynd minni um hvort ég mætti ganga svo langt að hanna hálsmen í nafni Odd-fellow. Ég var þá þegar með nokkrar hugmyndir sem ég sýndi henni og tók Guðrún afskaplega vel í þessar hugsanir mínar.

Það skal tekið fram að ekki er ég skartgripahönn-uður en gat teiknað upp á tölvu það sem ég hafði í huga. Okkur Guðrúnu kom svo saman um að ein skissan væri sú sem við vildum taka lengra.

Stúkusystir okkar kom mér í tengingu við Sif Jakobs, skartgripahönnuð, sem var svo elskuleg að vilja hjálpa okkur og kunnum við henni miklar þakkir fyrir. Hún fínstillti svo hönnunina á hálsmeninu og sá um alla framleiðslu, það er því mikill gæðastimpill. Hálsmenin eru fánleg í gulli og silfri, rhodiumhúðuð og eru hlekkirnir þrír grafnir í plötuna og sirkonsteinar mynda hring um merkið. Einstaklega fallegt. Ég gæti ekki verið ánægðari með útkomuna.

Verð er 24.900 krónur. Þetta er tilvalið fyrir Odd-fellow-systur að eignast því hálsmenið má bera hvar

sem er og allstaðar. Odd-fellowbræður geta að sjálf-sögðu séð sér leik á borði og hugsað til jóla eða til ann-arra tilefna fyrir eiginkonur sem eru systur í Reglunni. En hálsmenin eru einungis seld til reglusystkina í vef-verslun Oddfellow eða hjá okkur Þorgerðarsystur í Fjáröflunarsjóði Guðrúnar Gunnarsson.

Höfundur:
Katrín Garðarsdóttir,
Rbst. nr. 7, Þorgerði



Katrín Garðarsdóttir, systir í Þorgerði.



Hálsmenið sem Katrín hannaði og Sif gerði.

Gáfu Reykjalundi nýtt hjartaómtæki

Bræður úr St. nr. 1, Ingólfi, afhentu Reykjalundi nýtt og fullkomið hjartaómtæki, að andvirði 10 milljóna króna, við hátiðlega athöfn fyrr á þessu ári.

Þessi veglega gjöf var afrakstur samvinnu milli Ingólfsbræðra og þeirra Egils Ágústsonar, Ágústs Ármanns, Fastus, Lýsis hf. og Hjartar Bergstað hjá Málningu. Þau Inga Sigurrós Bráinsdóttir, hjartalæknir, og Pétur Magnússon, forstjóri Reykjalundar, veittu gjöfinni viðtöku og þökkugu Ingólfsbræðrum, og þeim góðvinum sem veittu þeim samvinnu, hjartanlega fyrir sýndan hlýhug og höfðinglega gjöf til starfsemi Reykjalundar.



Fulltrúar Ingólfsbræðra við hjartaómtækið sem gefið var Reykjalundi.

Skráning StLO kemur sér vel

Að baki gjöfinni lá frumkvöðlastarf hjá Ingólfsbræðrum við að nýta skráningu StLO sem almannaheillafélags. Sú skráning gerði samstarf þetta mögulegt. Ingólfsbræður hafa alla tíð lagt áherslu á góðgerðarstarf og sinnt því með miklum dug, m.a. með því að styðja við fjölmörg mikilvæg verkefni á sviði heilbrigðismála, velferðarmála, félagslegs stuðnings, menntunar o.fl. Þetta mikilvæga góðgerðarstarf er hvorki drifið áfram af hagsmunum né sýnilegum ávinningi. Þvert á móti eru það mannúð,

réttsýni og bróðurkærleikur sem hafa alla tíð legið að baki góðgerðar- og líknarstarfi Ingólfsbræðra.

Það var því sérstök ánægja fyrir Ingólfsbræður að ná að styrkja með þessum hætti mikilvæga starfsemi á Reykjalundi. Þá sýnir samstarfið að baki gjöfinni að hin nýja skráning StLO sem almannaheillafélags gerir bræðra- og systrastúkum kleift að leggja enn meira til samfélagsins en áður.

Er það von Ingólfsbræðra að hjartaómtækið komi starfsfólki og skjólstæðingum Reykjalundar að góðum notum.



Frá afhendingu ómtækisins, fulltrúar frá stofnuninni og Ingólfsbræðrum, ásamt öðrum aðilum sem komu að gjöfinni.

Mótorhjólaklúbbur fer vel af stað



Góð þátttaka var í ferðir mótorhjólaklúbbsins í sumar og væntingar um enn öflugra starf á komandi ári.

nnan Oddfellow er fjölbreyttur hópur fólks með allskonar áhugamál. Meðal þeirra er akstur mótorhjóla en fyrr á þessu ári var stofnaður mótorhjólaklúbbur að frumkvæði Daniels Jósefssonar, bróður í Þórsteini, St. nr. 5, í Vonarstræti í Reykjavík. Þangað mættu á annan tug Oddfellowa á stofnfund í apríl sl., bræður og systur úr alls sjö stúkum af höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og frá Selfossi.

Ákveðið var að hittast og fara saman í ferðir þegar veður leyfði með vorinu. Alls var farið í sjö ferðir í sumar og segir Daniel viðtökur lofa góðu um fram-

haldið. Allir mótorhjólamenn og -konur innan Oddfellow séu velkomin í klúbbinn.

„Þegar ég gerðist meðlimur í Oddfellow árið 2019 hafði ég verið að hjóla í nokkur ár. Eitt af því fyrsta sem ég fór að líta eftir í félagsskapnum var hvort það væri ekki starfandi mótorhjólaklúbbur. Mér til undrunar var enginn slíkur klúbbur starfræktur innan okkar félagsskapar. Án þess að ræða það við nokkurn gekk ég með þá hugmynd í maganum í nokkurn tíma að reyna að koma saman hópi fólks úr Oddfellow sem hefði það sameiginlega áhugamál



Sveinn Óðinn Ingimarsson, úr stúkunnu Atla á Selfossi, mætti með heimilishundinn í eina ferðina.



Daniel Jósefsson, félagi í stúkunni Þórsteini, átti frumkvæði að stofnun mótorhjólaklúbbsins.



Daniel, annar frá hægri, ásamt félögum við bilastæðið hjá Hvalsneskirkju, skammt sunnan Sandgerðis.

að sinna og aka mótorhjólum," segir Daniel við Odd-fellowblaðið.

Keyrum saman út í sólsetrið!

Það var ekki fyrr en snemma á þessu ári sem hann ræddi við yfirmeistara Þórsteins, Harald Gunnar Hall-dórsson, um þessa hugmynd. Harald tók vel í málið og aðstoðaði Daniel við að koma út bréfi til allra stúkna, sem lesið var upp á fundum Regludeilda. Var stofnfundur boðaður í Vonarstræti 12. apríl. Tilgangur fundarins var, eins og stóð meðal annars í bréfinu: „Að finna hvert annað, kynnast hvert öðru og skipu-leggja styttri og lengri ökuferðir.“ Undir lok bréfsins ritaði Daniel: „Það eina sem þarf er áhugi til að hittast og keyra saman út í sólsetrið.“

Í kjölfar bréfsins fékk Daniel hvetjandi skilaboð frá áhugasömum reglusystkinum og stofnfundurinn tókst sem fyrr segir mjög vel. Ákveðið var að setja upp Facebook-síðu til að halda utan um klúbbinn. Rætt var um að hittast vikulega með hækkandi sól og fara saman á rúntinn. Daniel segir það hafa tekist nokkurn veginn, sjaldan hafi þurft að fresta ferð vegna veðurs, enda sumarið með eindæmum gott.

„Ég er viss um að félagsskapur þessi muni stækka og blómstra og verða okkur öllum til heilla,“ segir Daniel mótorhjólakappi að lokum í spjalli við Odd-fellowblaðið. Er rætt var við hann stóð til að klúbburinn kæmi saman til fundar í Vonarstræti í lok nóvember, til skrafs og ráðagerða fyrir hjólaferðir næsta sumars.



Meðal ferða klúbbsins var á Suðurnesin og hér hefur verið áð við Geirfuglasker og Valahnúk, skammt frá Reykjanesvita.

Fékk Covid strax í fangið

Kórónuveirufaraldurinn, kenndur við Covid-19, fór sem eldur í sinu um heimsbyggðina og leirði engum. Íslenskt samfélag fékk að kenna á því og allt félagsstarf þar á meðal. Faraldurinn hafði mikil áhrif á starf Oddfellow og þau reglusystkini sem kjörin höfðu verið til embættisstarfa fengu krefjandi verkefni í hendur, að halda úti stúkustarfinu.

Meðal þeirra var Marína Sigurgeirsdóttir, kennari við Verkmenntaskólann á Akureyri, sem var undir-
meistari og yfirmestari Rbst. nr. 16, árin 2018-2022, eða á þeim tíma sem Covid-19 herjaði á landann.

Við systur í Laufeyju fengum Marínu til að lýsa þessu tímabili fyrir okkur og hér fá lesendur Oddfellowblaðsins ágætt dæmi um hvernig var að takast á við faraldurinn í starfi Reglunnar.

-Manstu hvar þú varst stödd þegar þú áttaðir þig á að Covid væri komið í okkar nærumhverfi?

„Já, ég á mjög sterka minningu um þetta vegna þess að ég og systir mín vorum að halda upp á 90 ára afmæli móður okkar á öldrunarheimilinu Hlíð. Hún átti afmæli 28. febrúar og við höldum upp á það á hlaupársdegi 29. febrúar. Á meðan við vorum uppi í sal að halda upp á afmælið þá er deildinni hennar lokað og við máttum ekki fylgja henni þangað eða

kveðja hana. Svo man ég mjög vel þegar Verkmenntaskólanum var lokað. Stjórnendur birtust inni á matvælabraut og tilkynntu okkur að skólanum væri lokað. Þá var mér brugðið.“

Boð um að loka öllu

-Hversu margir fundir voru haldnir áður en öllu var lokað?

„Fyrsti fundur minn sem yfirmestari var 19. febrúar 2020 og næsti fundur var 4. mars og á þann fund hafði borist erindi frá systur sem hafði þekkingu á Covid og þróun mála, þess efnis að þetta væri alvarlegt og að við þyrftum að huga að þessu. Það urðu nokkrar umræður á fundinum um þetta og sérstaklega hvort við ættum að fella niður Laufeyjarkvöld, skemmtikvöld stúkunnar, sem var fyrirhugað 21. mars. Á þessum fundi fór einnig fram skrefveiting. Skömmu eftir fundinn kemur boð frá Stórstúkunni og 13. mars er öllu lokað þannig að það urðu ekki fleiri fundir á þessu vori.“

-Þannig að þú færð þetta bara strax í fangið?

„Já, bara alveg um leið. Stórstúkan gaf út þau til-
mæli að fundahöld skyldu falla niður þar til annað væri gefið út. Stjórn stúkunnar hittist alltaf eitthvað

Kokkur og kennari

Marína er fædd 9. mars 1961 og ólst upp á Lundarbrekku í Bárðardal. Hún var í skóla í Barnaskólanum í Bárðardal og Stórutjarnaskóla og tók samræmt próf í Héraðsskólanum á Laugum í Reykjadal. Alla grunn-
skólagönguna var hún á heimavist.

Marína varð stúdent frá MA 1981 og vann um sumarið á Hótel Rey-
nihlíð í Mývatnssveit. Þessi sumarvinna átti heldur betur eftir að hafa áhrif á líf Marínu en hjónin Helga Valborg Pétursdóttir og Arnþór Björnsson, sem réðu ríkjum á hótelinu, buðu henni samning í matreiðslu sem Marína þáði. Hún lauk námi sem matreiðslumaður frá Hótel- og veitingaskólanum árið 1984.

Sumarið 1985 var Marína ráðin yfirkokkur á Hótel Rey-
nihlíð og um haustið réði hún sig sem bryta við Héraðsskólann á Laugum. Þar var hún einn vetur og kenndi jafnframt við matvælabraut



Marína Sigurgeirsdóttir.

skólans. Frá Laugum fór Marína til Hríseyjar en maður hennar er þaðan. Hún kenndi við grunn-
skólann í Hrísey í tvö ár og jafnframt vann hún á veitingastaðnum Brekku í Hrísey. Eftir árin í Hrísey lá leið Marínu í Glerárskóla á Akureyri. Árið 1994 réð Marína sig til Stórutjarnaskóla þar sem hún sá um mótuneytið í þrjú ár ásamt því að kenna þar heimilisfræði.

Árið 1996 útskrifaðist fyrsti hópurinn úr kennsluréttindanámi við Háskólann á Akureyri og var Marína í þeim hópi. Hún var þá aftur orðin heimilisfræðikennari við

Glerárskóla á Akureyri en haustið 2002 hóf Marína störf í Verkmenntaskólanum á Akureyri. Þar starfar hún enn og sér um matartæknanámið. Marína er gift Jóhannesi Áslaugssyni. Þau eiga þrjá syni og tvö barnabörn og það þriðja var á leiðinni er þetta var ritað.



Hláturjoga Laufeyjarsystur í Lystigarðinum á Akureyri í maí árið 2021. Covid-grímurnar voru skemmtilega skreyttar.

og stundum rafrænt. Í september 2020 náðum við tveimur fundum. Við vorum meðal annars með minningarfund um látna systur, Dagnýju Harðardóttur. Fyrsti fjárfundurinn var jólafundur þann 2. desember 2020. Síðasti fjárfundurinn var 19. janúar 2022. En það voru auðvitað einhverjir fundir á milli."

Hélt þetta yrði bara stutt

-Hvaðan kom hugmyndin að fjárfundum?

"Stórstúkan hvatti okkur til að gera eitthvað. Fyrst kom hvatning um að vera í sambandi við systur með því að hringja í þær. Það var auðvitað frekar þungt að ætla að sitja og hringja í allar systur, en ég hringdi dálítið í elstu systurnar og athugaði með liðan þeirra og þess háttar.

Ég hélt í upphafi að þetta yrði bara stutt tímabil þar sem öllu yrði lokað. En þetta lengdist alltaf og það var þessi hvatning um að vera í sambandi. Ég sendi tölvupósta á systur og reyndi að hugsa leiðir til að vera í sambandi. Um vorið 2020 vorum við með markað þar sem við vorum með plöntur og fleira til sölu til að gera eitthvað og sjá systur. Við buðum upp á að hittast í Lystigarðinum og þar var meðal annars boðið upp á hláturjoga og ég bauð upp á gönguferðir haustið 2021. Fyrir jólin 2020 færðum við öllum eldri systurum smá glaðning."

-Ráðfærðir þú þig við aðra yfirmestara meðan þetta stóð allt saman yfir?

"Á þessum tíma var ég alltaf í sambandi við yfirmestara í Auði og Björk, þær Önnu Þóru Baldursdóttur og Eygló Hrönn Ægisdóttur. Við bárum saman bækur okkar og reyndum að hafa stuðning hver af annarri. Flest bréf Stórstúkunnar á þessum tíma voru um Covid, með leiðbeiningum, og það voru settar reglur um hvernig ætti að gera þetta og hitt. Stórstúkustjórn var sannarlega að leggja sig fram

um að leiðbeina og það var alltaf þessi hvatning að hafa fjárfundi og vera með dagskrá. Á þessu tímabili voru átta fjárfundir en það má segja að allt starf hafi legið meira og minna niðri í heilt ár. Það voru fundir í mars 2021 en svo er ekkert fyrr en bara um haustið. Við byrjum með þvílíkum krafti haustið 2021. Þann 1. september tókum við aukafund, sem við höfðum fengið leyfi fyrir og tókum tvo vígslufundi og einn skreffund á sama kvöldinu. Við vígðum fjórar systur, tvær í senn og það voru fimm systur á sannleiks-skrefi.

Á tíma mínum sem yfirmestari voru skráðir 26 fundir. Þar af voru níu hefðbundnir stúkufundir, átta fjárfundir, einn jólafundur, einn innsetningarfundur, ein minningarathöfn, þrír vígslufundir og þrír skreffundir. Vígslu- og skreffundirnir voru allir í september og október 2021, fyrir utan þennan eina sem var í mars 2020. Það var vandasamt að finna út úr hvernig við ættum að hafa vígslu- og skreffundina þannig að við brytum ekki sóttvarnareglur. Við vorum með einnota hanska og grimur, það mátti ekki snerta, það mátti ekki leiða og svo framvegis, þannig að maður þurfti að hugsa sig vel um hvernig maður ætti að bera sig að."

-Þetta var ekki eins og þú sást yfirmestarastarfið fyrir þér?

"Nei, ég hafði hlakkað til að verða yfirmestari og fannst ég hafa mikið að gefa og leið vel að vera í for-sæti. Þannig að þetta var algjörlega áskorun í hina áttina að takast á við. En ég hef ekki neikvæða tilfinningu fyrir þessu."

-Varð mikið brottfall systra á þessum tíma?

"Nei, það varð ekki. Hins vegar hefur okkur ekki gengið nægilega vel að halda í þær systur sem voru vígðar í september 2021, þegar við vorum að byrja aftur, tvær þeirra hafa sagt skilið við regluna."

–Er það vegna þess að við gátum ekki haldið nógu þétt utan um þær, fylgt þeim eftir?

„Ég held að það sé þessi lærdómur að við eigum bara að vígja tvær í einu og fylgja þeim vel eftir. Við fengum sérstaka undanþágu frá Stórstúkunni vegna þess að í þessum hópi voru konur sem voru búnar að biðla lengi eftir að komast inn í Regluna. Við vorum með inntökubeiðnir sem voru komnar á annað ár sem ekki hafði verið hægt að bregðast við.

Síðasti fjarfundurinn var í janúar 2022 og stjórnarskiptin fara svo fram í febrúar 2022. Á þessu Covid tímabili verður til eitthvert gap. Nýjum systurum var ekki fylgt nógu vel eftir og þeim gekk illa að fóta sig í starfinu og átta sig á hlutverkum sínum. Við stjórnarskiptin voru fjöldatakmörkanir og einungis systur sem voru að fara úr eða taka við embættum var boðið. Þarna fengu nýjar systur ekki að sjá og upplifa stjórnarskipti sem er svo mikilsvert.“

Snúið að koma öllu í gang á ný

–Svona að lokum, hvernig gekk svo starfið þegar það fór af stað aftur?

„Eftir Covid, þegar við fórum að hittast aftur, var fundasókn með besta móti og það var svo mikil gleði að geta hist. Þá sá maður hvað samveran skiptir miklu máli. Það hafði verið góð þátttaka á fyrstu fjarfundunum en svo fór að draga úr henni, kannski vegna þess að þeir urðu frekar einhæfir. Það var margt sem við máttum ekki gera á fjarfundum samkvæmt leiðbeiningum frá Stórstúkunni. En við reyndum að gera vel og hafa fundina fjölbreytta. Við vorum með ýmsa fræðslu og einnig liðinn *Systur hafa orðið*, bókakynningar og á einhverjum fundum vorum við með hatta og fleira til að lifga upp á þá. Vorið 2021 setti ég mér það fyrir að hringja í að minnsta kosti þrjár systur í hverri viku. Ég hringdi, t.d. í þær sem aldrei komu á fjarfundina.

Á Covid tímanum lá nefndastarf meira og minna niðri og þessi blanda af eldri systurum og yngri varð ekki sem skyldi innan nefnda og það má segja að það hafi verið hálfgerð rof víða og býsna snúið að koma öllu í gang á ný. Það varð ekkert brottfall systra úr Laufeyju í Covid og ég held að það sé alltaf áskorun að kynna Oddfellowstarfið þannig að fólk viti að hverju það gengur þegar það kemur í Regluna, það viti að þetta er skuldbinding. Þetta er félagsskapur sem gefur þér ef þú gefur honum. Í starfi mínu sem fyrstum yfirmestari þá fæ ég að fræða og fylgja nýjum systurum eftir og það finnst mér mjög mikilvægt og eiginlega mest gefandi í starfinu.“

Leið Marínu inn í Oddfellowregluna lá meira og minna í gegnum móðursystur hennar, Áslaugu Kristjánsdóttur. Marína sá hvað félagsskapurinn í Oddfellow var henni mikils virði, studdi hana á erfiðum tímum og var á stundum hennar líflína. Marína hefur líka alltaf fundið hjá sér þörf fyrir að láta gott af sér leiða og að vera í Oddfellow er sannarlega góð leið



Marína ásamt manni sínum, Jóhannesi Áslaugssyni.

til þess. Þó Áslaug hafi kynnt Oddfellow fyrir Marínu var það samkennari hennar úr Glerárskóla, Þóranna Þórðardóttir, sem var hennar tillögumaður.

Að lokum fylgir hér jólakveðja sem systir Hallfríður Lilja Einarsdóttir, Friða, sendi okkur systurum í Laufeyju um jólin 2021. Friða lést þann 11. september síðastliðinn.

*Senn er liðið undarlegt ár
sem einkennt hefur veirufár.
Háski er alla heimsbyggð skekur
hugarvöl og ótta vekur.*

*Útgöngubann í ýmsum borgum
bisness liggur niðri á torgum
ferðamennska er fallin í valinná fjarvinnslu
margur að verða galinn.*

*En vísindin efla alla dáð
árangri góðum hafa náð.
Mannsbörn hætta að barma sér
því bóluefni í augsýn er.*

*Höldum því hóflega jólagleði
hátíðlega við blöndum geði
í smáum hópum, varkár verum
virðingu hvert fyrir öðru berum.*

*Enn er í gildi, þórrann að þreyja
þolinmóð betri tíma að eygja.
Þá fellur allt í ljúfa löð
lífinu fögnum sæl og glöð.*

*Höfundar: Dagný Elfa Birnisdóttir og Helga Ragnheiður
Gunnlaugsdóttir, Rbst. nr. 16, Laufeyju*



Kátir bræður úr Agli í vorferð úr Borgarfirði suður með sjó.

Undanfarin ár hefur sú hefð skapast hjá St. nr. 8, Agli, að efna til Bræðrakvölds að vori, um það leyti sem hlé er gert á fundum stúkunnar. Þar bjóða bræður gestum til að þiggja veitingar, eiga skemmtilega kvöldstund og hafa í hávegum þau gildi að maður sé manns gaman.

Verkefnasjóður stúkunnar sér um skipulagningu og framkvæmd kvöldsins. Undanfarin ár hefur verið efnt til happdrættis þar sem veglegir vinningar hafa verið í boði og þetta árið var engin undantekning gerð. Ræðumaður kvöldsins var br. Ásmundur Friðriksson, St.nr. 26, Jóni forseta.

Ásmundur sagði gestum skemmtisögur af fólki og atburðum úr Eyjum á sinn einstaka hátt og ræddi einnig um mikilvægi bræðralagsins, innan og utan funda og ekki síst það að rækta venskapinn. Kvöldið sóttu um 70 bræður og gestir þeirra, og frábær stemmning var í hópnum. Viðburður sem þessi

styrkir bræðrabandið og samheldnina í stúkustarfinu, og við finnum fyrir auknum meðbyr innan og utan hefðbundinna funda. Að mínu mati er því mikilvægt fyrir allt stúkustarf að huga að slíkum viðburðum.

Ferðast suður með sjó

Kátir voru karlar... er sungið við hin ýmsu tækifæri og það voru kátir bræður ofan af Akranesi sem héldu í sína árlegu vorferð sem skemmtinefnd Egils, stóð fyrir með miklum sóma. Þetta vorið var sótt suður með sjó. Í Þorlákshöfn tók br. Guðni Helgi Pétursson í St. nr. 17, Hásteini, á móti okkur Egilsbræðrum og sýndi okkur þá miklu uppbyggingu sem hefur átt sér stað í sveitarfélaginu undanfarin misseri. Eftir að hafa fengið sóknarkraftinn í Ölfusbúum beint í æð var ekið með hópinn um Suðurstrandarveg til Grindavíkur. Eftir ógleymanlegt fish'n chips á veitingastaðnum Pabas hittum við fyrir br. Styrmi Jóhannsson úr St. nr.13, Nirði. Hann fór með okkur um bæinn og höfðu bræður úr Agli á orði hvað það var óraunveruleg upplifun að sjá með eigin augum þær hamfarir sem hafa dunið á samfélaginu.

Frá Grindavík var haldið út í Garð þar sem við áðum í Litla Brugghúsinu og fengum fræðslu um framleiðslu þeirra og örlítið smakk áður en haldið var inn í Njarðvík. Það var herjað á herrafataverzlunina Marion, þar við þaðum pinnamat og smakk að launum fyrir kaup á fallegum og vönduðum fatnaði. Að lokum var stoppað á Fjörukránni og fyllt á tankinn fyrir heimferðina. *Ög allir komu þeir aftur...*



Ásmundur Friðriksson ásamt bræðrum úr Agli, fyrrum stórsir, Guðmundi Eiríkssyni, og Konráð Konráðssyni, stórféhirði.

Höfundur: Guðni Eiríkur Guðmundsson, St. nr. 8, Agli

Heilluð af reglustarfinu

Ég þurfti að klípa mig í handlegginn þegar mér var boðið að taka starfið að mér. Ég átti virkilega ekki von á þessu, en fannst þetta svo sannarlega alveg sniðið fyrir mig. Það kom mér verulega á óvart þegar ég fékk símhringingu og var boðuð í viðtal, fyrst og fremst vegna þess að ég er ung í Reglunni og á ekki langa sögu hér," segir Hanna Guðfinna Benediktsdóttir, nýr skrifstofustjóri Oddfellow-reglunnar, sem kemur úr Rbst. nr. 10, Soffiu. Hún tók við starfinu 1. september sl. af Halldóri Þórði Haraldssyni úr St. nr. 5, Þórsteini, sem á síðasta stórstúkuþingi var kjörinn nýr stórritari bræðra.

Hanna Guðfinna gekk í Oddfellowregluna fyrir tæplega tveimur árum og frá því að hún var ráðin skrifstofustjóri hefur hún nýtt haustmánuðina vel.

Hent út í djúpu laugina

„Mér var dálítið hent út í djúpu laugina af því ég hóf störf þegar allt var að fara í gang. Halldór Þórður hefur verið mér til halds og trausts síðustu mánuði og maður kemur ekki að tómun kofanum þar. Hann er búinn að vera alveg frábær," segir Hanna Guðfinna sem er með meistaraþráðu í alþjóðastjórnun og bókmenntafræði. Starfsferillinn er fjölbreyttur en hún hefur yfir 25 ára reynslu í skrifstofurekstri og fjármálastjórn í ýmsum fyrirtækjum, allt frá heildsölu til nýsköpunarfyrirtækis.

Hanna Guðfinna kveðst mikil fjölskyldukona í kjarnanum, en hún nýtur sín best í faðmi fjölskyldunnar og í góðri hreyfingu, í guðs grænni náttúrunni eða með góða bók við hönd. Hún er í sambúð með Birni Ásgeiri Björnssyni og eru þau frumbyggjar í Kórahverfi í Kópavogi. Börn þeirra á aldrinum 19-25 ára eru Silva Bentína, Ásdís Birta og Björn Elí.

„Ég hef leynt og ljóst verið að líta í kringum mig undanfarin eitt til tvö ár, og leita að einhverju spennandi. Árið 2015 keyptum við maðurinn minn lítið íbúðarhótel og vorum með það í rekstri fram að heimsfaraldri. Þá skelltum við í lás og settum í langtímaleigu. Síðar gerðum við samning við skóla á vegum utanríkisráðuneytisins sem leigir af okkur fasteignina og nýtir sem heimavist. Þá ákvað ég að skella mér í MBA nám, en ég er fyrir með meistaraþráðu í alþjóðastjórnun," segir Hanna Guðfinna, en námið stundaði hún í Oxford í Englandi við skólann Oxford Brookes University.

Manns eigin stund að mæta niður í hús

Hún kveðst lengi hafa haft hug á því að ganga í Oddfellowregluna áður en hún lét til skarar skriða. „Síðan einhvern veginn gerist lífið og allt í einu er maður orðinn „fimmþíu plús“ og veit ekki hvert tíminn hefur



Hanna Guðfinna Benediktsdóttir tók við starfi skrifstofustjóra Oddfellow síðastliðið haust.

farið," segir hún, en faðir hennar, Benedikt Tryggvi Sigurðsson, var stofnfélagi í St. nr. 6, Ara fróða.

„Ég fæddist í Reykjavík. Mamma, Ásta Kristín Nielsdóttir, er Ísafirðingur og pabbi er ættaður að vestan. Við fluttum til Ísafjarðar þegar ég var þriggja ára og bjuggum þar þangað til ég varð 18 ára. Pabbi gekk í Oddfellowregluna þar í St. nr. 6, Gest. Reglan hefur því lengi verið í bakgrunni heimilislífsins, eiginlega frá því ég man eftir mér. Af því að pabbi var þarna hefur Oddfellowreglan alltaf verið félagskapur sem ég hef séð fyrir mér að ganga í," segir Hanna Guðfinna sem nefnir að það hafi strax verið tekið vel á móti henni í Reglunni.

„Pabbi var nú ekki að gefa mér upplýsingar og ég ekki að sækjast eftir þeim á þann hátt því jú, ákveðin leynd ríkti yfir starfinu. Þannig renndi ég að vissu leyti blint í sjóinn. Ég vissi þó fyrirfram að einhverju leyti út á hvað starfið gengi, en hafði samt enga inn-sýn í það nema að því leyti sem er opinbert. Mér fannst þetta alveg frábært frá fyrstu stundu. Það var einhvern veginn andinn og viðhorfið. Það var strax tekið utan um mig þegar ég kom inn og mér fannst þetta frábært frá fyrstu stundu," segir Hanna Guðfinna, og bætir við:

„Allir þeir sem ég hef kynnst eiga það sammerkt að hafa nokkurn veginn sömu lífsgildi. Það er svo mikil jákvæðni, samheldni og samhygð sem ég upplifi. Þetta er algjörlega manns eigin stund að mæta niður í hús og verja þar tíma. Það er erfitt að lýsa því með orðum.”

Tækifæri framundan í húsnaðismálunum

Aðspurð kveðst hún vera í stöðugu sambandi við fólk alla daga fyrstu vikunnar í starfi. „Ég er nú ein á skrifstofunni og ég hef alveg rætt við systur og bræður sem hafa haft af því áhyggjur að ég sé ein alla daga. Ég upplifi þetta ekki þannig, bara alls ekki. Ég hef haft forvera minn með mér núna í tvo mánuði, en síðan er ég líka í samskiptum við fólk alla daga, annað hvort í tölvupósti eða síma og síðan er stöðugt renneri af fólki í húsinu. Ég upplifi alls enga einmanakennd og það eru mjög fjölbreytt verkefni sem koma inn á borð á skrifstofunni,” segir Hanna Guðfinna.

Hún segir fyrri reynslu sína nýtast mjög vel, en einnig hafi hún þurft að tileinka sér nýja hluti, ekki síst í tengslum við sérkenni á starfsemi Oddfellow.

„Ég hef bakgrunn úr því að reka skrifstofu og því fylgja ýmsir vinklar sem ég þekki mjög vel. Ofan á það kemur síðan allt það sem tengist sérstaklega starfi Oddfellowreglunnar sem ég þekkti síður vegna þess að ég hef ekki mjög langa reynslu úr starfinu. Ég upplifi þetta jákvætt af því mér finnst virkilega gaman að læra nýja hluti og takast á við ný verkefni. Ég er heilluð af reglustarfinu og það gerir þetta ennþá skemmtilegra,” segir Hanna Guðfinna.

„Það er hægt að horfa á þetta á tvennan hátt. Það getur verið kostur og ókostur að hafa ekki meiri reynslu af starfinu. Ég geng auðmjúk inn í þetta og ber mikla virðingu fyrir öllu fólkinu sem ég er að vinna með og kynnast. Alls staðar upplifir maður sama viðmótið; jákvæðni, gleði, samkennd og samhygð. Hér róa allir í sömu átt,” segir hún.



Hanna ásamt manni sínum, Birni Ásgeiri Björnssyni.

Talið berst að framtíðinni og næstu verkefnum Oddfellowreglunnar, en Hanna Guðfinna nefnir sérstaklega í þessu sambandi spennandi tíma í húsnaðismálunum. „Það eru breytingar í vændum enda er nýtt hús að rísa í Vínstraeti. Ég veit ekki betur en að skrifstofan verði áfram hér í Vónarstraeti, en geri ráð fyrir að það verði breyting á starfinu þegar einhverjar stúkur flytja í Urriðaholtið,” segir Hanna Guðfinna sem kveðst bjartsýn.

„Ég sé bara tækifæri framundan hvað þetta varðar. Ég held það sé öllum til góðs að þarna rísi nýtt hús. Hvað verður í Vónarstraeti hef ég ekki hugmynd um, en mér finnst húsið hér alveg einstakt. Hér er góður andi og ég kann mjög vel við mig þótt maður upplifi sig kannski stundum sem Palla sem var einn í heiminum í þessu stóra húsi, en það er bara snemma á morgnana. Síðan lifnar húsið við og það er alltaf einhver hér á ferðinni. Það er mikil sál í þessu húsi,” segir hún að endingu og er þakkað spjallið.

Höfundur: Jón Birgir Eiríksson, St. nr. 5, Þórsteini



Hanna að lokinni útskrift í MBA-námi í Oxford Brookes University.



Fjölskylda Hönnu Guðfinnu saman á góðri stund.

Fátt skemmtilegra en að skemmta heilabiluðum



Margrét Sesselja, ásamt manni sínum, Ólafi Guðmundi Emilssyni, og félaga í Elligleði, Stefáni Helga Stefánssyni.

Margrét Sesselja Magnúsdóttir í Rebekkustúku nr. 8, Rannveigu, og Stefán Helgi Stefánsson tenór hafa haldið úti söngskemmtuninni *Elligleði* fyrir heilabilað fólk á lokuðum og opnum deildum stofnana í tæplega 17 ár, frá því í lok mars 2009, og hafa sett stefnuna á að halda áfram í rúm þrjú ár til viðbótar. „Við viljum verða tvítug,“ segja þau um framtakið, sem veitir ekki aðeins viðstöddum mikla gleði hverju sinni heldur hafa þau líka ómælda skemmtun af framtakinu.

Sessa, eins og Margrét Sesselja er kölluð, ákvað að fá Stefán og Davíð Ólafsson til að syngja fyrir móður sína, sem var mjög veik af alzheimer á Hrafnistu í Reykjavík, þegar hún varð níræð 10. desember 2008, og þar með var tónninn sleginn. „Við systkinin vildum gera eitthvað fyrir mömmu, þegar hún var níræð, og eftir að ég heyrði að Stefán og Davíð hefðu sungið fyrir móður vinkonu minnar, þar sem allir hefðu skemmt sér konunglega, sló ég á þráðinn.“

Söngurinn bætir lífið

Til nánari útskýringar bendir Sessa á að minnisglöp hrjai heilabilað fólk.

„Við hefðum getað boðið upp á flotta rjómatertu en korteri eftir að hún væri búin hefði mamma verið vis til að fara til starfsmanna og spurt hvort ekki færi að koma kaffi og með því. Við gátum ekki gefið henni föt, því hún hefði verið vis til að sofna í þeim og klæða sig síðan í önnur föt utan yfir daginn eftir. Í stuttu máli vorum við eiginlega orðin strand, þar til vinkona mín sagði mér frá uppákomu hjá móður sinni, þar sem Stefán og Davíð skemmtu. Ég ræddi málið fyrst við hjúkrunarfræðinginn á deildinni á Hrafnistu og við-brögðin voru svo góð að ég hélt settu marki.“

Að veislunni lokinni segist Sessa ekki hafa leitt hugann að frekari uppákomum. Hins vegar hafi ekki farið framhjá neinum hvaða áhrif söngurinn hafi haft á fólkið á lokuðu deildinni.

„Það hafði í raun ekkert fyrir stafni í hjólastólum

sínum, var nánast hreyfingarlaust og starði út í loftið, en þegar söngurinn brast á lifnaði það við, fór að hreyfa sig með músikinni og syngja með. Ánægja skein úr hverju andliti. Þetta hafði ég aldrei séð á þeim fimm eða sex árum, sem mamma hafði verið þarna, og þegar ég hugsaði um þetta frekar vildi ég gera mitt til þess að hægt væri að endurtaka leikinn, því þessa gleði hafði ég aldrei upplifað hjá þessu fólki."

Besta hugmyndin

Í kjölfarið hafði Sessa samband við Stefán og bað hann um að koma aftur. „Virðingin og umhyggjan sem hann sýndi hverjum einstaklingi var með því líkum fádæmum að ég iðaði í skinninu að gera meira af þessu."

Hún hafi nefnt þetta við eiginmann sinn, Ólaf Guðmund Emilsson í Stúku nr. 14, Bjarna riddara, og hann hafði reynt að draga úr sér. „Ertu brjáluð. Svona menn geispa ekki fyrir minna en 50 þúsund kall. Er ekki í lagi með þig kona! Ég lét þetta samt ekki á mig fá, hringdi í Stebba og sagði honum hvað ég væri að hugsa. Hann steinpagði í dagóða stund og það hvarflaði að mér að hætta við og leggja á, en þá svaraði hann: þetta er besta hugmynd sem ég hef heyrt lengi. Það var eins og hann hefði bedið eftir þessu."

Elligleði byrjaði í Drafnarhúsi í Hafnarfirði og síðan bættust við aðrir staðir. „Við vildum ná til fólksins sem gat ekki verið með í neinu starfi og höfum lagt áherslu á það frá byrjun," leggur Sessa áherslu á. „Markmið mitt hefur alla tíð verið að auka velliðan fólks og veita birtu og yl inn í líf þess."

Óvenjuleg viðbrögð

Í því sambandi rifjar Stefán upp stund að lokinni skemmtun í Holtsbúð í Garðabæ eitt sinn. „Á leiðinni fram gekk kona til mín og sagði takk fyrir, þetta var gaman. „Hún brosti svo blítt til þín," bætir Sessa við. Stefán segir að starfstúlka við hliðina á þeim hafi fólnað og tárast. „Þetta þarf ég að skrifa í rap-

portið, því þessi kona hefur ekki talað í tíu mánuði," sagði hún.

Boltinn er farinn að rúlla og Stefán rifjar upp annað atvik, á Skjól. Aðstandandi konu þar hafi sagt sér að konan sýndi aldrei nein viðbrögð nema þegar hann væri að syngja Blátt litið blóm eitt er.

„Hún bað mig þess vegna að koma á titeknum tíma á Skjól, þar sem ætti að taka mynd af fjölskyldunni með konunni, vera fyrir aftan ljósmyndarann og syngja lagið. Hann tæki myndina um leið og hún brosti. „Ég varð við óskinni, stillti mér upp, söng lagið, gamla konan brosti og myndin var tekin."

Sessa hefur séð um alla skipulagningu og fyrstu árin sinnti hún jafnframt fjáröflun til að standa undir kostnaði. Hún leitaði víða fanga, meðal annars hjá Oddfellowstúkum. „Ég tók allan kostnað samviskusamlega saman og var ánægð með hvern fimm þúsund kall sem við fengum en svo fjöruðu styrkir út."

Hálftímalöng skemmtunin hefur fyrst og fremst verið á föstudögum en líka aðra daga, einkum fyrstu árin, þegar þau fóru á hátt í 50 deildir á ári. Þá heim-sóttu þau gjarnan þrjár deildir annan daginn og fjórar hinn, en í sumum tilfellum eru fleiri en ein deild innan sömu stofnunar. Eitt árið var ákefðin svo mikil að þau fóru í yfir 400 heimsóknir, en nú fara þau í um 80 til 90 heimsóknir á um 30 lokaðar deildir á ári.

Faðir Stefáns var Stefán Stefánsson Stefánssonar Stefánssonar Guðmundssonar óperusöngvara eða Stefáns Íslandi.

„Fólk er gjarnan í sínum tíma og ég kynni oft langafa minn til leiks enda var hann fólksins maður á sínum tíma. Allir Stebbarnir fá gjarnan smá kynningu og einu sinni heyrði ég í tveimur mönnum á einni deildinni. „Hvað sagðist hann heita," spurði annar. „Ég heyrði Stefán Íslandi," svaraði hinn. Þá horfði sá fyrrnefndi fast á mig og sagði: „helvíti hefur karlinn haldið sér vel."

*Höfundur og ljósmynd:
Steinþór Guðbjartsson, St. nr. 11, Þorgeiri*



Sérhæfum okkur í hreinsun á einkennum og viðkvæmum fatnaði

Símanúmer fyrir hreinsun á einkennum er 8571360

BJÖRG
MJÓDD

Munið afsláttinn ykkar kæru bræður og systur



Listaverkið Brákin, sem Bjarni Þór Bjarnason gerði og stendur á Suðurnesi í Borgarnesi.

Matriarkar í Rebekkubúðum nr. 4, Brák, fóru í sína árlegu skemmtiferð í júní sl. og lögðu leið sína í Borgarnes undir yfirskriftinni „út að leika.“ Mjög góð þátttaka var í ferðinni, eða 70 matriarkar.

Ferðin hófst á kirkju- og sögustaðnum Borg á Mýrum, þar sem rifjuð var upp saga staðarins og fengin góð leiðsögn um kirkjuna. Frá Borg lá leiðin niður í Borgarnes til að skoða sig betur um þar. Í lok dags var snæddur kvöldverður á Hótel Vesturlandi.

Þorgerður brák

Rauði þráðurinn í heimsókninni í Borgarnes var Þorgerður brák eða Brák eins og hún er oftast kölluð. Rýnt var í sögu hennar og sagt frá því sem ritað er og túlkað hvað í þeim fáu orðum liggur.

Íslendingasögurnar eru fyrst og fremst sögur karla, og þá aðallega höfðingja, og ekki var eytt miklu rými í að segja frá öðrum, hvað þá þrælum. Þó eru þrjár ambáttir nafngreindar í Íslendingasögunum. Auk Brákar eru það Bóthildur í Gísla sögu Súrssonar, sú sem hjálpaði Gísla Súrssyni að komast undan á flóttu úr Hergilsey, og Melkorka Mýrkjartansdóttir, barnsmóðir Höskuldar Dala-Kollssonar, sem fjallað er um í Laxdælasögu. Allar höfðu þessar konur afgerandi áhrif á gang mála þar sem þær komu við sögu.

Þorgerður brák var ambátt af írskum ættum. Eigandi hennar var Skallagrímur Kveldúlfsson sá sem nam land á Borg á Mýrum. Hún var föstra Egils, sonar Skallagríms. Við vitum ekki um útlit hennar en ef til vill segir viðurnefnið sína sögu í því sambandi en áhaldið brák var notað til að mýkja leður

og oftast gert úr hrútshorni, hörðum og grófgerðum efnivið. Maður getur aðeins ímyndað sér tengslin en tæplega hefði fingerð og smáfríð kona fengið þetta viðurnefni enda er henni lýst svo í Egilssögu: „Hún var mikil fyrir sér, sterk sem karlar og fjölkunnig mjög.“

Egilssaga lýsir erfiðu sambandi Egils og foreldra hans enda var hann einþykkur og skapstór og þeir feðgar báðir. Brák kemur ef til vill í stað foreldranna að einhverju leyti, bæði í uppeldislegu og tilfinningalegu samhengi. Hún þurfti að huga að klæðum hans og fæði eins og föstrur gerðu almennt en einnig má lesa út úr textanum ríka ábyrgð hennar og umhyggju fyrir Agli. Einnig eru uppi kenningar um að hún hafi verið skáldmælt og frætt hann og veitt innblástur í skáldskap hans.

„Hamask þú nú að syni þínum“

Eitt sinn að vetri til var knattleikur í Sandvík sem nú er komin undir byggð í Borgarnesi. Skallagrímur, Egill og Þórður Granason, félagi Egils, tóku meðal annarra þátt í leiknum. Þar var Þorgerður brák einnig stödd. Við getum velt fyrir okkur af hverju. Hún var ambátt og hafði áreiðanlega skyldum að gegna og næg verkefni heima á Borg. Ekki er ólíklegt að ástæðan hafi verið áður nefnd umhyggja fyrir Agli, hún hafði trúlega áhyggjur af honum og af leikslökum. Hún þekkti skap feðganna Skallagríms og Egils og grunaði hið versta enda kom á daginn að full ástæða var fyrir áhyggjum hennar. Þegar leið á daginn fór Skallagrímur að þreytast og ganga verr í knattleiknum. Hann reiddist, þreif fyrst til Þórðar, vinar Egils, og drap hann. Þá sneri hann sér að Agli,

syni sínum, og gerði sig líklegan til að ráðast á hann. Þá greip Þorgerður brák inn í og sagði það eina sem eftir henni er haft í sögunni: „Hamask þú nú, Skallagrimur, að syni þínum.“

Við þessa truflun sleppti Skallagrimur Agli, æddi að Brák sem tók á rás og hljóp undan honum niður allt Digranes, eins og Borgarnes var kallað á þeim tíma, um tveggja kílómetra leið, niður að Brákarsundi. Hún stókk út af bjarginu til sunds. „Skallagrimur kastaði eftir henni steini miklum, ok setti milli herða henni, ok kom hvártki upp síðan,“ segir í Egilssögu. Við komum aftur að steininum síðar.

Með þessum afskiptum bjargaði Þorgerður brák lífi fóstursonar síns, Egils Skallagrimssonar. Það segir sína sögu um tengsl þeirra og tilfinningabönd að Egill sýndi fóstur sinni þann sóma að nefna elstu dóttur sína eftir henni en ekki móður sinni eða öðru skyldmenni.

Það er athyglisvert að báðar þessar konur og nöfnur björguðu lífi Egils, í fyrra skiptið var það fóstur hans, Þorgerður brák, en í seinna skiptið nafna hennar Þorgerður Egilsdóttir. Hún kom föður sínum til aðstoðar þegar Böðvar bróðir hennar var nýlátinn. Egill lá rúmfastur, yfirkomin af harmi og ætlaði að svelta sig í hel. Þorgerður gerði sér ferð heiman frá sér frá Hjarðarholti í Dölum að Borg. Hún blekkti Egil til að borða og drekka og hvatti hann til að yrkja sig frá sorginni. Fyrir áhrif Þorgerðar orti Egill faðir hennar hið þekktu kvæði Sonatorrek.

Borgnesingar hafa alltaf haft miklar mætur á Þorgerði brák og minnst hennar á margvíslegan hátt. Þar eru Brákarbraut, björgunarsveitin Brák og hjúkrunarheimilið Brákarhlið, svo eitthvað sé nefnt. Árið 1997 var listaverkið Brákin reist til heiðurs henni. Það var afhjúpað á Suðurnesi í Borgarnesi í október 1997. Verkið er eftir listamanninn Bjarna Þór Bjarnason. Fyrirmyndin er hrúts horn en úr þeim var gert áður nefnt áhald til að mýkja skinn og kallað brák.

Fundahamar frá Siggú á Grund

Þá komum við aftur að steininum sem banaði Brák. Í aðdraganda stofnunar Rebekkubúðanna Brákar þurfti að útvega fundahamar. Haft var samband við Sigríði Kristjánsdóttur á Grund eða Siggú á Grund eins og hún kys að kalla sig, þekktan og afar færan tréskera og hún fengin til verksins. Hún fékk



Kirkjustaðurinn Borg á Mýrum var heimsóttur í ferðinni.

það verkefni að forma hamarinn í mynd steinsins sem banaði Brák. Fljótlega var ákveðið að hafa ekki hefðbundið skaft á hamrinum. Í stað þess kom nett handfang ofan á hann og er steinvala úr hamrinum við Brákarsund greipt í handfangið. Undir hamarinn/steininn skar Sigga myndarlega stétt sem í er skorið nafn búðanna og hlekkir Oddfellowreglunnar.

Einhverjum kann að þykja undarlegt að velja drápstól sem fyrirmynd að fundahamri. Við lítum þó ekki svo á. Í hvert sinn sem við lítum hamarinn augum minnumst við eins þekktasta líknarverks úr Íslendingasögunum þegar Þorgerður brák bjargaði lífi Egils Skallagrimssonar sem hún galt vissulega fyrir með lífi sínu.

Örlög Brákar urðu Valdís Halldórsdóttur að yrkisefni. Hér má sjá eitt erindi úr ljóði hennar:

*Hinn grái straumur gárar sundsins ál.
Grátvana rómi óma klettaprepín.
Hún kenndi landsins mesta skáldi mál,
móðgaði ríkan eiganda sinn, - var drepín.*

*Höfundar:
Herborg Pálsdóttir og Arna Einarsdóttir,
Rbb. nr. 4, Brák*

*Myndirnar af kirkjunni og listaverkinu: Guðrún Jónsdóttir.
Myndin af fundarhamrinum: Carsten J. Kristinsson.*

Heimildir:

1. Egilssaga, óþekktur höfundur. Útg. Sigurður Kristjánsson í Reykjavík 1910
2. Grein Snorra Þorsteinssonar í Lesbók Morgunblaðsins 16. maí 1998



Nýja stúkan Briet með sterk gildi

Stúkan Briet, Rbst. nr. 21, var stofnuð vorið 2024 og hefur nú starfað í eitt og hálf ár. Hún ber nafn sitt með stolti eftir Brieti Bjarnhéðinsdóttur, einni helstu brautryðjanda íslenskrar kvenréttindabaráttu. Í anda hennar endurspeglar Briet kjark, mannúð og jafnrétti, gildi sem liggja til grundvallar öllu starfi stúkunnar.

Frá upphafi var ljóst að systur í Brieti myndu byggja starf sitt á traustum grunni vináttu, kærleika og sannleika. Fyrsta stjórn Brietar var skipuð konum sem hafa unnið ótúllega að því að efla stúkustarfið og tryggja að hver systir fái að njóta sín í hlýlegu og hvetjandi umhverfi.

Á fyrsta starfsári sínu hefur Briet byggt upp hlýjan og virkan félagsskap þar sem vinátta og samheldni

eru í fyrirrúmi. Systur hittast reglulega og taka þátt í fjölbreyttu starfi, sem hefur bæði eftt tengsl og styrkt systur í stúkunni sem heild.

Í vorferð Brietar lögðu systur land undir fót, klifruðu á Grábrók og heimsóttu systur Hrafnhildi Bergsdóttur en hún og maki hennar Þröstur Júlíusson tóku á móti systurum eins og þeim einum er lagið í sumarbústað sínum. Buðu upp á gírnilegan kjúkling og meðlæti.

Hátíð hjá systur Hönnu

Afmælishátíð Brietar var haldin heima hjá systur Hönnu G. Danielsdóttur, sem bauð upp á veitingar, en systur lögðu jafnframt fjárframlag í fjáröflunarsjóð stúkunnar. Undir vorsólinni fögnuðum við



Brietarsystur fóru upp á Urriðaholtið, þar sem nýtt Regluheimili er að rísa.



Margt hefur verið gert á fyrsta heila starfsári Brietar, t.d. kaffifundir, vorferð og afmælishátíð á heimili systur Hönnu G. Danielsdóttur.



fyrsta starfsári Brietar og erum við ánægðar með hvernig okkur hefur tekist til við að ljúka þessu fyrsta starfsári.

Minnst var Brietar Bjarnhéðinsdóttur á kvenréttindadaginn sem var haldinn með glæsibrag hjá systur Þóru Egilsdóttur og markaði hann formleg lok starfseminnar fyrir sumarið. Þrjár systur auk str. Þóru lögðu til veitingar og létu allar systur fjárframlag af hendi rakna til líknarsjóðs.

Gönguferðir og bíóferðir hafa orðið fastur liður í starfseminni. Þær skapa tækifæri til samtala, hlátra og samstöðu í dagsins önn.

Þrátt fyrir sumarhlé hafa systur haldið áfram að hittast í gönguferðum og viðburðum, og þar hefur vináttan blómstrað áfram. Þar má nefna að Brietar-systur fengu kynningu á byggingu Oddfellow-hússins í Urriðaholti hjá bróður Auðuni Kjartanssyni. Þá er líka hugsað um „heldri systur“ og sérstakt kaffiboð haft fyrir þær þar sem ekki hafa þær alltaf

tök á því að taka þátt í öðru félagsstarfi stúkunnar. Aukin samkennd hefur verið áberandi, nýjar systur eru velkomnar af hlýju, fá stuðning og leiðsögn frá reynslumeiri systurum, og finna fljótt að þær tilheyra lifandi og kærleiksríkum félagsskap.

Samverustundirnar hafa orðið eftirminnilegar. Þær eru vettvangur til umræðu, söngs, hláturs og hlúa að tengslum. Þar birtist vináttan í sinni tærustu mynd.

Á aðeins einu og hálfu ári hefur Briet skapað sér traustan sess sem hlý og samheldin stúka, þar sem vinátta og samkennd eru leiðarljós. Þar lifa gildin ekki aðeins í orðum, heldur í verki, í hlátri, samveru, kærleika og samhug. Briet stendur sem lifandi dæmi um það hvernig vinátta getur orðið afl til góðs, fyrir systurnar sjálfar og samfélagið allt.

Höfundur:

Hanna G. Danielsdóttir, Rbst nr. 21, Brieti.

Gáfu 1,4 milljónir til fjögurra aðila



Systur úr Rebekkustúkunnri Brieti ásamt fulltrúum Konukots og félaganna Gleym mér ei og Ljónshjarta.

Brietarsystur geta með stolti og þakklæti horft til baka eftir sitt fyrsta starfsár. Með samhug, gleði og vináttu að leiðarljósi tókst þeim að safna fjármunum í sjóð sem gerði þeim kleift að veita alls 1,4 milljónum króna í styrki til fjögurra aðila; félagsins Gleym mér ei, Konukots, samtakanna Ljónshjarta og Minningarsjóðs Bryndísar Klöru. Voru styrkirnir afhentir í sumar.

Félagið *Gleym mér ei* hefur þann tilgang að vera til staðar fyrir þau sem missa barn á meðgöngu og í eða eftir fæðingu.

Konukot veitir skjól, aðstoð og stuðning fyrir konur sem eru í húsnæðisleysi og oft einnig í viðkvæmri félagslegri stöðu, s.s. vegna vímuefnanotkunar, andlegra veikinda eða ofbeldis.

Samtökin *Ljónshjarta* veita ungu fólki, sem hefur misst maka, og börnum þeirra, stuðning.

Minningarsjóður Bryndísar Klöru hefur þann tilgang og markmið að styðja við almannaheilla-



Þóra Egilsdóttir, ritari Brietar, og Halldóra Lydía Þórðardóttir, yfirmeistari Brietar, með Birgi Karli Óskarssyni, föður Bryndísar Klöru heitinnar, og Guðna Má Harðarsyni, sóknarpresti í Lindakirkju.

verkefni sem miða að því að vernda börn gegn ofbeldi og efla samfélag þar sem samkennd og samvinna eru í forgrunni.

Framkvæmdir í Urriðaholti ganga vel

Bygging nýs regluheimilis Oddfellow í Urriðaholti er í fullum gangi. Jarðvinnuverktakinn Grafa og grjót ehf. sá um jarðvinnu og gekk sá verkþáttur einstaklega vel.

Guðmundur Eiríksson, formaður byggingarnefndar og fyrrum stórsir, segir uppsteypuverktakann Tildra ehf. hafa staðið vel að verki og sýnt metnað í að vanda til verka við bygginguna. Hönnuðir hafi þurft að hafa sig alla við til að bregðast við og sinna fyrirspurnum um nánari útfærslur við hitt og þetta sem fylgir uppbyggingu svona húss, enda sé byggingin frekar flókin í framkvæmd.

Samið var við Arkitektastofurnar Krads og Trípoli, sem unnu samkeppnina á sínum tíma, um að teikna húsið. Verkfræðistofan Teknik sér um verkfræðihönnun og ýmis fyrirtæki fleiri hafa komið að einstökum hönnunarpáttum byggingarinnar.

Í byrjun nóvember var hafinn uppsláttur 1. hæðar og þá var unnið að því að ljúka síðustu handtökunum við uppsteypu kjallara hússins. Fyllt hefur verið að sökklum og kjallaraveggjum að mestu og lögnum komið fyrir í grunni og utan með húsinu. Samningur hefur verið gerður um utanhússklæðninguna og verður hún keypt af fyrirtækinu IBO í Danmörku. Óskað hefur verið eftir verðum í glugga og fyrir liggur að hefja vinnu við ísetningu þeirra og vinnu við uppsetningu klæðningar næsta sumar en þá á uppsteypuverktakinn að ljúka sínum verkþáttum.

Hönnun lóðar á næsta leiti

Guðmundur segir endanlega hönnun lóðarinnar vera á næsta leiti. Stefnt sé að því að húsinu verði lokað fyrir veðri og vindum fyrir næsta vetur og þá hefjist spennandi verkefni við að ganga frá húsinu að innan.



Vetrarlegt var um að litast á byggingarstað eftir að snjó kyngdi niður í síðustu viku októbermánaðar.



Hér er horft til suðvesturs frá Urriðaholti, þaðan sem Oddfellowhúsið ris á háholtinu.



Framkvæmdir við Oddfellowhúsið í Urriðaholti hafa gengið mjög vel síðustu mánuði og farið að móta fyrir 1. hæðinni.

„Nokkrir hópar hafa verið skipaðir í að sinna rýni á ýmsum þáttum byggingarinnar og óskað hefur verið eftir áhugasömum reglusystkinum að koma að efnisöflun hinna ýmsu verkliða. Skipulag sjálfbodaliðsvinnu, þar sem henni verður komið við, er líka í undirbúningi. Fjárhagslega er verkefnið á áætlun en rétt er að benda á að löng leið er fyrir höndum áður en lokatakmarkinu er náð,“ segir Guðmundur.

Hann telur endanlega ákvörðun um áætluð verklok ekki liggja fyrir en ánægjulegt væri að ná að flytja inn í húsið árið 2027, á 70 ára afmæli gjafar þeirra 61 bróður sem gáfu landið á sínum tíma.

Ljósmyndir: Eggert Jóhannesson og Guðmundur Eiríksson



Mikilvæg starfsemi fer fram í Ljósinu á Langholtiavegi.

Ávordögum 2023 fóru systur í Rebekkustúku nr. 7, Þorgerði, að heimsækja Ljósíð, endurhæfingarmiðstöð krabbameinsgreindra. Alls mættu 38 systur í Ljósíð og var tekið mjög vel á móti okkur. Ljósíð, eins og flestir vita, eru gríðarlega flott samtök sem sinna afar viðkvæmum hópi og aðstandendum þeirra með ýmsu móti. Þar eru fagmenn í hverju plássi. Erna Magnúsdóttir, framkvæmdastýra Ljóssins, tók á móti okkur og kynnti fyrir okkur starfsemi, svo og húsakynnin sem starfið er rekið í.

Þó að ýmsar starfsstéttir starfi í Ljósinu þá er þar

einnig rekið öflugt sjálfbóðaliðastarf. Um það bil 18 til 20 manns starfa þar að staðaldri sem sjálfbóðaliðar og vinna þeir að mestu við handverk ýmiss konar. Í Ljósinu er handverk sett upp í námskeiðaformi, í 10 til 12 vikur í senn, einu sinni til tvisvar í viku. Námskeiðin eru margs konar, s.s. leirvinna, útskurður, saumar, hekl og þrjón, svo eitthvað sé nefnt. Þau eru misvinsæl eins og gengur. Það má geta þess að námskeiðin eru ókeypis, aðsóknin er mikil og oft hafa myndast biðlistar í ákveðin námskeið.



Námskeið í fatasaumi eru eftirsótt í Ljósinu og góð stemning myndast meðal þátttakenda.



Katla Sigurðardóttir hefur aðalumsjón með fatasaumnum.



Þórunn Hjartardóttir hafði mikla ánægju af því að mæta.



Valdís Jóna Erlendsdóttir, til hægri, leiðbeinir hér þurði Jónsdóttur í fatasaumi.



Berglind Ösp Eyjólfssdóttir sátt með afraksturinn af saumaskapnum.

Passaði í fatasauminn

Eftir heimsókn systra í Ljósið ákvað ég að kanna hvort ég gæti ekki tekið þátt í starfseminni sem sjálfbóðaliði. Erna tók mér vel og þar sem ég var búin að fara í gegnum fataiðnaðarbraut lðnskólans í Reykjavík, þá passaði ég best þar sem fatasaumur var aðalmálið.

Til eru margar rannsóknir sem sýna fram á það að skapandi iðja og handmenntir margs konar geta bætt bæði líkamlega og andlega liðan fólks. Meira að segja þó fólk hafi engan sérstakan áhuga fyrir handmennt, þá breytist ýmislegt bara við að taka þátt. Félagslegi þátturinn hefur líka mikið að segja og hefur sá þáttur gefið mér mest sem sjálfbóðaliða. Það að koma saman á saumastofunni, þar sem allir eru að vinna og skapa og umræðan snýst að mestu um verkefni, er ómetanlegt. Saumastofan er líka vel

tækjum búin en þorgerðarsystur styrktu Ljósið um kaup á fjórum nýjum saumavélum. Yngsta vélin, sem var í notkun þegar ég byrjaði, var orðin 16 ára gömul svo það var mikil gleði að fá nýjar vélar í hús.

Ég hef starfað sem sjálfbóðaliði í Ljósinu síðan haustið 2023 og er alltaf jafn ánægjulegt að mæta þar. Að vera í hlutverki þar sem hægt er að aðstoða og leiðbeina við saumaskap, sem ég hef reyndar mestan áhuga á, hefur hentað mér afar vel. Ég vil hvetja aðra til að leggja Ljósinu lið með sjálfbóðavinnu, þar sem þeirra þekking og reynsla gæti komið að gagni.

Höfundur:
Valdís Jóna Erlendsdóttir,
Rbst. nr. 7, þorgerði

Með flutningsskírteini upp á vasann

Oddfellowreglan starfar í fjölmörgum löndum og Kanada er meðal þeirra. Þó félagar flytjist á milli landa er auðvelt að skipta um stúku og einn þeirra sem hefur stigið það skref er Björgvin Friðriksson, sem hafði verið í St. nr. 3, Hallveigu, frá árinu 2022. Hann flutti til Halifax ásamt konu sinni, Brynhildi Benediktsdóttur, sem ráðin var til starfa sem framkvæmdastjóri NAFO, Norðvestur-Atlantshafs fiskveiðistofnunarinnar.

„Allt hófst þetta í byrjun árs 2023 er Brynhildur fór utan og við feðgar urðum eftir heima,“ segir Björgvin en þau eiga soninn Egil, 22 ára.

„Við feðgar þraukuðum heima einir saman í rúmt eitt og hálft ár á meðan sonurinn var að klára nám sitt í Tækniskólanum. Að þeim tíma loknum fékk drengurinn nóg af minni matseld og flutti út til móður sinnar í betra atlæti og til að hefja þar nám í háskóla. Þrátt fyrir góðan stuðning stúkubræðra heima þá getur einlifið verið manni um megn,“ segir Björgvin, léttur í bragði, og vitnar til texta Jónasar Friðriks Guðnasonar, „*Verst af öllu er í heimi einn að búa í Reykjavík...*“

Það varð því úr að Björgvin flutti út til Kanada í lok árs 2024. Það auðveldaði honum flutninginn að vinna hans á Íslandi, hjá Maul Reykjavík, er að stórum hluta í gegnum tölvu.

Skjótur frami í ungri stúku

Áður en kom til þess að hann flytti út þá fékk hann aðstoð nokkurra Oddfellowbræðra við að komast í samband við stúku í Halifax, er nefnist Atlantic Lodge 107. Sendi hann fyrirspurn á stúkuna til að



Hjónin Brynhildur Benediktsdóttir og Björgvin Friðriksson fluttu til Halifax vegna starfa hennar þar fyrir NAFO.

kanna áhuga þeirra á að fá inn bróður frá Íslandi.

„Í stuttu máli sagt þá tóku stúkubræður og -systur vel í það að bæta við nýjum meðlim og gekk ég í raðir þeirra í byrjun janúar 2025, á eins árs afmæli stúkunnar,“ segir Björgvin en ekki hafði verið starfandi Oddfellowstúka í Halifax í rúm 60 ár. Fyrir rúmu ári var ákveðið að hefja starfið á ný.

Hann segir fjölda bræðra og systra í Atlantic Lodge í samræmi við aldur stúkunnar, eða um 18 manns. Hefur þetta gert það að verkum að frami hans í stúkunni hefur verið meiri og hraðari en almennt þekkist.

„Minn fyrsti fundur í stúkunni var innsetning fyrir nýja embættismenn. Þar var ég þegar settur í



Björgvin Friðriksson, fyrir miðju í aftari röð, ásamt reglusystkinum sínum í Halifax í Kanada.



Kynning á Atlantic Lodge á bryggjudeginum í Halifax.

embætti undirmeistara meðan á innsetningu stóð, las ég þar yfir hausamótunum á nýjum undirmeistara sem tók þessu með stakri ró," segir Björgvin.

Stúkan í Halifax leigir aðstöðu til fundahalda í kjallara safnaðarheimilis og deilir henni með sunnudagaskóla. Fundað var einu sinni í mánuði á laugardögum, um miðjan dag, en að tillögu Björgvins var farið í það í haust að funda tvisvar í mánuði.

„Það er sannarlega annar bragur á stúkustarfi hér en heima. Fyrir utan að tók eru almennt önnur þá kallar stærð stúkunnar á aðra nálgun í starfi," segir Björgvin og nefnir sem dæmi að bæði bræður og systur séu saman í stúku. Stjórn stúkunnar situr eitt ár í senn og tekur ný stjórn við á hverju hausti. Tilnefningar og kjör fara fram á almennum fundi að vori, þar sem klárað er að velja í nýja stjórn.

Sat sitt fyrsta stórstúkuping

Innviðir Oddfellowstarfsins í Halifax eru allt aðrir en hér á landi. Þannig bendir Björgvin á að einu eignir stúkunnar séu einkenni fyrir fundi, ásamt fundarhamri yfir- og undirmeistara. En það sé mikill hugur í fólki að koma upp stórum hópi Oddfellowa í borginni. Stúkan tilheyrir stórstúku Atlantic Province sem nær til fjögurra fylkja í austurhluta Kanada, þ.e. New Brunswick, Nýfundnlands, Labrador, Prince Edward Island og Nova Scotia, sem Halifax tilheyrir. Í þessum fylkjum eru starfandi 15 stúkur og að sögn Björgvins er nokkuð algengt að bæði kynin séu saman í stúku.

Björgvin sat stórstúkuping Atlantic Province í maí sl. sem áheyrnarfulltrúi. Hann segist aldrei hafa setið slíkt þing heima á Íslandi og því hafi allt verið nýtt fyrir honum og upplýsandi. Þá séu sömu áskoranir með nýliðun í Kanada og heima á Íslandi, stúku-bræður og -systur séu í eldri kantinum.

„Eitt kom mér skemmtilega á óvart á þinginu en það var hvernig skipti á stórsír fóru fram. Þar kynnti

nýr stórsír sig með ræðu, söng og hljóðfæraslætti. Fráfarandi stórsír færði fundarmönnum gjafir að skilnaði í innkaupapoka og bolla góðan sem ég drekk úr á hverjum degi núna," segir Björgvin. Hann tekur fleiri dæmi þar sem starfið sé ólíkt því sem þekktist á Íslandi. Fundarklæðnaður sé frjálsslegri og jakkaföt með bindi teljist viðhafnarklæðnaður.

Stúkurnar í Kanada nota jafnframt frábrugðnar leiðir við að kynna starf sitt. Tvær brýr liggja yfir flóann sem sker Halifax í sundur. Á hverju ári er haldinn dagur er nefnist „bridge walk". Þá er annarri brúnni yfir flóann lokað og fólki gefið tækifæri á að ganga á milli borgarhluta.

„Hér nýta menn sér þennan dag og þann mikla mannfjölda sem er á ferðinni til kynninga. Það eru helst félagasamtök, íþróttafélög og klúbbar margs



Björgvin tekur hér þátt í athöfn hjá stúkunni í Kanada.



Oddfellowmerki og -myndir eru víða sýnileg íbúum í Nova Scotia fylkinu, t.d. hér á húsvegg í einum bæjanna.

konar sem gera þetta. Er þá hægt að kaupa sér aðstöðu á brúnni fyrir vægt gjald og setja upp kynningarbása," segir Björgvin en félagar hans í Lodge 107 voru með kynningu í ár þar sem stúkustarfið var kynnt á opinskáan hátt. Sett var upp borð með helstu eigum stúkunnar; ein-kennum, stórum fána og fundarhömrum yfir- og undirmeistara, auk þess sem stúkusystkini kynntu starfið í Oddfellow.

Að lokum er Björgvin spurður hvað fjölskyldan sér fram á að dvelja lengi í Halifax.

„Í fyrstu stóð til að vera í Kanada út skipunartímabil konunar sem eru fjögur ár en nú hefur það verið framlengt um fjögur ár til viðbótar þannig að ef allt gengur eftir þá verðum við hér út árið 2030," segir Björgvin að endingu við Oddfellowblaðið.

*Höfundur:
Björn Jóhann Björnsson,
St. nr. 7, þorkeli mána*

Velkomin í

HEIMSÓKN

VIÐ TÖKUM VEL Á MÓTI ÞÉR!

Motivo

BRÚARSTRÆTI 3 SELFOSSI • MOTIVO.IS

Jólin eru okkar

Fyrir nokkrum árum síðan kom út fallegt jólaglag sem heitir *Jólin eru okkar* og er eftir Braga Valdimar Skúlason. Þegar hlustað er á texta lagsins má segja að öll fimm erindi lagsins og viðlagið rammi inn hinn sanna jólaanda og þessa tilfinningu sem við flest fáum að finna fyrir á þessum hátíðarstundum jólanna. Að minnsta kosti við, sem erum svo heppin að búa við frið og laus við þær hörmungar sem herja á heimsbyggðina.

Fyrsta erindi lagsins sem ég nefndi áðan hefst á þessum orðum:

*Jólin eru kertaljós og knús
kanilangan, piparkökuhús.*

*Jólin eru minningin um það
sem einhvern tímann fann sinn hjartastað
og settist að.*

Þetta fyrsta erindi rifjar upp jól bernskunnar, við minnumst öll hátíðleikans þegar Ríkisútvarpið hringdi inn jólin, eitthvað spennandi var í þann veginn að fara að gerast. Við minnumst bókunarilmsins og bjarmans frá kertaljósum. Við minnumst kyrrðarinnar og kærleikans. Slíkar minningar setjast að í barnshjartanu og fylgja út lífið. Við vitum þó að lífið gefur ekki öllum slíkar minningar, því ekki er lífs-gangan eins hjá okkur öllum.

En það sem heimurinn, í vanmætti sínum, getur gert til hjálpar er að sýna samkennd og muna að við erum öll systkini, sama hveurrar trúar sem við erum eða hvaða lit skinn okkar hefur. Slíka vissu skulum við láta taka sér stað í hjörtum okkar.

Í öðru erindi í laginu hans Braga Valdimars segir:

*Jólin eru ljúfsár leyndarmál,
lágnætti og mandarínuskál.*

*Jólin eru tími fyrir blund
og löngu tímabæran endurfund,
við liðna stund.*

Þessi orð minna okkur á að jólin eru ekki bara tími til að minnast heldur skapa minningar. Þessi stund, núíð, verður seinna minning sem við viljum minnast með hlýju. Og hvernig gerum við það? Njótum stunda með þeim sem eru okkur kærastir, gleðjumst saman, hjálpum þeim sem minna mega sín. Sýnum ólíkum skoðunum virðingu, hlustum á aðra og sínum mildi. Í þriðja erindinu sem ég vitna í segir:

*Jólin eru máðar minningar
sem mildilega fegra allt sem var.
Jólin eru sáttmáli um frið
sem við gerum allan heiminn við,
hlið við hlið.*

Við, börn jarðarinnar, þurfum einmitt að gera slíkan sáttmála, um frið á jörðu. Ófriður og stríð eru manna verk, ákvörðun fárra sem hefur hörmuleg áhrif á líf milljóna. Manneskjan verður svo litil og vanmáttug gagnvart slíkum öflum. Við skulum óska þess af öllu hjarta að mennskan nái inn í hjörtu þessara manna sem villst hafa af leið og svífast einskis.

*Jólin eru okkar
og allt sem fylgir þeim
lýsa upp allan heim.*

*Jólin eru okkar hvernig sem allt fer,
ég óska þess að eyða þeim með þér.*

Þegar við setjumst að borðum á aðfangadagskvöld skulum við byrja á að horfa í kringum okkur í þakklæti. Á fjölskylduna okkar, á þá sem eru okkur kærastir og njóta samvistanna. Þakka fyrir að þetta fólk á stað í hjarta okkar. Með þeim búum við einmitt til minningar, sem eru, þegar upp er staðið, dýrmætari en allar gjafir. Og biðjum um frið og farsæld fyrir alla, stóra sem smáa.

Mig langar að eftirfarandi orð fylgi okkur inn í jólahátíðina og óska þess að öll heimsins börn, stór og smá, eigi gleðileg jól.

*Vertu sem mjúk værdarvoð,
vertu ljósberi, fullur af mannúð og mildi.
Sýndu meðbræðrum samkennd,
ástúð og hlýju.*

*Opnaðu faðminn og gefðu gæsku,
öllum sem á þurfa að halda.
Sendu fallegar hugsanir út í alheiminn.
Og himinn stjörnuþjartur
vísar þér veginn til hamingjunnar.*

*Höfundur: Þórhildur Þorsteinsdóttir,
flutt af kapelán Þorfinnsbræðra á jólafundi 2023.*



Lífið er Oddfellow

Steindór Gunnlaugsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins Dynjanda, tók við sem stórsír Oddfellowa sl. vor af Guðmundi Eiríkssyni, en þetta er æðsta embætti Reglunnar. Hafði Steindór áður verið varastórsír. Af því tilefni ákvað Oddfellowblaðið að taka hús á Steindóri og konu hans, Halldóru Lydíu Þórðardóttur, sem einnig er í Oddfellow og gegnir embætti yfirmeistara Bríetar, nýjustu Rebekkustúkunnar.

Steindór og Halldóra, sem kölluð er Dóra dags daglega, búa í Hamravík í Grafarvogi og hafa gott útsýni yfir sundin blá, Geldinganes, Þerney, Mosfellsbæ og að ógleymdri Esjunni. Eftir að hafa tekið á móti okkur Garðari Péturssyni ljósmyndara og boðið til stofu, þar sem dádöst var að útsýninu, berst talið að Sundabraut og þéttingu byggðar. Þau reikna ekki með að upplifa það að sjá Sundabrautina rísa út um stofugluggann, þrátt fyrir nýjustu efndir og áform. Verra fannst þeim að heyra um áform Reykjavíkurborgar með þéttingu byggðar á nokkrum stöðum í Grafarvoginum, m.a. Víkurhverfinu og það beint fyrir framan heimili þeirra. Er hætt við að þær byggingar skyggi á útsýnið í dag.

„En þið eruð nú ekki komnir til að ræða þéttingu byggðar,“ segir Steindór og brosir kankvislega. Það er svo sannarlega rétt og eftir að rjúkandi heitt kaffi er komið á borðið, með freistandi sætabrauði, hefst samtalið á að fá þau til að segja eilítið frá sjálfum sér.

Steindór er fæddur í Vesturbæ Reykjavíkur árið 1961, sonur hjónanna Gunnlaugs Pálma Steindórs-sonar, forstjóra og stofnanda Dynjanda, og Guðrúnar Haraldsdóttur, verslunarkonu og húsmóður. Steindór á einn bróður, Harald Pál, sem er doktor í eðlisfræði og býr í Danmörku ásamt konu sinni Hanne Heede. Haraldur er jafnframt stjórnarformaður í fjölskyldufyrirtækinu, Dynjanda, og annar eigenda á móti bróður sínum.

Gegnheill KR-ingur

Steindór ólst einnig upp í Vesturbænum, fór í Mela-skóla og Hagaskóla, og segist vera gegnheill KR-ingur. Iðkaði knattspyrnu á yngri árum en sá ferill varð ekki langur. „Ætli ég hafi nokkuð þótt nógu góður,“ segir hann og hlær. Í dag fer hann á flesta heimaleiki KR en vill sem minnst tala um gengi liðsins. Segist styðja það heilshugar, gegnum súrt og sætt.

Steindór kvæntist fyrri eiginkonu sinni, Hrefnu Njálisdóttur, árið 1985 en þau skildu árið 1999. Þau eignuðust þrjú börn, þau Bryndís Dögg, f. 1986, Snædís f. 1992, d. 1992, og Gunnlaug Egil, f. 1994. Bryndís hefur frá 2013 búið í Noregi ásamt manni sínum, Hauki Eggertssyni, byggingatækni-fræðingi

hjá Sweco, og eiga þau þrjú börn. Bryndís er doktor við viðskiptaháskólann NMBU. Gunnlaugur starfar við hlið föður síns hjá Dynjanda, orðinn aðstoðar-framkvæmdastjóri. Kona hans er Agnes Björg Kristjánsdóttir proskapjálfi og eiga þau tvö börn.

Dóra er fædd árið 1959 í Reykjavík en ólst upp í Grænási fyrstu ár ævi sinnar, innan girðingar Varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli. Foreldrar hennar voru Þórður Benedikt Guðmundsson aðalbókari og Ruth Erla Ármannsdóttir, skrifstofustjóri. Dóra tók fyrstu tvo bekki grunnskóla í Njarðvíkurskóla en fjölskyldan fluttist í Hafnarfjörð þegar Dóra var 9 ára. Lauk hún gagnfræðiprófi í Flensborgarskóla og fór svo í Húsmæðraskólann á Laugarvatni. Eftir að hafa stofnað fjölskyldu og börnin komin á legg skellti hún sér í sjúkraliðanám, og í framhaldi sérnám í öldrunar- og geðhjúkrun. Lengst af starfaði hún í Hátúni en einnig á Reykjalundi.

Með fyrri manni sínum, Sveini Kjartanssyni pípu-lagningameistara, eignaðist Dóra þrjú börn en Sveinn lést árið 2000, aðeins 42 ára að aldri. Þau bjuggu fyrst í Kópavogi og síðar Grafarvogi. Börn þeirra eru Þuríður Ósk, hjúkrunarfræðingur f. 1981, búsett í Mosfellsbæ ásamt manni sínum, Ölvi Styrri Sveinssyni, tæknistjóra hjá IKEA, og tveimur börnum þeirra, Kjaran, tölvunarfræðingur f. 1984, býr í Reykjavík með konu sinni, Frederikke Bang viðskiptafræðingi, og eiga þau eitt barn, og loks er það Benedikt, f. 1993, sem býr í Reykjavík ásamt konu sinni, Arcel Acenas Daniel. Þess má geta að Benedikt starfar einnig í fjölskyldufyrirtækinu Dynjanda í Skeifunni, sér þar um vöruinnkaupin.

Kynntust á þorablóti

Steindór og Dóra kynntust fyrst árið 2002 og kviknaði ástin á þorablóti í Grímsnesi. Höfðu þá eitt-hvað vitað af hvort öðru gegnum sameiginlega vini, en Steindór er af Kiðjabergsættinni svonefndu og á mikil tengsl þangað austur.

„Einhverra hluta vegna var okkur boðið á sama þorablótið. Kona vinar míns í Grímsnesi er æskuvinkona Dóru,“ segir Steindór og Dóra bætir við með bros á vör: „Þetta var planað allt saman, bara ekki af okkur.“





Dynjandi er sannkallað fjölskyldufyrirtæki, hér eru feðgarnir Gunnlaugur Egill, Steindór og fóstursonur Steindórs, sonur Halldóru, Benedikt Sveinsson, lengst til hægri.

En síðar kom í ljós að tenging þeirra var meiri en bara sameiginlegir vinir. Gefum Dóru orðið:

„Þegar við Steindór fórum að vera saman fór móðursystir hans að grennslast fyrir um þessa nýju konu í hans lífi. Þá fann hún það út að Ármann, móðurafi minn, og Haraldur, móðurafi Steindórs, réru lengi saman til sjós. Þegar þetta uppgötvaðist þá sá maður kallana fyrir sér á himnum í árabátum að strá Amordufti yfir turtildúfurnar.“

Steindór var í sveit hjá frænda sínum, Sveini Skúlasyni í Bræðratungu, sem einnig var af Kiðjabergsætt, sonur Skúla Gunnlaugssonar, sem var bróðir afa Steindórs og alnafna, Steindórs Gunnlaugssonar, lögfræðings og sýslumanns. „Ég á mjög góðar minningar úr Bræðratungu, fór þangað fyrst sex ára og hef stundum sagt að ég hafi ekið þaðan í burtu með bílpróf því ég var orðinn 17 ára þegar ég var þar síðast í sveit.“

Steindór á einnig ættir sínar að rekja norður í Skagafjörð en amma hans, Bryndís, var dóttir Pálma Þóróddssonar, prests á Hofsósi. Steindór segist aðspurður eflaust hafa getað orðið prestur, nú eða lögfræðingur, eins og afi hans og alnafni, en töluvert hefur verið um presta og lögfræðinga í Kiðjabergsættinni. Rifjar Steindór upp að afi hans hafi oft verið fenginn til að flytja hugvekju í messum. Eftir eina slíka var hann spurður hvort hann hefði ekki frekar átt að verða prestur en lögfræðingur. Þá svaraði

Steindór eldri: „Heldurðu ekki að lögfræðingur þurfi líka stundum á umburðarlyndi Krists að halda?“

Í móðurætt Steindórs eru útgerðarmenn og vitaverðir en langafi hans, Þorvarður Einarsson, og Albert, sonur hans og ömmubróðir Steindórs, voru vitaverðir í Gróttu. Var björgunarsveitin Albert nefnd eftir honum, er síðar breyttist í Landsbjörgu.

Dóra segist ekki ætla að fara djúpt í ættfræðina sín megin, að öðru leyti en því að vera komin af alþýðufólki, foreldrar sínir hafi verið bæði fædd í Reykjavík og hún liti því á sig sem Reykvikling. Skýtur Steindór þá inn stuttri sögu um Svein í Bræðratungu, hann hafi haft mikinn áhuga á ættfræði og eitt sinn er Steindór kom austur ásamt vini sínum lenti sá í yfirheyrslu hjá Sveini um hverra manna gesturinn væri. „Hvaðan ert þú?“ spurði Sveinn. „Ég er úr Garðabæ,“ svaraði ungi maðurinn og þá sagði Sveinn að bragði: „Það er nú enginn ættaður úr Garðabæ.“

Eru þetta einu jakkafötin?

Vikjum okkur þá aðeins að Oddfellow. Það var ekki fyrr en árið 2000 sem Steindór gekk í Regluna og fór þá í þorkel mána, stúkuna sem Gunnlaugur faðir hans hafði verið í til margra ára. Steindór var þá 39 ára, tíu árum eldri en þegar Gunnlaugur fór í Oddfellow árið 1955.

„Það voru margir stúkubræður hans búnir að suða í mér að koma, Ég sagði alltaf að þetta væri félags-

skapurinn hans pabba og hann yrði að stjórna því hvenær og hvort ég færi inn. Svo kom að þessu og ég sé ekkert eftir því."

Ári áður en Steindór varð Oddfellowi fór hann með vini sínum og vinnufélaga hjá Dynjanda, Sigurði Ólafssyni, að fjárfesta í nýjum jakkafötum, en Sigurður var þá kominn í þorkel mána. Úr varð að Steindór keypti sér dökkgræn jakkaföt, mjög flott að honum fannst. Eftir að Steindór var kominn í Oddfellow fóru þeir gjarnan saman á bil í Vonarstrætið, feðgarnir Steindór og Gunnlaugur og Garðar Sigurðsson, þá orðinn heiðursfélagi í Þorkeli mána.

"Eitt sinn er ég kom á bilnum, í mínum finu dökkgrænu jakkafötum, spurði pabbi mig hvort þetta væru einu jakkafötin sem ég ætti. Ég játaði því en ekki fór fattarinn í gang í þetta skiptið. Einhverjum fundum síðar spyr pabbi aftur: „Eru þetta sem sagt einu jakkafötin?“ Þegar kom síðan að því að setja mig inn í embætti meðhjálpara þá kveikti ég loksins á perunni með fötin, já þeir eru allir í svörtum jakkafötum! Það hafði enginn sagt við mig upphátt að ég ætti að vera í svörtum jakkafötum, Pabbi bara spurði kurteislega hvort þetta væru einu jakkafötin og það tók smá tíma að meðtaka þetta," segir Steindór og brosir við upprifjunina.

Frá þessum tíma hefur hann verið í fjölmörgum embættum, í svörtum jakkafötum eða kjólfötum. Svo nefnt sé það helsta var hann yfirmestari Þorkels mána 2010-2012, gerðist einn 40 stofnfélaga Sæmundar fróða ári síðar og var fyrsti yfirmestari stúkunnar og síðan stórfulltrúi. Var kallaður til Oddfellowbúða nr. 1, Petrusar árið 2008 og sex árum síðar var Steindór einn stofnfélaga nýrra búða, nr. 6, Odda, á Selfossi. Varð þar höfuðpatriarki og síðar stórfulltrúi. Steindór hefur einnig verið í PM Canton nr. 1, Njáli, frá 2013 og gegnt þar ýmsum embættum. Á stórstúkupingi árið 2023 var hann kjörinn vara-stórsir Oddfellow og stórsir á stórstúkupingi í maí síðastliðnum. Þar var hann í kjöri ásamt Herborgu Pálsdóttur, sem var fyrsta konan systirin til að vera tilnefnd til embættis stórsirs.

Tíu ár formaður stjórnar StLO

Á þessum 25 árum sem eru að baki í Oddfellow hjá Steindóri má segja að lengstur timi hafi farið í störf fyrir Styrktar- og líknarsjóð Oddfellowa, StLO. Var hann formaður stjórnar sjóðsins í tíu ár, frá 2013 til 2023, og meðal stærstu verkefna á þeim tíma var uppbyggingin í Urriðaholti. Átti hann jafnframt sæti í stjórn Urriðaholts ehf. og dótturfélaga þess, ásamt að vera í stjórn Náttúrufræðihússins ehf. sem að fullu er í eigu sjóðsins og var framkvæmdastjóri félagsins.

"Þegar ég kom að málum í Urriðaholti hafði uppbyggingin verið nánast stopp frá bankahruninu 2008. Ég starfaði þar með góðu fólki og ég viðurkenni að ég er dálítið hreykinn af því sem við náðum að gera. Sjóðurinn stækkaði verulega á þessum tíma og tók



Steindór hefur verið í Oddfellow í aldarfjórðung.

mörg verkefni að sér," segir Steindór en auk Urriðaholts nefnir hann deiliskipulagsvinnu í tengslum við stækkun golfvallarins í Urriðavatnsdölum og, friðlýsingu fólkvangs í Urriðakotshrauni, sem var fyrsti friðlýsti fólkvangurinn í einkaeigu og frágang á landamerkjum sjóðsins. Á sama tíma stóð StLO að endurbótum í byggingu St. Jósefsspítala, þar sem innréttað var glæsilegt húsnæði fyrir Parkinson-samtökin og Alzheimersamtökin. Þá má ekki gleyma aðstoð Oddfellowa við Ljósið, Hlaðgerðarkot, meðferðarheimili Samhjálpur og fleiri líknarstofnanir og góðgerðarfélög. Nema framlög til þessara aðila hundruðum milljóna króna þegar allt er samantekið.

"Við gáfum einnig út veglega bók árið 2015, *Trausta hlekki*, um 60 ára sögu Styrktar- og líknarsjóðsins og kynntum hana vel innan Reglunnar. Það voru mörg stór verkefni í gangi á þessum tíma á meðan ég vann fyrir sjóðinn og ánægjulegt að geta sagt frá því að þau kláruðust öll," segir Steindór en segja má að höfuðstöðvar StLO á þessum tíma hafi verið í húsakynnum Dynjanda í Skeifunni 3. Þar var Steindór með alla stjórnarfundum og ýmsa aðra fundum í tengslum við sjóðinn, allt nema aðalfundina og haustfundina. Bætir Steindór brosandandi við: „Þetta sparaði okkur heilmikið í bilastæðagjöldum."

Er stækkun golfvallarins nú í kynningu innan Oddfellow, en lagt er til að bæta níu holum við Urriðavöll, þannig að hann verði alls með 27 brautir og möguleika á að breyta honum í 18 holu alþjóðlegan keppnisvöll sem getur tekið að sér stórmót.

Bygging nýs Oddfellowhúss efst í Urriðaholti heldur áfram á komandi árum. Steindór segir mikla eftirvæntingu og spennu ríkja meðal reglusystkina,



Halldóra hefur unnið fjölda muna úr keramik, sem er hennar helsta áhugamál í fristundum.

enda hafi stúkur sýnt því mikinn áhuga að komast þar inn. „Ásóknin var mun meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir og við þurfum að huga vel að aðstöðunni í Vonarstræti þegar um helmingur stúkna þar fer í Urríðaholtið. Sú vinna er þegar hafin hjá hússtjórn og ég er fullviss um að það mun leysast farsællega. Þetta verður öðruvísi, það er ljóst.“

Fór inn af forvitni

Dóra hefur verið í Oddfellowreglunni frá árinu 2009, gekk fyrst í raðir Rebekkustúkunnar nr. 7, Þorgerðar. Hún hefur undanfarin fimm ár verið í Rebekku-búðunum nr.1, Þórhildi.

„Það er sagt að enginn eigi að fara í Oddfellow af forvitni, en ég viðurkenni að ég fór inn af forvitni því ég vildi vita hvað Steindór væri að gera öll þessi kvöld,“ segir Dóra hlæjandi.

Þau benda á að hún hafi í raun verið búin að vera í Oddfellow gegnum Steindór vegna starfa hans í skemmtinefnd Þorkels mána og fleiri embættum. Einnig hafði hún kynnst bræðrum og mökum þeirra bræðra í ferðalögum stúkunnar.

„Ég varð að minnsta kosti ekki fyrir vonbrigðum, að vígjast inn, og er þarna enn. Stúkustarfið hjá okkur Brietarsystrum hefur farið mjög vel af stað og það er bjart yfir stúkustarfinu. Við erum með marga nýliða og erum stöðugt að læra,“ bætir Dóra við. Hún er nú yfirmeistari stúkunnar Brietar þannig að Oddfellow tekur mikinn tíma hjá þeim hjónum. Aðspurð mæla þau með að hjón séu saman í þessum ágæta félagsskap.

„Oddfellow tekur sinn tíma og ef annar makinn er ekki þar inni getur verið erfitt að sýna þann skilning

á starfinu sem þarf. Þetta getur til dæmis skipt máli þegar verið er að skipuleggja fri saman, þannig að það skarist ekki á við embættisverk í Oddfellow,“ segir Dóra og Steindór kinkar kolli til samþykkis.

„Ég er uppalinn í gamalli og virðulegri stúku, Þorkeli mána, og þar lærði maður strax að stunda góða fundarsókn og virða siði og reglur Oddfellow. Það þótti fáheyrt að embættismaður í stúku væri fjarverandi á fundi. Þetta er aðeins öðruvísi í dag, enda eru aðstæður í þjóðfélaginu gjörbreyttar frá því maður byrjaði í þessu,“ segir Steindór.

Eigum erindi við samfélagið

Talandi um breytingar þá var síðasta Oddfellowblað gert opið almenningi. Áður höfðu aðeins félagar í Oddfellow aðgang að blaðinu. Skoðanir hafa verið skiptar um þetta, og dæmi um að eldri Oddfellowar hafi fjarlægt fyrsta opna blaðið úr verslunum sem lá þar frammi. Spurður um sína afstöðu segir Steindór þetta hafa verið eðlilegt og jákvætt skref. Þannig hafi verkefni StLO verið töluvert í opinberri umfjöllun og t.d. þegar var opið hús í St. Jósefs hefðu sumir ákveðið þá að ganga til liðs við hreyfinguna. Vildu fá að taka þátt í starfinu og láta gott af sér leiða.

„Oddfellowreglan er á réttum stað og tíma og á alveg erindi við samfélagið í dag. Við höfum engin leyndarmál nema í kringum okkar fundasiði. Það sem við segjum og gerum í stúkusal er okkar leynd, allt annað fer fram fyrir opnum tjöldum ef svo má segja. Þannig er starf Styrktarsjóðsins í þágu íslensks samfélags og er mjög jákvætt,“ segir Steindór.

Hann hefur í gegnum embættin innan Oddfellow tekið þátt í alþjóðlegu starfi Reglunnar og bendir á að staðan sé líklega hvergi sterkari en á Íslandi. Þar hafi meðlimum verið að fjölga, á meðan fækkun á sér stað víðast hvar annars staðar. Þannig er Oddfellowhúsið í Urriðaholti eina nýbygging Oddfellow á heimsvísu í dag. Steindór segir Regluna hvað sterkasta á Norðurlöndunum og það skýrist einna helst af því að haldið hefur verið að mestu við upprunalega siði og reglur.

Eruði alveg geldir, bræður?

Þau Steindór og Dóra hafa bæði þá reynslu innan Oddfellow að stofna nýjar stúkur. Dóra fylgdi str. Eyðísi Egilsdóttur sem átti frumkvæði að stofnun Þorbjargar árið 2012, og var síðan meðal stofnfélaga Brietar árið 2024. Steindór var sem fyrr segir einn stofnfélaga Sæmundar fróða árið 2013.

Steindór nefnir að aðstæður í stúkum geti verið mismunandi en forverar hans í embætti hafi hvatt Oddfellowa til að fjölga sér, ef svo má að orði komast. Þegar þáverandi stórsir, Stefán B. Veturliðason, hélt ávarp á 60 ára afmælishátíð Þorkels mána árið 2012 þá benti hann á að stúkan væri sú eina af þeim eldri úr Vonarstrætinu sem ekki hefðu stofnað stúku út frá sér. Í samkvæmi síðar það kvöld stóð Ásmundur

Friðriksson upp, þá varastórsir, og sló á létta strengi í ræðu sinni: „Hvað er að ykkur, eruði alveg geldir, bræður?“

Þriðja kynslóðin í Dynjanda

Fjölskyldufyrirtækið Dynjandi var stofnað af föður Steindórs árið 1954 og er því orðið riflega 70 ára. Það sérhæfir sig m.a. í innflutningi og sölu á margs konar öryggisbúnaði og vinnufatnaði. Með tilkomu Gunnlaugs Egils við stjórnvölinn er þriðja kynslóðin að taka við keflinu. Ljóst er að embætti stórsirs mun taka mikinn tíma og Steindór segir því nauðsynlegt að hafa góða hægri hönd sem Gunnlaugur sé.

Steindór náði að starfa við hlið föður síns í 33 ár, eða þar til að Gunnlaugur lést árið 2013. En það var ekki endilega draumur Steindórs sem ungur maður að taka við fjölskyldufyrirtækinu. Hann fór ungur til sjós og fékk pláss um borð í flutningaskipinu ms. Skaftafelli sem SÍS gerði út. Þetta var árið 1979 er Steindór var aðeins 18 ára. Fékk hann starf í vélarúminu sem smyrjari, sem kallað var, og þótti Steindóri það heillandi, enda hafi hann haft mikinn áhuga á vélum og alls konar tækjum. Var Skaftafellið í Ameríkusiglingum með fisk en vistin á sjónum varð þó styttri en ætlað var. Missti Steindór framan af fingri í vinnuslysi og var sendur í land. Missti hann úr tvo túra vegna meiðslanna, sem voru einar 10 vikur. Á þeim tíma fór Steindór að vinna á lagernum hjá Dynjanda og fékk það vel útborgað að hann fór á skrifstofu Sambandsins og sagðist ekki koma aftur til starfa sem smyrjari eftir sjúkraleyfið.

„Síðan kemur að næstu útborgun hjá Dynjanda þá hafði eitthvað skeð. Ég fór til pabba og sagði að það hefðu orðið einhver mistök, launin væru mun lægri en áður. Þá svaraði pabbi: „Já, ég áttaði mig á því að þú kláraðir aldrei skólann.“ Þá þóttist hann hafa áður borgað mér miðað við að hafa lokið námi.



Halldóra og Steindór á gæðastundu, í vöfflubakstri í eld-húsinu ásamt tveimur barnabörnum, Láru Herdisi og Steindóri Orra Gunnlaugsbörnum.

Ég sá þann kost vænstan að fara í Ármúlaskóla og lauk verslunarprófi þar 1982 meðfram vinnu. Hann var séður, karlinn,“ segir Steindór og brosir. „Þegar prófið var í höfn var ekkert aftur snúið með að vinna áfram hjá pabba. Tók fljótlega að mér aukna ábyrgð, sá um söluna og vöruhaldið og pabbi sá um bókhaldið. Samstarf okkar var virkilega gott og bar aldrei skugga á.“

Steindór segir ánægjulegt að starfa í dag með syni sínum, Gunnlaugi Agli, í fyrirtækinu enda sér hann



Lára Herdis og Steindór Orri Gunnlaugsbörn.



Kristófer og Júlia Dis Hauksbörn í Noregi.



Steindór nýtir flestar fristundir sem gefast á sumrin til útivistar og ferðalaga, hvort sem er hér á landi eða erlendis.

sjálfan sig í honum að mörgu leyti. Hann byrjaði sem sölustjóri vélasíðs en eftir að nánasti samstarfsmaður Steindórs hvarf til annarra starfa, þá gerðist sonurinn aðstoðarframkvæmdastjóri.

„Samstarf okkar feðga gengur mjög vel. Við höfum almennt verið mjög heppin með starfsfólk í fyrirtækinu og margir unnið þar um langa hrið,“ segir Steindór en hjá Dynjanda starfa hátt í 20 manns. Verslunin er í Skeifunni en vöruhúsið á Lambhaga-vegi í Úlfarsárdal. Á næstu árum liggur fyrir að finna annað verslunarhúsnæði vegna breytinga á skipulagi í Skeifunni. „Það er farið að þrengja að okkur,“ segir Steindór.

Ferðalög á milli funda

Hér var áður komið inn á að þau þyrftu að skipuleggja sín frí með tilliti til Oddfellowstarfsins. Ferðalög, bæði innanlands og erlendis, eru þeirra helsta áhugamál. Þau eiga einnig fjölskyldu í útlöndum, eins og komið hefur fram, dóttir Steindórs í Noregi og bróðir í Danmörku. Aðspurð segja þau heimsreisuna eftir en mörg eftirminnileg ferðalög séu að baki. Nefna þau helst ferðirnar sem svonefndur Kanadaklúbbur í Þorkeli mána fór saman í, þar sem Almar Grímsson var fararstjóri og helsti skipuleggjandi. Farnar voru fjórar ferðir á Íslendingaslóðir í Vesturheimi, þrjár til Kanada og ein til Utah í Bandaríkjunum.

„Þessar ferðir standa upp úr hjá okkur, voru mjög skemmtilegar og fróðlegar. Ferðaklúbburinn er ekki virkur í dag en við göntuðumst stundum með að það væri ein ferð eftir, að við þyrftum að fara til Brasilíu en þangað fluttu fjölmargir Íslendingar á sínum tíma,“ segir Dóra og Steindór bætir við: „Þetta voru flottar ferðir og vel skipulagðar hjá Almari. Eftirminni-

legt úr einni ferðinni er þegar við hittum konu í Gimli sem var af fimmtu kynslóð Íslendinga, hafði aldrei komið til Íslands en talaði samt mjög góða íslensku.“

Auk ferðalaga í sólina er útivist margs konar stunduð þegar tími gefst til. Þannig fer Steindór tvisvar að sumri í laxveiði í Hvítá í Árnessýslu og hefur mikla ánægju af. Fjallaferðir í óbyggðum eru sömuleiðis í uppáhaldi.

Dóra hefur mikinn áhuga á keramik, hefur farið á nokkur námskeið í Myndlistarskóla Kópavogs til að bæta sig í handverkinu, og hefur gert fjölmarga fallega muni úr keramíki. Einnig hefur hún gaman af að þrjóna og sauma, og nostra við garðinn í Hamravík. Segist hún hafa mest yndi af rósaræktinni og er meðlimur í rósaklúbbi hjá Garðyrkjufélagi Íslands.

„Ég hef alltaf nóg að gera og læt mér ekki leiðast.“

Með þeim orðum er við hæfi að ljúka samtalinu. Þau Steindór og Dóra sitja ekki auðum höndum þessi dægrin, þeirra líf snýst um Oddfellow stóran hluta úr ári en sem betur fer gefa þau sér tíma til að stíga upp frá amstrinu og huga að sér og sínum.

Næst var að fara í myndatökurnar og rétt í lokin skýtur Dóra því að í upptalningu á fjölskyldunni megi ekki gleyma heimiliskettinum, honum Brandi.

„Hann er rétt ókominn heim, lætur sig alltaf hverfa þegar koma gestir í heimsókn,“ segir Dóra, kát að vanda, og þess vegna náðist Brandur ekki á mynd. Er þeim hjónum þökkuð skemmtileg samverustund og óskað góðs gengis í leik og starfi, innan sem utan Oddfellow.

*Höfundur: Björn Jóhann Björnsson,
St. nr. 7, Þorkeli mána.*

*Ljósmyndir: Úr einkasafni og
Garðar Pétursson, St. nr. 16, Snorra goða.*

Októberfest hjá Ingólfsbræðrum

Bræður í elstu stúku Oddfellow, nr. 1, Ingólfi, tóku sig til í októbermánuði og stóðu fyrir sannri hátíð þess mánaðar að þýskum hætti, þar sem menn tilbiðja ölið og allar þær vættir sem því tengjast.

Auk Ingólfsbræðra mættu kollegar úr fleiri stúkum sem funda í Vonarstrætinu, ásamt nokkrum gestum þeirra, og skapaðist góð stemning í húsinu. Sumir klæddu sig upp með „lederhosen“ og tilheyrandi, á meðan aðrir bræður mættu ágætlega snyrtilegir til fara, þó ekki í fundarfötum með bindi. Frjálslegir í fasi.

Bræður í Ingólfi höfðu áður haldið októberfest innan sinna raða en ákváðu í ár að bjóða fleirum til selskapar við sig. Öli og góðum veitingum voru gerð góð skil og áttu bræður ánægjulega stund í húsinu fram eftir kvöldi. Veitt voru verðlaun fyrir



Veitingar í veislunni voru í anda tilefnisins.



Vignir Hreinsson og Skúli Hansen úr skemmtinefndinni, með Ásgeir Ingólfsson sinn á milli, sem þótti skarta besta októberfest-dressinu.

besta búninginn og þann ágæta heiður hlaut Ásgeir Ólafsson, bróðir í Ingólfi. Veg og vanda af kvöldinu átti skemmtinefnd Ingólfs, þeir Skúli Hansen, Vignir Hreinsson, Torfi Björn Kristleifsson, Snorri Jónsson og Sigurður Guðjónsson.

Ákveðið var að endurtaka leikinn að ári og fá inn fleiri bræður og gesti þeirra.



Oddfellowbræður og gestir þeirra í Vonarstrætinu skála á góðri stund, er Októberfest Ingólfs fór fram í októbermánuði,

Auðarsystur til Hríseyjar

Á fögrum haustmorgni hittust Auðarsystur hressar eftir sumarið og tilbúnar í haustferð, með nesti og nýja skó, stefnan tekin á perlu Eyjafjarðar, Hrísey. Rútuferð á Árskógssand tók örskamma stund og á meðan beðið var eftir ferjunni var kikt aðeins í malpokann og hresst upp á sálartetrið.

Ferðin í eyjuna tók skamma stund og farið var beint á veitingastaðinn Verbúð 66 en þar beið okkar dýrindis fiskisúpa, nýbakað brauð, kaffi og súkkulaði. Að málsverði loknum var haldið út í ævintýri dagsins. Hópurinn skiptist í tvennt. Annar hópurinn fór í skoð-



Saddar og sælar systur að loknum málsverðinum.



Snæddur var málsverður á veitingastaðnum Verbúðinni 66.

unarferð um eyjuna á vagni og dráttarvél en hinn hópurinn skoðaði hús Hákarla-Jörundar, matvörobúðina, handverksbúðina Gallerí Perlu, leiktæki og rólur. Úr varð að sú elsta í hópnum skellti sér eina salibunu í dekkjarólu og hafði gaman af, enginn skaði hlaust af en þær yngri fundu því allt til foráttu að leika sama leik.

Veðrið var yndislegt og á endanum var tekið hús á einni systur sem á heimili í eyjunni og þar fengum við okkur hressingu og spjölluðum þar til tími var



Auðarsystur klárar í bátinn til Hríseyjar.

kominn að taka ferjuna til baka. Að ferð lokinni var haldið beint á veitingastaðinn Múlaberg en þar áttum við bókaðan sal á Teriunni og nutum þar dýrindis kvöldverðar og spjölluðum langt fram á kvöld.

Að öllu þessu loknu vorum við endurnærðar og gátum mætt í vetrarstarfið af fullum krafti.

Höfundur:
Anna Rósa Magnúsdóttir,
Rbst. nr. 2, Auði

	RBST.NR.7 ÞORGERÐUR KÝNNIR GLÆSILEG OG VÖNDUÐ HÁLSMEN Í samstarfi við Sif Jakobs
RHODIUMHÚÐAÐ Gull eða silfur með sirkoníum steinum verð 24.900.- Fæst í vefverslun www.oddfellow.is	

Góðar gjafir til sjúkrahúsa

Oddfellow á Íslandi veitir fjölda styrkja til félagsamtaka og stofnana á hverju ári. Styrkirnir eru oftast í formi kaupa á búnaði eða renna beint inn í rekstur viðkomandi aðila.

Stuðningurinn er mismikill í hvert skipti, allt frá tugum þúsunda króna upp í tugi milljóna króna. Mestu um verður er hugurinn að baki gjöfunum, sem ætlað er að bæta nærumhverfi samfélagsins og starfsemi styrkþega um allt land.

Algengt er að heilbrigðisstofnanir fái kærkomna styrki frá Oddfellow. Þannig komu systur úr Rbst. nr. 20, Halldóru, færandi hendi í sumar til Heilbrigðisstofnunar Suðurlands á Selfossi (HSU) og gáfu fjóra hnakkstóla að verðmæti um hálfrar milljónar króna.

Stólunum er ætlað að bæta vinnuaðstöðu lækna og hjúkrunarfólks og auðvelda aðgengi að sjúkl-ingum. Á bráðadeild HSU er sinnt öllum bráðatil-



Fulltrúar Halldórusystra og HSU við afhendingu hnakkstólanna á bráðadeild spítalans á Selfossi.



Oddfellowstúkurnar á Akureyri gáfu Sjúkrahúsinu á Akureyri 1,2 milljónir til endurbóta á herbergi aðstandenda sjúklinga á líknardeild.

fellum, auk þess sem þar eru sex gæslurými þar sem sjúklingar liggja inni í allt að viku.

Endurbætur og málverk

Síðastliðið vor mættu fulltrúar frá Oddfellowstúk-unum á Akureyri á sjúkrahúsið þar í bæ og afhentu peningagjöf upp á rúmar 1,2 milljónir króna til endurbóta á aðstandendaherbergi líknardeildar sjúkrahússins.

Einnig gáfu tvær myndlistarkonur úr Oddfellow málverk til að setja upp á deildinni. Þetta voru þær Guðrún Jóhannsdóttir úr Rbst. nr. 2, Auði, og Guðrún Lóa Leonardsdóttir úr Rbst. nr. 16, Laufeyju. Munu gjafirnar nýtast vel til að bæta aðstöðu og umhverfi aðstandenda á erfiðum stundum með sínum nánustu.

Eru hér nefnd aðeins tvö dæmi af fjölmörgum um gjafir og styrki frá Oddfellowum hér á landi.



**FRAMÚRSKARANDI OG
UMHVERFISVÆN PRENTSMIÐJA**



Vatnagarðar 14 • 104 Reykjavík • Sími 563 6000 • litrof.is • litrof@litrof.is

Með kjölfötin í ausandi rigningu

Haldið var upp á 100 ára afmæli Stúku nr. 4, Herjólfis, í Vestmannaeyjum 24. maí síðastliðinn. Oddfellowbræður og -systur, ásamt mökum, komu víða að til að samfagna tímamótunum með Eyjamönnum. Fararskjótar voru yfirleitt bilar eða flugvél en yfirmeistari St. nr. 24, Hrafnkels Freysgoða, Agnar Sverrisson, ákvað hins vegar að fara þessa leið á mótörhjólí ásamt eiginkonu sinni, Eygló Daniélsdóttir, sem er systir í Rbst. nr. 15, Björk. Þau sendu Oddfellowblaðinu eftirfarandi ferðasögu:

„Áður en lagt var í hann frá Egilsstöðum var veðurspá skoðuð vel og vandlega og fararskjótinn ákveðinn í framhaldi af því. Mótörhjól skyldi það vera. Eftir vinnu 22. maí var lagt í hann frá Egilsstöðum og ákveðið að gista á Kirkjubæjarklaustri þar sem áliðið var dags þegar lagt var af stað. Túrinn frá Egilsstöðum að Klaustri gekk eins og í sögu.

Að morgni föstudags var lítið út um gluggann og viti menn, það var ausandi rigning. Að visu hafði veðurspá hljóðað upp á ca 3 mm á klukkustund snemma morguns en þetta var mun nær 30 mm! En það var ekkert annað að gera en að halda áfram, hjólagalli heldur vatni upp að vissu marki og spáin gerði ráð fyrir uppstyttu. Reyndin var nú sú að þegar upp var staðið og við komin á Laufey bistro á Landeyjavegamótum vorum við búin að keyra í ausandi rigningu og talsverðum vindi í tvo tíma.

Við höfðum góðan tíma svo við stöldruðum við og hengdum jakka á stólbök meðan við fengum okkur næringu og kaffi. Þegar svo kom að brottför sáum við að talsverð stöðuvötn voru í kringum stóla og borð þar sem við sátum. Vatnið hafði allt lekið úr göllunum. Áfram var haldið í Herjólf en úrkoma hafði þá minnkað verulega. Það er skemmst frá því að segja að eyjarnar tóku á móti okkur með logni og blíðu sem varði þann tíma sem við vorum á áfangastað. Þegar á hótelið í Eyjum var komið rákumst við á Oddfellowa sem ráku upp stór augu þegar þeim varð ljós fararskjóti okkar og spurt var: Hvernig komust kjölfötin með?

Laugardaginn 24. maí var svo afmælisfundur í sal Oddfellowhússins í Eyjum. Þetta var falleg og hátíðleg athöfn sem seint líður úr minni. Þar stendur upp úr stundin þegar Ingi Rafn Eypórsson, yfirmeistari, veitti Þórði Rafni Sigurðssyni heiðursmerki og naut við það aðstoðar Eypórs Þórðarsonar. Þarna voru komnir þrír ættliðir á miðju salargólfi.



Hjónin Agnar og Eygló komin á áfangastað á vélfaki sínum.

Svo var stund milli stríða áður en að hátíðarkvöldverði kom. Tíminn var nýttur til að komast að því að maður þurrkar ekkert á hótélherbergi sem bara hefur gólfhita. Kvöldverður og skemmtun voru að hætti Eyjamanna og þá segir sig sjálft að þetta fór vel fram og var hin skemmtilegasta kvöldstund.

Öllum sama um síðkjólinn

Á sunnudeginum var svo blásið til heimferðar og enn kom spurningin hvernig komust kjölfötin með? Þau voru ekki áberandi krumpuð, þó það hafi verið skoðað, sagði einn bróðir, svo dæmi sé tekið um áhyggjurnar af kjölfötunum. Eftir góðan tíma sem fór í skoðunarrúnt um Heimaey og innlit á tvö söfn var svo siglt til lands. Á heimleið var síðan tekin skyndiákvörðun um að gista í Landbrotinu, nánar tiltekið í litlu húsi við hótél Laka. Þar voru móttökur og öll þjónusta starfsfólks hótelsins þannig að óhætt er að mæla með dvöl þar.



Eygló og Agnar notuðu tækifærið og hjóluðu um eyjuna, þar sem fagurt útsýni blasti við til allra átta, og eyjanna í kring.

Á mánudeginum lauk túrnum að Egilsstöðum í talsverðum vindi á suðausturhorni landsins. Þegar á Öxi var komið var vegurinn nýheflaður (yfirborðið eins og cocoa puffs) sem er afleitt fyrir mótorhjól. Vindur var um 20 metrar á sekúndu, þokusúld og hitinn ekki nema ein gráða. Þá var ekkert annað í stöðunni en að skella í einn kakó og stroh um leið

og heim var komið, hengja upp kjólfötin ókrumpuðu og siðkjól frúarinnar sem öllum var sama um hvernig hafði komist til Eyja.

Með kærri þökk fyrir góðar stundir."

Höfundar:

*Agnar Sverrisson, St. nr. 24, Hrafnkeli Freysgoða,
og Eygló Danielsdóttir, Rbst. nr. 15, Björk.*

Klassískar dúnkápur

 [Skoðið laxdal.is](https://www.facebook.com/Skoðið-laxdal.is)

BERNHARD LAXDAL

Skipholti 29b • S. 551 4422

GANTI

Byggt á langri erfleifd

Sá einn veit er víða ratar



Bræður í Gissuri hvíta, ásamt mökum, fóru til Grindavíkur og víðar um Suðurnesin í rútu frá Teiti Jónassyni, eins og sjá má.

Starfið í haust hófst með miklum krafti í Stúku nr. 23, Gissuri hvíta, þegar bræður og makar héldu í tvær afar ólíkar ferðir með stuttu millibili, aðra innanlands og hina utan.

Önnur ferðin var farin til Grindavíkur, þar sem hamfarir og náttúruöfl voru í forgrunni, og hin til Kaupmannahafnar, þar sem vinátta og bræðralag Oddfellowbræðra einkenndu dagana. Báðar ferðir voru í senn fræðandi, hlýjar og skemmtilegar, sannur vitnisburður um bræðralag og samstöðu.

Hamfarir í Grindavík

Það var bjartur og hlýr dagur þegar hópur bræðra og maka lagði af stað frá stúkuheimili okkar að Staðarbergi að morgni 20. september. Ferðinni var heitið til

Grindavíkur með viðkomu í Krýsuvík og Svartsengi. Með í för voru þeir Stefán Þór Sigurðsson, verkefnastjóri orkuvera hjá HS Orku, og Ingi Þór Hallgrímsson Kúld, verkefnastjóri tæknisviðs HS Orku. Þessir tveir heiðursmenn fræddu hópinn um starfsemi HS Orku, jarðhræringar og eldgos á svæðinu undanfarin ár.

Sveifluháls og Svartsengi

Fyrsta stopp var við rannsóknarborholu á jarðvarmasvæðinu við Sveifluháls. Krýsuvíkursvæðið hefur lengi verið talið mjög áhugavert jarðhitasvæði, og vonir standa til að þar verði framleitt bæði heitt vatn fyrir Hafnarfjörð og höfuðborgarsvæðið og rafmagn inn á landskerfið. Þar nutu ferðalangar einnig fagurs útsýnis yfir svæðið.



Mikil eyðilegging blasir við inni í Grindavík þar sem hraunstraumurinn náði að æða yfir nokkur hús áður en hann stöðvaðist.



Dúkuð borð í veislusal vinastúkunnar Christian IV.

Næsti áfangastaður var orkuverið í Svartsengi, þar sem Björk Þórarinsdóttir, framkvæmdastjóri fjármála- og upplýsingatæknisviðs HS Orku, tók á mótí hópnum. Björk hélt áhugaverðan fyrirlestur um starfsemi HS Orku og bauð auk þess upp á léttar veitingar.

Orkuverið í Svartsengi er fyrsta blandaða jarð-varmavirkjunin á Íslandi, þar sem framleitt er bæði rafmagn og heitt vatn.

Kjötsúpa, fræðsla og samvera

Næst var haldið á veitingahúsið Brúna, þar sem Ólafur Arnberg Þórðarson skipstjóri tók á mótí hópnum. Þar var boðið upp á dásamlega íslenska kjötsúpu og gott kaffi á eftir.

Eftir borðhaldið var haldinn kynningafundur um starfsemi stúkunnar í vetur. Sigurbjörn Daði Dagbjartsson hélt áhugaverðan fyrirlestur um Grindavík og áhrif hamfaranna á samfélagið – og tók svo lagið fyrir hópinn, sem vakti mikla lukku.

Ólafur Arnberg skipstjóri bauðst síðan til að lóðsa okkur um og segja sögur frá Grindavík. Það voru hryllilegar aðstæður sem íbúar Grindavíkur lentu í, og það snerti alla djúpt að sjá eyðilegginguna sem náttúruöflin hafa skilið eftir sig.

Eftir smá göngu um bæinn hélt hópurinn aftur heim til Hafnarfjarðar – upplýstur, snortinn og ríkar af reynslu, samstöðu og sögum til að segja áfram.

Kóngiferð til Kaupmannahafnar

Skemmtiferð með mökum var farin til Kaupmannahafnar dagana 2.–5. október. Alls fóru 32 bræður og makar með það að markmiði að heimsækja vinastúku okkar, Christian IV, og einnig að spila golf með bræðrum í þeirri stúku. Mikil samskipti og gagnkvæmar heimsóknir hafa átt sér stað í gegnum tíðina milli þessara vinastúkna, og hefur skapast traust vinátta milli margra bræðra.

Eftir komu á hótél var haldið beint á stúkufund í sal



Oddfellowhóllin í Kaupmannahöfn var heimsótt.

Christian IV. Sá fundur var mjög áhugaverður og lærðómsríkur, einkum fyrir þá bræður sem ekki höfðu áður heimsótt vinastúku okkar í Danmörku.

Vinátta byggð á sögu og samstöðu

Stúkan Christian IV er staðsett á Amager í Kaupmannahöfn og var stofnuð 1. mars 1888. Hún tók upp hið konunglega nafn eftir Kristjáni IV, konungi Danmerkur og Noregs, hertoga af Holstein og Schleswig, sem ríkti frá 1588 til 1648. Ríki hans, sem stóð í 59 ár og 330 daga, er hið lengsta í sögu Norðurlanda. Ástæðan fyrir því að nafnið Christian IV var valið er sú að hann lét byggja brú yfir til Amager og þannig komst á tenging og Amager fór að byggjast hraðar upp.

Saga Gissurar Teitssonar hvíta, sem stúka okkar ber nafn sitt af, er einnig merkileg. Hann var íslenskur goðorðsmaður og höfðingi á 10. og 11. öld og einn helsti foringi kristinna manna við kristnitökuna á Alþingi. Gissur var jafnframt ættfaðir fyrstu íslensku biskupanna.

Vinastúkurnar Christian IV og Gissur hvíti eiga það sameiginlegt að báðar bera stúkunúmerið 23 og eru staðsettar á eyjum. Þar lýkur þó flestum líkindum, því Christian IV er 110 árum eldri en Gissur hvíti. Vinátta stúknanna hefur engu að síður staðið um langt skeið.

Heimsókn í elstu stúkusalí Danmerkur

Eitt af því fyrsta sem stúkan Christian IV gerði var að reisa hornhúsið við Amagerbrogade og Jacob Holms Gade árið 1895, þar sem hún hefur enn aðsetur sitt.



Móttaka í húsakynnum vinastúkunnar Christian IV.



Yfirmeistarar Gissurar hvíta og Christian IV skiptust á gjöfum.

Í húsinu er glæsilegur stúkusalur, elsti starfandi Oddfellowsalur í Danmörku, sem þjónar einungis stúkunni Christian IV, sem jafnframt er eina stúkan á Amager.

Eftir stúkufundinn var okkur boðið til mikillar veislu í glæsilegum sal stúkunnar. Þar var borið fram danskt smurbrauð með tilheyrandi, ásamt ákaviti, bjór og víni — eins og menn gátu í sig látið. Skálað var, sungið, fluttar ræður og gjafir afhentar. Kvöldið var ógleymanlegt og verður lengi í minnum haft fyrir hlýja móttöku og höfðinglega gestrisni vinastúku okkar. Við viljum sérstaklega þakka yfirmeistara Christian IV, Christian Østergaard, og undirmeistara Kim Jensen, sem báru hitann og þungann af heimsókn okkar.

Odd Fellow Palæet

Daginn eftir tóku yfirmeistari Christian og undirmeistari Kim á móti okkur í höfuðstöðvum Oddfellow í Danmörku, Odd Fellow Palæet í Kaupmannahöfn, ásamt tveimur Oddfellowbræðrum sem leiddu okkur um stórkostleg húsakynni á mörgum hæðum. Þar eru tilkomumiklir stúkusalir, fimm veislusalir og glæsilegur konsertsalur. Allt andaði sögu og reisu, og hvar sem lítið var blasti við fagurt og sögulegt umhverfi.

Einnig var okkur boðið í mat af vinastúkunni, og má með sanni segja að vinir okkar í Christian IV séu höfðingjar heim að sækja. Við hlökkum til að endurgjalda þeim þetta vinarhót þegar þeir koma næst í heimsókn til okkar.

Á laugardeginum var fyrirhugað golfmót milli stúkna, en því miður þurfti að aflýsa því vegna veðurs. Það sem eftir lifði ferðar var frjáls tími þar sem bræður og makar nutu sín saman í Tivoli, á veitingastöðum, söfnum og í verslunarferð.

Það má með sanni segja að allir hafi skemmt sér konunglega í kóngsins Kaupmannahöfn.

Að lokum þessi orð úr Hávamálum, sem eiga vel við um þessa ferð okkar bræðra til vinastúku okkar, Christian IV:

*Veistu ef þú vin átt
þann er þú vel trúir
og vilt þú af honum gott geta,
geði skaltu við þann blanda
og gjöfum skipta,
fara að finna oft.*

*Höfundur:
Gunnar Halldór Gunnarsson,
St. nr. 23, Gissuri hvíta*

Verið velkomin í Skagafjörðinn – Við tökum vel á móti ykkur



Frímúrarar höfðu betur

Hið árlega Einvígi Oddfellowa og Frímúrara í golfi fór fram á Urriðavelli í byrjun september við frábærar aðstæður og í einstakri stemningu. Alls mættu 74 keppendur til leiks og var leikið í Greensome högggleik með forgjöf, þar sem tveir kylfingar mynda lið, slá báðir upphafshögg og velja betri boltann áður en leikurinn heldur áfram til skiptis.

Einnig fór fram holukeppni milli hópanna. Þar sem 32 Oddfellowar og 42 Frímúrarar tóku þátt mynduðust 16 lið frá hvorum hópi í holukeppniseinviginu. Baráttan var hörð og margir leikir réðust ekki fyrr en á næst síðustu eða síðustu holunni.

Mikil spennan í lokin

Þegar öll skorkort voru komin í hús og úrslit holukeppninnar lágu fyrir kom í ljós að Frímúrarar höfðu sigur að þessu sinni. Eftir nokkur mögur ár náðu þeir

loks vel unnum sigri og fóru með bikarinn með sér heim.

Úrslitin í holukeppninni voru á þá leið að Frímúrarar voru með 8 vinninga, Oddfellowar 4 og jafntefli varð í 4 viðureignum. Jafntefli telst hálfur vinningur þannig að lokastaðan var 10-6 fyrir Frímúrurum.

„Að loknu móti var snætt nautagúllas með öllu tilheyrandi og farið yfir leikdaginn í góðum anda. Verðlaun voru veitt fyrir frammistöðu í högggleiknum og liðakeppninni og ríkti glaðværd og hlýja í skálanum fram eftir,“ segir Valdimar Júlíusson úr Golfklúbbsi Oddfellowa sem á sæti í Einvígisnefndinni.

„Við hlökkum þegar til einvígisins að ári, og þá munu Oddfellowar mæta enn betur undirbúnir. Það verður ekki reynt að endurheimta titilinn. Hann verður endurheimtur!“ segir Valdimar með ákveðinni röddu, og vildi að endingu koma þökkum frá mótstjórn til þátttakenda fyrir frábæran dag.



Sigurður Örn Einarsson tók við bikarinn fyrir hönd Frímúrara.



Guðmundur R. Magnússon og Baldvin Ómar Magnússon.



Trausti Viglundsson og Baldvin Ómar Magnússon snæða að keppni lokinni.



Heiðar Friðjónsson og Auðunn Kjartansson vígalegir með golfkerrurnar.



Guðmundur Þórhallsson og Magnús V. Magnússon klárir á teig.



Feðgarnir Valdimar Júlíusson og Júlíus Thorarensen léku saman á mótinu.

Finnskar systur sóttar heim

Systur úr Rbst. nr. 7, Þorgerði, fóru í fjögurra daga ferð til Helsinki í Finnlandi sl. vor. Með í för voru 58 systur en megintilgangur ferðarinnar var að hafa gaman saman og heimsækja systur í Rebekkustúku nr. 33, Ingeborg, í bænum Hämeenlinna, sem er skammt norðan við Helsinki.

Við skoðuðum marga merka staði en áhugavert var að heimsækja borgarbókasafnið Oudi, sem er staðsett í hjarta Helsinki, og Aulanko þjóðgarðinn, sem er dýrðleg náttúruperla og þekkt fyrir fallegt skóglendi þar sem almenningur getur notið sín.

Ingeborgarsystur tóku á móti hópnum á laugardeginum í hinum glæsilega Hämekastala. Kastalinn var fyrsta hús Oddfellowreglunnar. Rebekkustúkan nr. 33, Ingeborg, var stofnuð árið 1993 í Hämeenlinna. Nafn stúkunnar, Ingeborg, er frá 16. öld en þá var Ingeborg Ákesdotter Tott húsfreyja kastalans í Häme. Ingeborgarsystur hafa miklar taugar til Hämekastala þar sem rætur þeirra liggja. Haldið var áfram til Parola sem er 13 km frá miðbæ Hämeenlinna.

Nokkrum árum eftir stofnun Ingeborgar var fyrsta bræðrastúkan L48, Pietari Brahe, stofnuð og árið 2000 var Saarni, nr. 41, dótturstúka Ingeborgar, stofnuð. Saman fóru þessar stúkur að leita sér að þeirra eigin Oddfellowhúsi sem hentaði þeim. Ekki var úr miklu að velja og sjóðir ekki digrir. En í Parola stóð autt hús lögreglustöðvar sem þau höfðu efni á og keyptu. Með mikilli samvinnu systra og bræðra gerðu þau lögreglustöðina að sínu eigin stúkuhúsi og eins og Ingeborgarsystur segja, þá eiga þær núna heimili sem er búið að vera þeirra s.l. 20 ár.

Um kvöldið sátu 34 Þorgerðarsystur fund á vináttuskrefi, var fundurinn mjög hátíðlegur og athöfnin falleg og yfirveguð. Eftir fundinn fórum við allar saman, um 100 systur, frá Oddfellowhúsinu og sátum vináttukvöldverð á veitingastaðnum Upseerikerho. Skrefþegar voru þrjár systur frá nýrri stúku sem verið var að stofna í bænum Kuopio (250 km frá Hämeenlinna) og heitir stúkan Siskotyttö. Stúkan verður formlega stofnuð að hausti 2026. Þetta er



Myndarlegur hópur Þorgerðarsystra á ferð í Helsinki, þar sem veðurguðir sýndu sínar bestu hliðar flesta daga, þó ekki alla.



Yfirmeistarar Ingeborgar og Þorgerðar skiptust á kveðjum og gjöfum, þær Leena Piha og Guðrún Sigurgeirsdóttir.



Systur úr Þorgerði stilltu sér upp í eina mynd.

langur vegur og kostnaðarsamur fyrir nýjar systur að fara á meðan þær sækja víglur og skref til móðurstúku sinnar, Ingeborgar. Við Þorgerðarsystur ákváðum því að láta umslag ganga í rútunni fyrir kvöldverðinn og færðum þeim peningagjöf til að létta undir með þeim kostnaðinn.

Á sunnudeginum skoðuðum við hina töfrandi klettakirkju eða Temppeiaukio-kirkjuna og hið fræga minnismerki um tónskáldið Sibelius. Verkið eða orgelið samanstendur af sex hundruð stálþípum sem gefa frá sér fagra tóna við vissar aðstæður. Sendiráðsbústaður íslenska sendiherrans, Haralds Aspelund, og konu hans, dr. Ásthildar Jónsdóttur, var heimsóttur og tóku þau vel á móti okkur með glæsilegum veitingum og fræddi Harald okkur um störf

sín þar ytra. Var ferðalagið í alla staði vel heppnað og samvera með systur úr stúku nr. 33, Ingeborg, ógleymanleg.

Að lokum vil ég minnast vinkonu okkar og systur, Guðrúnar Bjargar Sigurbjörnsdóttur, sem ætlaði í þessa ferð með okkur en varð að hætta við vegna veikinda. Hún féll frá þann 26. maí síðastliðinn. Það var þungt fyrir okkur að vita af henni veikri á sjúkrahúsi og hugsuðum við mikið til hennar og sendum henni ljós og kærleik. Hennar verður sárt saknað í okkar stúkustarfi. Blessuð sé minning okkar látnu systur.

*Höfundur:
Lára Sigríður Jónsdóttir, Rbst. nr. 7, Þorgerði*



Stundum kom sér vel að hafa regnhlífarnar meðferðis.

Fundað með matriörkum í heimabyggð

Matriarkar úr Rebekkubúðum nr. 1, Þórhildi, lögðu land undir fót og héldu til Ísafjarðar aðra helgina í september. Lagt var af stað úr Vonarstræti á föstudagsmorgni.

Því fer fjarri að ferðalag allra matriarka hafi byrjað þar. Matriarkar frá Vestmannaeyjum og af Suðurlandi lögðu fyrr af stað úr sinni heimabyggð. Fallegt ferða-veður gladdi matriarka og var fyrsta stopp í Borgarnesi. Næsti áningarstaður var Króksfjarðarnes þar sem matriarkar snæddu ljúffenga súpu með brauði. Þar reka konur úr sveitinni greiðasölu, galleri með alls kyns handgerðum munum, auk sölu á þjóðlegu bakkelsi. Náttúran skartaði sinu fegursta með haustlitadýrð og gaman var að aka nýja veginn um Teigsskóg.

Við tignarlega fossinn Dynjanda gæddu matriarkar sér á heimabökuðum bollum og sörum úr smiðju Margrétar Pálsdóttur, 1. matriarka búðanna.

Alls kyns skemmtun var í boði í rútuferðinni, m.a. bingóspil, söngur og gamanmál sem annar matriarki, Anna Rósa Bjarnadóttir, sá um, en hún hafði einnig með höndum skipulag á öðrum dagskrárliðum ferðarinnar.

Hljýjar móttökur Þóreyjarsystra

Þegar til Ísafjarðar var komið síðdegis á föstudeginum var haldið í Oddfellowhúsið með búnað að sunnan og haldin var æfing samkvæmt nýrri siðbók fyrir trú-

arskrefið. Þóreyjarsystur voru einstaklega hjálplegar og tóku vel á móti matriörkum.

Eftir kvöldhressingu fóru matriarkar snemma í háttinn, enda fundur kl. 11 daginn eftir og allir boðaðir á æfingu kl. 9. Á fundinum fengu sex systur trúarskrefið, þar af fjórar frá Ísafirði. Það er mikið gleðiefni að taka á móti nýjum félögum og einstaklega ánægjulegt að Ísfirðingarnir stigi sín fyrstu skref í heimabyggð. Á fundinn mættu auk Þórhildarmatriarka gestir úr öðrum búðum, sem var mjög skemmtilegt.

Handverk Hrafnhildar í Hnífsdal

Eftir vel heppnaðan fund, var haldið í veislusal þar sem Þóreyjarsystur buðu upp á kjarngóða haustsúpu og brauð. Spennandi dagskrá beið matriarka og að máltíð lokinni skiptum við um fót og hældum í heimsókn til matriarka Hrafnhildar Samúelsdóttur og maka hennar, Jósefs Hermanns Vernharðssonar, sem búa í Hnífsdal. Hrafnhildur er annáluð handavinnukona og var búin að setja sína fallegu handavinnu um allt hús svo matriarkar mættu njóta. Það er með ólíkindum hverju matriarki Hrafnhildur hefur komið í verk og sáum við einungis brot af hennar fallega handverki. Handavinnan naut sín vel, fallega upp sett af mikilli smekkvísi eins og Hrafnhildi einni er lagið. Það var gaman að heyra Hrafnhildi lýsa því hve snemma hún lagði fyrir sig hannyrðir og náði



Sex nýir matriarkar á Ísafirði bættust í raðir Þórhildar, sem hér eru ásamt höfuðmatriarka búðanna. F.v. Bjarnveig Brynja Guðmundsdóttir, Friðra Rúnarsdóttir, Elisabet María Nickel Stefánsdóttir, Margrét Gunnarsdóttir, höfuðmatriarki Þórhildar, Hulda Salóme Guðmundsdóttir, Hanna Mjöll Ólafsdóttir og Friðgerður Guðný Ómarsdóttir.



Matriarkar í þórhildi stoppuðu við fossinn Dynjandi og snæddu heimabakaðar bollur og sörur.

miklum árangri. Heiðurshjónin Hrafnhildur og Jósef buðu matriörkum að auki upp á glæsilegar veitingar.

Frá Bjarnabúð í Tjöruhúsið

Eftir einstaka samverustund á glæsilegu heimili hjónanna í Hnifsdal var haldið í Bjarnabúð í Bolungarvík, verslun Bjarna Eiríkssonar, sem er ein elsta verslun landsins, frá árinu 1920. Þar tóku á móti okkur eigendur verslunarinnar mtr. Stefania Birgisdóttir og eiginmaður hennar, Olgeir Hávarðarson. Matriarkar skoðuðu þetta gamla verslunarhús sem hefur að geyma sögu þess frá upphafi, gerðu góð kaup í alls kyns varningi auk þess sem boðið var upp á hressingu.

Þá var haldið til Ísafjarðar á ný og var kvöldverður snæddur í Tjöruhúsinu. Veitingarnar í Tjöruhúsinu stóðu svo sannarlega undir væntingum. Þar svignuðu veisluborðin undan fjölbreyttum fiskréttum sem

snillingarnir reiddu snarlega fram með líflegri frásögn og skemmtilegri. Við fórum sannarlega saddar og sælar í háttinn á laugardagskvöldið.

Á sunnudeginum var haldið heim á ný. Farið var inn Djúpið og komið við í Saltverki á Reykjanesi. Matriarkar fengu fræðslu um saltframleiðsluna og fóru drekkhlaðnar af salti til byggða. Hádegishressing var á Hólmavík og stutt stopp í Borgarnesi.

Matriarkar kvöddust í Vonarstræti, sáttar og sælar síðdegis á sunnudeginum, eftir kærleiksrika samveru matriarka sem voru allt frá Vestmannaeyjum til Ísafjarðar, en það var gleðiefni að funda í þetta sinn í heimabyggð Þóreyjarsystra. Ferðalög sem þessi þjappa matriörkum saman, kynni verða nánari og skilja eftir sig ánægjulegar minningar.

Höfundur:

Halla Bachmann Ólafsdóttir, Rbb. nr. 1, Þórhildi



Hljórar móttökur voru á heimili Hrafnhildar Samúelsdóttur og Jósefs Hermanns Vernharðssonar í Hnifsdal. Með þeim hjónum er Anna Rósa Bjarnadóttir t.h.



Á ýmsu gengið í Herjólfsbæ

Framkvæmdir við endurbyggingu á regluheimilinu í Vestmannaeyjum, Herjólfsbæ, hafa staðið yfir af fullum krafti undanfarin misseri.

Það hefur gengið á ýmsu við þessar framkvæmdir, eða eigum við að orða það öðruvísi: Það hefur nánast allt farið á versta veg!

Þegar byrjað var að rífa þá kom alltaf eitthvað nýtt í ljós á hverjum einasta degi. Þegar upp var staðið var húsið ekki einu sinni fókelt, að undanskildri 3. hæðinni, þar sem fundarsalurinn er, en hún var í góðu ástandi.

En framkvæmdanefndin, með br. Reyni S. Jóhannesson í fararbroddi, stóð þétt saman með fullum stuðningi frá Þróunarsjóði Oddfellowa, ásamt br. Guðmundi Þórhallssyni. Voru teknar stórar og miklar ákvarðanir varðandi enduruppbyggingu Herjólfsbæjar.

Það væri hægt að skrifa heila bók um það sem hefur gengið á frá því verkið hófst, en best er að sýna myndir frá verkinu. Þær tala sínu máli.

Höfundur: Björk Elíasdóttir, Rbst. nr. 3, Vilborgu.



Verið er að taka húsið í gegn frá a-ö og m.a. byrjað að leggja nýtt gólfefni.



Meðal þeirra sem tekið hafa þátt í framkvæmdum eru hjónin Ingibergur Einarsson og Kristín Finnbogadóttir, fyrrum meistari. Settu þau saman innréttingu frá Ikea og luku við að setja hana upp.



Framkvæmdir í gangi á húsinu utanverðu, en Herjólfsbær er á besta stað í miðbæ Vestmannaeyja.



Það er í mörg horn að líta við framkvæmdir innandyra í Herjólfsbæ.

Gleði, systratengsl og vinátta

Rebekkustúkan nr. 4, Sigríður, fagnaði 65 ára afmæli sínu með fjölbreyttri og liflegri dagskrá fyrr á árinu, en stúkan var stofnuð í ársbyrjun 1960. Þetta merkilega afmælisár var tilefni til að staldra við, horfa bæði aftur og fram á veginn, og síðast en ekki síst til að styrkja vináttuböndin og skapa góðar samverustundir.

Árið hófst með glæsilegri afmælishátíð í Sjálandi í Garðabæ þar sem systur og makar þeirra komu saman til að fagna þessum tímamótum. Skemmtinefndin lagði sig svo sannarlega fram. Þær birtust í búningum sem minntu á ólíka áratugi síðustu 65

ára og dönsuðu við tónlist níunda áratugarins í Don Cano íþróttagöllum, skreyttar ennisböndum. Því næst blönduðu þær geði við aðra gesti í Hagkaupssloppum með rúllur í hárinu og að lokum komu þær fram í glæsiskjólum sem minntu á liðna tíð með borða yfir öxlina merktum „Ungfrú Sigríður“. Stemmningin var eftir því; létt, hlý og full af gleði.

Góð ferð til Skotlands

Þegar voraði fórum við í ógleymanlega ferð til Skotlands, þar sem borgirnar Glasgow og Edinborg voru m.a. heimsóttar. Siglt var á Loch Lomond,



Elsi Rós Helgadóttir, Vilborg Teitsdóttir og Diljá M. Gústafsdóttir kátar saman á afmælishófinu.



Gísli S. Kristjánsdóttir, Hjördis Magnúsdóttir og Ingibjörg Andrésdóttir á afmælishófinu.



Mæðgurnar Sigurveig Lúðvíksdóttir og Gróa Ásgeirsdóttir ásamt Helgu Þormóðsdóttir.



Skemmtinefndin brá á leik í afmælishófi stúkunnar. Á myndinni eru þær Jóhanna Á. Jónsdóttir, Ásgerður T. Björnsdóttir, Guðný Sigþórsdóttir, Lilja Björg Ingibergsdóttir, Guðrún Björg Magnúsdóttir og Marianna Garðarsdóttir, allar ungfrú Sigríður.



Marianna Garðarsdóttir með rúllur í hárinu, íklædd Hagkaupssloppi sem var einkennandi heimaklæðnaður árin sem stúkan var stofnuð.



Kátar systur í köflóttu á þemakvöldi í Skotlandi. Á myndinni eru Ásbjörg Högnadóttir, Soffía Helga Kristjánsdóttir, Sigrún Guðmundsdóttir, Valdís Elisdóttir, Sigríður Klara Árnadóttir og Anna María Sigurjónsdóttir.

Edinborgarkastali skoðaður auk þess sem gengið var um The Real Mary King's Close, neðanjarðargötur Edinborgar þar sem timinn hefur staðið í stað frá sautjándu öld. Snekkja Elisabetar drottningar, Britannia, var einn viðkomustaður ferðarinnar, en þar spókuðu Sigríðarsystur sig um í drottningarlegu umhverfi.

Í ferðinni nutum við einnig góðs matar, spjölluðum mikið og hlógum enn meira. Kvöldin voru með ákveðnu þema: hið fyrra að mæta í köflóttu í anda Skota en hið síðara með höttum og blúndum — eins og sannar hefðarkonur. Þessi kvöld settu skemmtilegan svip á ferðina þar sem sannaðist enn og aftur



Hefðarkonurnar Soffía Helga Kristjánsdóttir, Lilja Björg Ingibergsdóttir, Ásbjörg Högnadóttir, Sigrún Guðmundsdóttir og Valdís Elisdóttir.



Á golfdeginum endurnýttu umhverfisvænar systur köflóttu þemað frá Skotlandi. Hér eru þær Elín Hlíf Helgadóttir, Gróa Ásgeirsdóttir, Jóna Björk Gunnarsdóttir og Soffía Eydis Björgvinsdóttir.



Hefðarkonur úr röðum Sigríðarsystra á leiðinni til kvöldverðar í heimsókn þeirra til Edinborgar í Skotlandi.

hversu dýrmæt vináttan er þegar hópur Sigríðarsystra kemur saman.

Golfmót og Grindavík

Árlegt golfmót var að sjálfsögðu haldið með stæl. Liðin mættu í búningum og golfið varð, eins og ávallt, jafn mikið um gleði og keppni. Haustið leiddi hópin að þessu sinni um Reykjanes þar sem m.a. var komið við í Grindavík til að skoða aðstæður eftir náttúruhamfarirnar. Ýmislegt annað var haft fyrir stafni í ferðinni (og einhverjar dattu í verslunarleiðangur í Keflavík) en endað var á notalegum kvöldverði hjá Eldeyjarsystrum.

Í ræðu sem flutt var á afmælishátíðinni var lögð áhersla á það sem skiptir mestu máli: vináttu, kærleika og sannleika. Sigríðarsystur hafa alltaf lagt mikla áherslu á að rækta þessi tengsl — og ekki að ástæðulausu var stúkan kölluð „Sigga vinkona“ í ræðunni. Nafnið fangar vel þann hlýja og opna anda sem ríkir í hópnum. Þessi andi hefur fylgt Sigríðarsystrum í 65 ár, og mun fylgja þeim áfram á næstu árum.

*Höfundur: Snjólaug G. Jóhannsdóttir,
Rbst. nr. 4, Sigríði*



Brugðið á leik við Grindavík í haustferð Sigríðarsystra. Þarna má greina þær Guðrúnu Björgu Magnúsdóttur og Sveinlaugu Atladóttur.

Oddfellowmessa

sunnudaginn 8. febrúar 2026

Guðsþjónusta Oddfellowa verður haldin í Víðistaðakirkju, Hafnarfirði, sunnudaginn 8. febrúar 2026 kl. 11.

- Hugvekju flytur Hafdís Stefánsdóttir systir varastórsír.
- Kórinn Hallveigarsynir syngur undir stjórn Sveins Arnars Sæmundssonar organista og sr. Bragi J. Ingibergsson sóknarprestur og sr. Gunnar Rúnar Matthíasson, br. í St. nr.10, Þorfinni Karlsefni, þjóna fyrir altari.
- Léttar veitingar að lokinni guðsþjónustu.

Kæru bræður og systur, takið stundina frá og verið öll hjartanlega velkomin til þessarar einstöku guðsþjónustu og samfélags Oddfellowa í Víðistaðakirkju á nýju ári.

St. nr. 3, Hallveig

Löngun kviknaði til að vita meira

Það var fallegt haustveður þegar blaðamaður Oddfellowblaðsins hitti tvær reglusystur á kaffihúsi og ræddi við þær um lífið og stúkustarfið. Þessar kjarnakonur hafa mætt á nær alla fundi frá því að þær vígðust í Rebekkustúku nr. 1, Bergþóru, og taka virkan þátt í stúkustarfinu. Þær Hanna Magnúsdóttir og Sólveig Sigurðardóttir segjast upplifa stúkustarfið á dýpri og skemmtilegri hátt þegar þær taka virkan þátt og mæta vel.

Hanna Magnúsdóttir vígðist í Bergþóru í febrúar 2022. „Ég er sveitastelpa, uppalin á Hvolsvelli og flutti 19 ára til Reykjavíkur. Þar starfaði ég sem tanntæknir og ferðamálafræðingur en nú vinn ég á Náttúrufræðisstofnun,” segir Hanna í upphafi samtals okkar.

Hún er gift Bjarna Svavari Hjálmtýssyni og eiga þau tvær uppkomnar dætur, þær Ölmú hárgreiðslumeistara og Fanneyju mannauðsstjóra. Barnabörnin eru fjögur.

„Fjölskyldan á sumarbústað í Fljótshlíðinni og nýtur þess að ferðast um landið og vera saman í sveitinni,” segir Hanna en auk ferðalaga stundar hún golf þegar tækifæri gefst. Hanna hafði fylgst með frænku sinni, Matthildi Guðmannsdóttur, systur í Bergþóru, og vissi að starfsemi Reglunnar leiddi af sér góða hluti. „Matthildur bauð mér á fjáröflunarkvöld og hvatti mig til þess að ganga í stúkuna. Það má segja að þá kviknaði löngun til þess að vita meira og kynnast starfinu betur,” segir Hanna.

Sólveig vígðist í Bergþóru í mars 2021. Hún er Reykvikingur í húð og hár og starfar sem tanntæknir. Sólveig á tvær dætur; Hörpu Hlín, sem starfar á dagþjálfunardeild fyrir fólk með heilabilun, og Helgu Katrínu, sem stundar nám í sjávarútvegsfræði. Barnabörnin eru fjögur. Sólveig stundar golf og fer á gönguskiði þegar færi gefst. En hver var kveikjan að því að hún gekk í stúkuna? „Ég hafði fylgst úr fjarlægð með starfi Reglunnar í gegnum Ingigerði Helgu Guðmundsdóttur, fyrrverandi mágkonu mína og systur í Bergþóru, og vissi að þar væri hægt að vaxa og eflast ásamt því að eiga þátt í góðum verkum. Hún taldi mig eiga erindi í stúkuna og því ákvað ég að sækja um,” segir Sólveig.

Tengsl og mannrækt

Það sem heillaði þær Hönnu og Sólveigu hvað mest var að starfa með öðrum konum og láta gott af sér leiða. Það að eiga í virkum félagslegum tengslum við aðrar systur, þar sem unnið er að sameiginlegu markmiði, er mjög gefandi.



Bergþórusysturnar Hanna Magnúsdóttir og Sólveig Sigurðardóttir gengu í Oddfellow fyrir fáum árum.

„Það er gott að eldast í stúkustarfinu og við getum gert meira gagn þegar við eldumst. Svo má ekki gleyma því hversu mikilvægt og gott það er að kúpla sig út úr amstri dagsins og mæta á fundi þar sem engin utanaðkomandi truflun er. Það er mjög gefandi að kynnast nýjum konum, það er nærandi,” segir Hanna og Sólveig bætir við: „Hefðir og siðir móta stúkustarfið og það er ánægjulegt að það skuli vera byggt á gömlum grunni.”

Segist Hanna njóta þess að mæta á fundi, kynnast nýjum konum og tilheyra góðum hópi Bergþórusystra.

„Fyrst vorum við óöruggar en með virkri þátttöku við hvert nýtt verkefni verðum við öruggari. Það er eflandi að taka að sér ábyrgðarhlutverk. Við erum þakklátar fyrir það að hafa fengið tækifæri til að taka þátt í nefndarstörfum og síðaathöfnum, það gefur okkur meiri innsýn í stúkustarfið, dýpkar þekkingu okkar á hinu góða starfi Reglunnar. Við kynnumst hver annari betur og það skapast meiri nánd,” segir Sólveig. Þær segjast alltaf hlakka til að mæta á fundi, geta sest niður og slakað á. Það sé góð tilfinning að tilheyra þessum hópi. Þá hafa þær stóllur báðar farið í utanlandsferð með stúkunni sem eru í senn fræðsla og skemmtun, og auk þess kærkomið tækifæri til að kynnast systurum betur.

Oddfellowblaðið þakkar þessum jákvæðu systurum innilega fyrir spjallið og óskar þeim góðs gengis í öllu sem þær taka sér fyrir hendur í framtíðinni.

Höfundur: Ágústa Unnur Gunnarsdóttir, RbSt. nr. 1, Bergþóru

Frábært að byrja í skemmtinefnd

Vignir Hreinsson, smiður úr Kópavogi, gekk í Stúkuna nr. 1, Ingólf, fyrir tæpum þremur árum síðan, rétt um það leyti sem að heimsfaraldri lauk. Hann er fjölskyldufaðir úr Kópavogi þar sem rætur hans hafa ávallt legið, en hann er Kópavogsbúi í fjórða ættlið. Kona Vignis er Ingibjörg Brynleifsdóttir og börn þeirra eru Valdimar Leó, 17 ára, og Karen Lilja, 14 ára.

„Ég hef alla tíð verið smiður og smitaðist af smiðabakteríunni þegar foreldrar mínir byrjuðu að smíða sitt hús, en þá var ég á minnu fimmta aldursári. Þá var ekki aftur snúið,“ segir Vignir í léttum tón, en hann tók sveins- og meistaraþróf á tvitugsaldri. Verkin eru mörg eftir 25 ára starfsferil sem smiður.

Veiðin truflar ekki mætingu

Hvað tómstundir varðar hefur veiðidellan verið í forgrunni undanfarin ár, hvort tveggja stang- og skotveiði. Vignir segir að árið sé hreinlega að stórum hluta skipulagt út frá því hvar hann hefur átt veiðileyfi.

„Því var það ágætis viðbót við veiðibakteríuna að stúkustarf hefst að hausti og ljúki að vori,“ segir hann. „Veiðin truflar því ekki mætingu á fundi nema að litlu leyti.“



Vignir Hreinsson er með mikla veiðidellu og hampar hér einum vænum urriða.



Vignir nýliði í Ingólfi á Októberfest. stúkunnar í haust.

Aðspurður kveðst hann hafa haft þörf fyrir eitt-hvað nýtt á þeim tíma þegar hann ákvað að ganga í Oddfellowregluna.

„Þetta var heillaskref, en þá voru nokkrir kunningjar mínir búnir að bera það í mig að fá kynningu á stúkustarfinu. Það varð úr að ég leit við í kaffi á Rakarastofunni Herramenn þar sem talsverður fjöldi Oddfellowbræðra hittist á hverjum föstudegi. Það var eftir stutta kynningu sem ég ákvað að setja inn umsókn í Oddfellow og eftir skamma bið var komið að vigslnunni,“ segir Vignir.

Hann segir stúkustarfið hafa verið fjölbreytt og skemmtilegt. „Maður finnur að mæting á fundi helst tvímælalaust í hendur við það hve auðvelt er að kynnst nýju fólki í stúkunni,“ segir Vignir, en innan stúkunnar hefur starf skemmtinefndar staðið upp úr að hans mati.

„Þegar maður er nýr er það frábær nefnd til þess að byrja þá vegferð að kynnst starfi innan Oddfellowreglunnar betur,“ segir hann.

Höfundur: Jón Birgir Eiríksson, St. nr. 5, Þórsteini

Konungsskildir heimsóttu Egilsbræður

Langt og farsælt vinastúkusamband okkar Egilsbræðra við bræður okkar í St. nr. 40, Kong Skjold, í Holbæk í Danmörku, á sér upphaf fyrir meira en aldarfjórðungi, því fyrstu samskipti í aðdraganda tengslanna voru árið 1999. Það var fyrrum stórsír Oddfellowreglunnar og bróðir okkar í Agli, Guðmundur Eiríksson, sem lagði grunninn að vinastúkusambandinu, en hann var á þeim tíma fyrrum ritari St. nr. 8, Egils.

Síðan hafa fjölmargar heimsóknir verið á milli þessara tveggja stúkna og síðastliðið vor var komið að heimsókn bræðranna í Kong Skjold til okkar Egilsbræðra. Í undirbúningsnefnd fyrir heimsóknina voru skipaðir bræðurnir Bergþór Guðmundsson, Smári Guðjónsson, Einar Harðarson og Þráinn Haraldsson. Einnig komu að heimsókninni margir aðrir Egilsbræður ásamt stjórn stúkunnar, skemmtinefnd og stjórn verkefnasjóðs stúkunnar.

Það voru 34 gestir frá Holbæk sem komu á Akranes að kvöldi fimmtudagsins 1. maí síðastliðinn, 19 bræður og 15 eiginkonur. Flestir gistu heima hjá Egilsbræðrum en nokkrir gistu á Gistiheimilinu Móum rétt fyrir utan Akranes. Gestgjafar og tengiliðir þeirra sem gistu að Móum tóku á móti gestunum í Oddfellowhúsinu og voru gestir og gestgjafar/tengiliðir paraðir saman. Margir þekktust frá fyrri heimsóknum en aðrir voru nýir, bæði frá Kong Skjold og Agli. Léttur málsverður var fram borinn og undir



Guðmundur Eiríksson segir frá uppbyggingu í Urriðaholti og á golfvelli um Urriðavelli, fáeinum dögum áður en síðara kjörtímabili hans lauk sem stórsír Oddfellowreglunnar á Íslandi.

borðum afhentu gestgjafar og tengiliðir gestunum að gjöf minjagrip, sem er þrívíddarprentaður platti af Akrafjalli og Akranesi með áletrun um heimsóknina. Br. Guðmundur Rúnar Hjörleifsson er hönnuður og framleiðandi þessa flotta minjagrips.

Gestum boðið heim í mat

Daginn eftir, 2. maí, skipulögðu gestgjafar og tengiliðir dagskrá fyrir sína gesti. Flestir fóru í skoðunarferðir á áhugaverða staði í nágrenninu, svo sem um Borgarfjörð, Suðurland eða Suðurnes. Sumir Egilsbræður tóku sig saman um að ferðast með gesti sína og mynduðust þannig nokkrir ferðahópar, allt eftir því hvað hentaði hverjum og einum. Í lok dags buðu gestgjafar og tengiliðir frá Agli gestunum í mat heima hjá sér í smærri eða stærri hópum.

Laugardaginn 3. maí fóru gestirnir í skipulagða ferð um Hvalfjörð með góðri leiðsögn. Áður en lagt var af stað kom óvæntur gestur riðandi á hestum sínum tveimur til móts við ferðafólkið. Þar var kominn br. Guðlaugur Óskarsson og vakti koma hans og fáka hans mikla lukku. Í ferðinni um Hvalfjörð var komið við á völdum stöðum, svo sem við Fossá, við Meðalfellsvatn, í Vatnaskógi og í Hallgrímskirkju í Saurbæ, þar sem br. Þráinn Haraldsson, sóknarprestur á Akranesi, sagði frá sögu kirkjunnar. Síðdegis var stúkufundur í Agli þar sem bræðurnir í Kong Skjold



Guðlaugur Óskarsson Egilsbróðir kom óvænt í hlað í Hvalfirði á hestum sínum.



Dönsku gestirnir, bræður og makar, frá Kong Skjold með Meðalfellsvatnið í Kjós í bakgrunni, er þau voru á ferð um Hvalfjörð ásamt Egilsbræðrum og þeirra mökum.

voru gestir okkar. Á meðan á fundi stóð var dagskrá fyrir eiginkonur bræðra beggja stúknanna í umsjón skemmtinefndar. Eftir stúkufundinn var hátíðarkvöldverður og skemmtun í Oddfellowhúsinu, þar sem m.a. kom fram kór Egilsbræðra, Silfur Egils.

Sunnudagurinn 4. maí var lokadagur heimsóknarinnar, en nokkrir gestanna framlengdu dvöl sína á Íslandi á eigin vegum. Eftir bröns og kveðjustund í Oddfellowhúsinu fóru gestirnir til Keflavíkur með viðkomu í Urriðaholti, þar sem Guðmundur Eiríksson kom í rútuna og sagði frá sögu staðarins og þeirri uppbyggingu sem hefur átt sér stað þar og er framundan. Það var virkilega ánægjulegt að Guðmundur gerði þetta sem stórsir Oddfellowreglunnar eftir að hafa verið frumkvöðull að vinastúkusambandinu fyrir meira en aldarfjórðungi og ávallt verið áfram um að halda því við.

Höldum veginum við

Heimsókn vina okkar Egilsbræðra í dönsku stúkunni Kong Skjold og eiginkvenna þeirra tókst í alla staði mjög vel. Hún dýpkaði enn hið góða samband sem skapast hefur á milli stúknanna, bræðranna í báðum stúkum og eiginkvenna þeirra. Ákveðið var að stefna að næstu heimsókn okkar Egilsbræðra til Holbæk eftir tvö ár en ekki þrjú, eins og hefð hefur verið fyrir.

Að lokum er tilvísun í orð fyrrum stórsirs, Guðmundar Eiríkssonar, sem hefur líkt vinastúkusambandinu við það að byggja upp veg og halda honum við:

„Það er vandasamt að byggja vegi. Það er einnig flókið og oft á tíðum erfitt að halda vegum við. Ógengin og fáfarin slóð grær upp, holur og ójöfnur myndast og vegurinn verður torfarinn. Leggjum okkar af mörkum til að ryðja hindrunum úr vegi og halda honum við.“

Höfundur: Bergþór Guðmundsson, fyrrum meistari í St. nr. 8, Agli

FLÍSAR OG HREINLÆTISTÆKI

ÞÚ FÆRÐ ALLT FYRIR BAÐHERBERGIÐ Í MIÐSTÖÐINN!

MIÐSTÖÐIN – í meistara höndum

Strandvegi 30 | s. 481 1475 | www.midstodin.is | [f /midstodin](https://www.facebook.com/midstodin)

Fædd og uppalin í Oddfellow

Sigrún Guðmundsdóttir er stofnandi og fyrrum meistari í Rbst. nr. 12, Barböru, og stofnandi og fyrrum höfuðmatriarki Rebekkubúða nr. 1, Þórhildar. Hún var á árinu útnefnd heiðursfélagi búðanna.

Að vera kjörin heiðursfélagi og sæmd heiðursmerki kom Sigrúnu skemmtilega á óvart. Hún er fædd árið 1938 og gekk í Oddfellowregluna árið 1967, þá aðeins 29 ára. Reglualdur hennar spannar því rúm 58 ár. Þegar blaðamaður falaðist eftir viðtali bauð Sigrún í heimsókn til sín í fallega íbúð í miðbænum með ægifygru útsýni þar sem Esjan blasir við. Sigrún hefur langa reynslu af stúkustarfi og tekur virkan þátt í því eins og hún hefur gert frá upphafi.

Fengu að valsa um húsið

Sigrún segist í raun hafa verið fædd og uppalinn í Oddfellow. Foreldrar hennar voru bæði í Reglunni; Guðmundur Kristinn Halldórsson húsgagnameistari vígðist í St. nr. 5, Þórstein, árið 1938 og Þórey Þorkelsdóttir vígðist í Rbst. nr. 1, Bergþóru, árið 1959 og var ein af stofnendum Sigríðar ári síðar.

„Ég þekkti Vonarstrætið vel frá bernskuárunum. Jólaböllin þar voru alltaf svo eftirminnileg og við börnin fengum að valsa um húsið sem okkur þótti ógurlega spennandi. Regluleg fundasókn foreldra minna fór ekki framhjá mér og vakti forvitni mína. Ég hafði alltaf á takteinum hvert pabbi væri að fara þegar hann var kominn í finu fötin, því pabbi sagði alltaf að allir fimmtudagar væru Þórsteinsdagar,” segir hún.

Tengsl Sigrúnar við Oddfellow eru enn sterkari. Báðir tengdaforeldrar hennar voru í Reglunni sem og eiginmaður hennar heitinn, Magnús M. Brynjólfsson, sem var í Þórsteini. Var brúðkaupsveisla þeirra haldin í Oddfellowhúsinu að Vonarstræti árið 1962. „Að sjálfsögðu,” segir Sigrún og brosir. Magnús féll frá árið 1997, 61 árs að aldri. Blessuð sé minning hans.

Áhugi á Oddfellow kviknaði hjá Sigrún löngu áður en hún gifti sig. „Ég man alltaf eftir orðum mömmu sem sagði að ef ég ætlaði að ganga í Regluna ætti ég að taka virkan þátt í stúkustarfinu og sinna því sem ég væri beðin um og mæta á alla fundi.” Þetta höfðaði til Sigrúnar enda mættu allir á alla fundi í þá daga. Það var númer eitt, tvö og þrjú að kynnast starfseminni, síðum hennar og reglum.

Sigrún vígðist í Rbst. nr. 4, Sigríði, og var þar í 32 ár og var meðal annars yfirmeistari. Hún var ein af stofnendum Rbst. nr. 12, Barböru, árið 1999 og fyrsti yfirmeistari stúkunnar.



Sigrún Guðmundsdóttir heiðursfélagi fyrir miðju, ásamt mtr. Önnu Þ. Ottesen og Guðrúnu Bjarnadóttur.

Horft til útlanda

„Ég ólst upp í Þingholtunum og er millistiðsára-barn,” segir Sigrún. Hún minnst þess að hafa gengið framhjá bröggunum á Skólavörðuholti á leiðinni í skólann og séð hermenn á rölti sem buðu börnunum sælgæti en móðir hennar varaði hana stranglega við því að þiggja gjafir frá hermönnum.

Eftir barnaskólagöngu í Ísaksskóla og Miðbæjar-skóla fór Sigrún í Kvennaskólann en síðan lá leið hennar til Danmerkur í húsmæðraskóla, þar sem hún dvaldi í eitt ár í Holte skammt frá Kaupmannahöfn. Sigrúnu bauðst einnig að fara til Englands og dvaldi hún í eitt ár hjá enskum læknishjónum sem áttu tvö börn. Tengslin við Danmörku hafa haldist í gegnum Oddfellowregluna.

„Við áttum mikil samskipti og gott samstarf við Danmörku þegar við vorum að undirbúa stofnun Þórhildar, fyrstu Rebekkubúðanna hér á landi. Danskir matriarkar komu í heimsókn til okkar og aðstoðuðu okkur og við heimsóttum þær,” segir Sigrún. Til gamans má geta þess að árið 1979 voru sjö íslenskar systur kallaðar til búða í Kaupmannahöfn



Sigrún hér fyrir miðju í góðum félagsskap systra úr Rbst. nr. 12, Barböru.

og var Sigrún ein þeirra. Það voru fimm systur úr Bergþóru og tvær systur úr Sigríði. Búðastigið fengu þær á fundi í Oddfellowhöllinni í Kaupmannhöfn og í huga Sigrúnar var það stór og eftirminnilegur dagur.

Oddfellow hefur gefið mikið

Sigrún hefur hlotið fjölda viðurkenninga á löngum ferli. Henni þykir ákaflega vænt um að hafa verið kjörinn heiðursfélagi Þórhildar og að vera sæmd heiðursmerki búðanna í þakklætis- og viður-

kenningskyni fyrir langt og vel unnið starf í þágu Oddfellowreglunnar. „Oddfellowreglan hefur gefið mér afskaplega mikið, vináttu og kærleika, og þar hef ég kynnst þverskurði af íslensku þjóðfélagi,” segir Sigrún að lokum.

Við þökkum systur Sigrúnu kærlega fyrir spjallið og óskum henni innilega til hamingju með heiðursmerkið sem hún er svo sannarlega vel að komin.

*Höfundur: Ágústa Unnur Gunnarsdóttir,
Rbst. nr. 1, Bergþóru*

LJÓÐ Á JÓLUM

Friðarboð í hverju hjarta

Jón Páll Rink, bróðir í þorfinni karlsefni, sendi blaðinu eftirfarandi ljóð í tilefni aðventu og jóla. Ljóðið samdi stúkubróðir hans, Dagur Stefán Ásgeirsson, fyrir um 30 árum og Jón Páll segir það hafa staðist tímans tönn nokkuð vel, þó enn sé heimsbyggðin ekki laus við stríð. Textinn ómi vel friðarboðskap jólaanna.

*Á jólum þegar ljósin skærust loga
og ljúfur friður vakir yfir jörð,
þá ríkir fegurð björt um himinboga
og bindur allt í helga sáttargjörð.*

*Það er sem lífið skryðist litum nýjum
að lífni allt er áður var svo grátt,
því jólastjarnan björt að baki skýjum
nú blikar tær og lýsir hverja gátt.*

*Nú þjóðum öllum lýsir ljósið hjarta
það logar skært á helgri jólanótt
og friðarboð má finna í hverju hjarta
sem fagnar því að geta sofið rótt.*

*Við saman getum fagnað friði sönnum
og fegurð þess sem lífið okkur ber.
Þó oft sé dimmt í dagsins þungu önnum
er drottins birta hvar sem gengið er.*

*Höfundur: Dagur Stefán Ásgeirsson,
St. nr. 10, Þorfinni karlsefni*

35 ára afmælistímið GOF sérlega veglegt

Landsmót Golfklúbbs Oddfellowa, GOF, fór fram á Urriðavelli í sumar, dagana 8.-9. ágúst. Mótið var sérlega veglegt í ár, á 35 ára afmælisári GOF, og fór fram í bliðskaparveðri.

En förum fyrst aðeins aftur í tímann. Árið er 2024. Það er þriðjudagurinn 16. apríl, klukkan 11:30, þegar þeir stjórnarmenn GOF stiga inn á Berjaya Reykjavík Natura hótelið til skrafs og ráðagerða. Þetta var fyrsti fundurinn af mörgum. Á borðinu lá bókstaflega autt blað, en í hugum brunnu hugmyndir um landsmót sem yrði stærra, fallegra og eftirminnilegra en nokkru sinni fyrr. Þarna var ákveðið að landsmótið 2024 yrði generalprufa fyrir afmælislandsmótið 2025, þar sem bræður, systur og makar myndu gleðjast, spila golf og efla bönd vináttu.

Byrjað með púttmóti

Svo rann stundin upp. Daginn fyrir mótið í sumar, þann 8. ágúst, komu þátttakendur saman á Berjaya Reykjavík Natura. Léttar veitingar, góðar kveðjur, hlýjar samræður og gleði fylltu salinn. Trúbadorinn Ingvar Valgeirsson sá um tónlistina og skapaði notalegt andrúmsloft þar sem fólk spjallaði, hló og hitti gamla og nýja vini.

Þar fór fram skemmtileg púttkeppni. Af þeim sem reyndu sig setti 51 keppandi púttið niður einu sinni og hlutu þrjá sérmerktu GOF bolta. Þeir 24 sem náðu tveimur púttum fengu til viðbótar glæsilega GOF derhúfu, og þegar þrjú pútt rötuðu í röð ofan í holu var verðlaunapakinn fullkomnaður með GOF handklæði. Stemningin var frábær og eftirvænting lá í loftinu.

Í móttökunni var vallarstjóra Urriðavallar, Tryggva Ölveri Gunnarssyni, veitt viðurkenning og innilegar þakkir fyrir 25 ára starf í þágu vallarins og farsælt samstarf við GOF í gegnum árin.

177 kepptu á Urriðavelli

Daginn eftir, 9. ágúst, fór sjálft landsmótið síðan fram, þar sem Urriðavatnsdalir skörtuðu sínu fegursta í bliðskaparveðri. Alls tóku 177 keppendur þátt og var keppt í flokkum bræðra, systra, maka og heldri keppenda (75+), auk stúkukeppni þar sem þrjú bestu skor hverrar stúku töldu. Veitt voru nándarverðlaun á öllum þar 3 holum og fyrir lengsta upphafshögg kvenna á 9. holu og karla á 11. holu.

Þrátt fyrir keppnissskapið ríkti fyrst og fremst andi vináttu og gleði, eins og landsmót Oddfellowa á að vera. Þátttakendur nutu dagsins til fullnustu



Slegið upp úr einni glompu Urriðavallar með tilþrifum.

og margir kváðust aldrei hafa fundið jafn sterkan bræðra- og systraanda á golfvelli.

Að móti loknu var slegið upp glæsilegu lokahófi og afmælisveislu í Miðgarði við Vífilsstaði, þar sem 202 gestir komu saman. Veitingarnar voru frábærar og almenn ánægja með kvöldið. Axel og hans fólk tókst að töfra fram veislumat að hætti meistaranna.

Óskar í Heiðurshöllina

Veislustjóri og DJ kvöldsins var Siggí Hlö, sem stýrði gleðinni af kunnáttu og léttleika. Í veislunni hélt Ingvar Valgeirsson trúbador stemningunni lifandi með söng, rytma og sjarma fram undir miðnætti.

Kvöldið markaði einnig sögulegan áfanga þegar Óskar G. Sigurðsson, St. nr. 12, Skúla fógeta, var tekinn inn í Heiðurshöll Golfklúbbs Oddfellowa, fyrstur allra. Óskar er einn af helstu brautryðjendum golfs innan Oddfellowreglunnar og á stóran þátt í því að landsmót og golfstarf hafi fest sig í sessi innan Reglunnar. Hann átti frumkvæði að fyrsta landsmótinu árið 1989, var fyrsti formaður GOF og lykilmaður í uppbyggingu golfvallargerðar í Urriðavatnsdölum. Það var því við hæfi að hann skyldi verða sá fyrsti sem hlyti þennan heiður, í heiðursrými sem mun fyllast af minningum bræðra og systra, af virðingu og frásögnum komandi ára.

Þakklæti og framtíð

Mótsstjórn vill færa öllum sem komu að undirbúningi og framkvæmd innilegar þakkir; sjálfboðaliðum, styrktaraðilum, starfsfólki, keppendum og gestum.

Þetta landsmót var sönn hátíð Oddfellowa, hátíð vináttu, kærleika og sannleika.

Við litum stolt til baka, en með enn meiri eftirvæntingu til framtíðar. Næsti kafli biður handan við hornið, með sól, samveru og golfi á Spáni árið 2026. Þangað förum við einhuga og sammála um það sem mestu máli skiptir:

Við mætum, við gleðjumst, við njótum saman. Í vináttu, kærleika og sannleika.

*Höfundar:
Valdimar Júlíusson, Trausti Viglundsson
og Þórður Ingason, f.h. GOF*



Þórður Ingason frá GOF heiðraði Óskar G. Sigurðsson.



Veðrið á landsmótinu var frábært og stemning kylfinga eftir því, eins og meðfylgjandi myndir bera með sér.

Hlakka til næstu 100 ára

Herjólfræður í Vestmannaeyjum héldu upp á 100 ára afmæli stúkunnar sl. vor með mikilli viðhöfn og ánægju. Dagurinn 24. maí var bjartur og fagur, líkt og við hæfi þegar stúka fagnar heilli öld af bræðralagi, vináttu og þjónustu.

Hátíðarfundur var haldinn í Herjólfsbæ, þar sem ríkti hátíðlegt og notalegt andrúmsloft. Vel var mætt, rúmlega 140 reglusystkini tóku þátt í fundinum, sem er með þeim fjölmennustu sem haldnir hafa verið í sögu stúkunnar.

Þórður Rafn heiðursfélagi

Á fundinum var bróðir Þórður Rafn Sigurðsson útnefndur heiðursfélagi stúkunnar og hlaut hann heiðursmerki í virðingarskyni fyrir ómetanlegt starf sitt í þágu Herjólfsbræðra í gegnum árin. Athöfnin var sérstaklega hjartnæm, þar sem það voru barnabarn og sonur Þórðar Rafns sem færðu honum merkið. Það var augljóst að stundin snerti marga, og vakti djúpar og hlýjar tilfinningar meðal viðstaddra.

Að loknum fundi var efnt til móttöku í veislusal Herjólfsbæjar, þar sem kynntar voru þær umfangsmiklu framkvæmdir og endurbætur sem hafa staðið yfir á undanförunum misserum. Með nýrri hönnun, endurbættri aðstöðu og endurnýjuðu húsrými er markmiðið að efla starfsemi stúkunnar og skapa hlýlegt og virðulegt heimili fyrir komandi kynslóðir bræðra.

Styrkur, eining og hlýja

Um kvöldið var svo haldinn hátíðarkvöld-verður þar sem öllu var tjaldað til. Veislustjóri kvöldsins var Ásmundur Friðriksson, sem stýrði dagskránni af bæði virðingu og léttleika. Maturinn var frábær, tónlist og skemmtanir glöddu gesti, og yfir öllu ríkti gleði, samhugur og bræðralag.

Afmælishátíðin var í alla staði glæsileg og mun án efa lifa lengi í minni þeirra sem hana sóttu. Hún var tákni um þann styrk, einingu og hlýju sem hefur einkennt Herjólfsbræður í heila öld – og verður vonandi áfram leiðarljós næstu hundrað árin.

Við Herjólfsbræður erum djúpt þakklátir öllum þeim sem komu að undirbúningi og framkvæmd afmælishátíðarinnar, jafnt bræðrum sem gestum. Þessi dagur sýndi enn á ný hversu sterkt bræðralagið, vináttan og samheldnin eru í stúkunni Herjólfs.

Við litum bjartsýnir fram á veginn og hlökkum til næstu hundrað ára í anda trausts, trúnaðar og bróðurlegrar virðingar.

Höfundur: Ingi Rafn Eypórsson, ym St. nr. 4, Herjólfs



Þórður Rafn Sigurðsson var útnefndur heiðursfélagi Herjólfs og heiðursmerkið fékk hann frá syni sínum og sonarsyni, Eypóri Þórðarsyni og Inga Rafni Eypórssyni yfirmeistara.



Stórstúkustjórn Oddfellow var meðal viðstaddra á afmælisfundi Herjólfsbræðra í tilefni aldarafmælis stúkunnar.

ÞÖKKUM ODDFELLOW FRAMLAGIÐ TIL SAMFÉLAGSINS!



BAADER ///

VK
vörukaup

net🌍hamar

KG
HRAÐFRYSTIHÚSIÐ-
GUNNVÖR HF.

BAUHAUS

SÉR
MERKT
AUGLÝSINGAVÖRUR

olis

RUBIX
Traustur félagi í iðnaði

VÍSIR

FAGFORM
...Gerum allt merkilegt

BRIM

GEISLI

Síminn

málning

Finnar hjá Snorra goða

Á 35 ára afmælisári St. nr. 16, Snorra goða, fyrir tveimur árum var ákveðið að fara á fund í Finnlandi hjá stúkunni Porkkala Lodge, nr. 39. Þá fóru 98 bræður og makar og var það frábær ferð í alla staði. Myndaðist góður vinskapur á milli stúknanna sem varð til þess að Finnarnir ákváðu að endurgjalda heimsóknina, koma til Íslands á fund hjá okkur og njóta landsins í leiðinni.

Um miðjan september síðastliðinn heimsóttu þeir okkur og sátu okkar fyrsta fund í haust. Alls komu 13 bræður frá Finnlandi og meðal viðstaddra á fundinum var Stefán Stefánsson, varastórsir, sem hljóp í skarðið fyrir Steindór Gunnlaugsson, stórsir, sem forfallaðist á síðustu stundu.

Fram fóru almenn fundarstörf þar sem m.a. var kosið um innsækjanda og Kristján Óli Hjaltason, fyrrum meistari Snorra goða, flutti erindi um sannleikann. Gerði Kristján það á sænsku en erindið var prentað út fyrir bræður á íslensku og sænsku. Síðar var erindið þýtt yfir á finnsku og sent á bræður í Porkkala.

Skipst á gjöfum

Við þetta tækifæri fól stjórn Snorra goða bróður Garðari Pétursyni að hanna sérstakt borðmerki sem minnti á þetta ferðalag Porkkala bræðra til Íslands. Br. Heimir Hauksson, eigandi Stál & suðu í Hafnarfirði, framleiddi merkið og afhenti það til okkar finnsku bræðra að fundi loknum.

Eftir fundinn nutu bræður samverustundar í matsal þar sem Olli Peltonen, yfirmestari Porkkala, tók til máls og þakkaði þeim bræðrum sem báru hitann og þungann af heimsókninni, þeim Birni Guðbjörnssyni, stórfulltrúa, Ragnari, Hirti Kristjánsyni, starfandi fyrrum meistara, og Gísla Ósvaldi Valdimarssyni, undirmeistara. Þá veitti Gunnar Þór Jóhannesson, yfirmestari Snorra goða, móttöku bókum að gjöf frá Olli Peltonen er fjölluðu um 1.000 vötn og fuglalíf í Finnlandi.

Á meðan finnsku bræðurnir voru á fundi hjá okkur var skipulögð fyrir eiginkonurnar heimsókn til Handþrjónasambands Íslands, sem mikil ánægja var með. Daginn eftir, á föstudegi, var farið með finnska hópinn í ferð um Gullna hringinn. Með í för voru



Finnskir gestir og gestgjafar við borðhald í Staðarbergi.

Björn Guðbjörnsson og Bergþór Júlíusson frá Snorra goða og sá Bergþór um leiðsögnina, enda starfar hann sem leiðsögumaður erlendra ferðamanna og miðlaði fróðleik sínum af einstakri lipurð og áhuga.

Fyrsti viðkomustaður var Þjóðgarðurinn á Þingvöllum, þar sem saga Alþingis og íslenskrar þjóðar var rifjuð upp. Því næst var haldið að Friðheimum þar sem hópnum var tekið með mikilli gestrisni. Þar kynntust gestirnir einstöku samspili íslensks landbúnaðar og nýsköpunar. Ferðin hélt svo áfram að hinum stórbrotnu náttúruperlum, Geysi og Gullfossi.

Við Gullfoss rifjaði Bergþór upp sögu Sigríðar frá Brattholti, konunnar sem barðist af hugrekki fyrir að vernda fossinn og varð þar með tákni um náttúruvernd á Íslandi.

Finnsku bræðurnir voru kátir og áhugasamir og sýndu íslenskri sögu og náttúru mikinn áhuga. Þeir lýstu ferðinni sem bæði fræðandi og eftirminnilegri, og sögðu dvölina á Íslandi hafa verið upplifun sem þeir myndu seint gleyma.

Að morgni laugardagsins, 20. september, komu yfir- og undirmeistari Snorra goða til móts við Porkkala-bræður og maka í anddyri Berjaya Reykjavík Marina hótelsins við Reykjavíkurhöfn. Þaðan var gengið að Odddfellow húsinu í Vonarstræti 10, þar sem Stefán, varastórir, tók á móti hópnum, sagði þeim sögu hússins og kynnti einnig uppbygginguna í Urriðaholti og byggingu nýja regluheimilisins þar.

Fundu hitann frá nýja hrauninu

Að lokinni heimsókn í Vonarstrætið var farin rútuferð til Grindavíkur og heimsókn í Bláa lónið. Á leiðinni





Farið var með finnsku gestina gullna hringinn og hópurinn stillti sér upp fyrir myndatöku við Gullfoss.

um Grindavíkurvegin, að afleggjaranum að Bláa lóninu, voru finnsku gestirnir okkar upplýstir um eldgosin og hraunin, sem höfðu runnið frá fyrsta gosinu við Fagradalsfjall. Við afleggjarann var stoppað við hraunvegginn, þar sem hraun hafði tvívegis runnið yfir veginn. Gestirnir frá Finnlandi gátu á þessum stað gengið að hraunveggnum og fundið enn hitann sem kemur frá nýja hrauninu. Sumir gestirnir tóku minjagrip og settu hraunmola í vasann og eða í bakpokann.

Tekin var hópmýnd og síðan ekið áfram til Grindavíkur um nýjan veg sem liggur ofan á nýja hrauninu. Gamli Grindavíkurvegurinn er farinn undir hraunbreiðu við Þorbjörn. Það er mikið sjónarspil að sjá

alla hraunbreiðuna sem liggur að varnargörðunum við Grindavík. Viða er hraunið enn heitt og hitagufa stigur upp úr hraunbreiðunni.

Þegar komið var inn fyrir varnargarðana inn í Grindavík var stoppað á bilastæðinu nærri ráðhúsi bæjarins. Þar er búið að setja upp stórar myndir á steypa stöpla, sem sýna söguna um gosin og rýmingu Grindavíkur. Gestunum fannst tilkomumikið að sjá þessa sögu. Síðan var ekið um bæinn til að skoða vegsummerki jarðhræringanna. Viða eru lokuð svæði með girðingum þar sem húsin eru mikið sprungin og yfirborð landsins hefur gengið mikið til.

Á einum stað í bænum er hægt að keyra alveg að hrauninu sem kom upp rétt við nýjustu húsin. Þar eyði-



Gestirnir frá Finnlandi gátu gengið að hraunvegg nálægt Grindavík og fundið hitann frá hrauninu.

lögðust fjögur hús þegar hraunið rann yfir þau. Mjög áhrifamikið er að koma á þennan stað þar sem hægt er að virða fyrir sér eyðileggingarmátt náttúrunnar.

Vikkar sjóndeildarhringinn

Eftir skoðunarferðina var ekið til baka um nýja Grindavíkurveginn að nýja bílastæðinu við Bláa lónið. Eldri aðkoma og bílastæði fóru undir hraun í einu gosinu. Var hópurinn vel tilbúinn að komast í afslöppun í lóninu og hafði mikla ánægju af. Um kvöldið var síðan snætt í Matarkjallaranum við Aðalstræti 2 í miðbæ Reykjavíkur, í göngufæri frá Marina hótelinu þar sem gestirnir dvöldu.

Svona heimsókinr eru frábærar í alla staði, þær efla samstöðu bæði á milli bræðra og eiginkvenna og efla kynni þeirra sem og bæta við nýjum vinum og kunningjum. Það vikkar sjóndeildarhringinn og eflir stúkustarfið.

*Höfundar:
Björn Guðbjörnsson, Gunnar Þór Jóhannesson,
Gísli Ósvaldur Valdimarsson og Bergþór Júlíusson,
St. nr. 16, Snorra goða*



Bergþór Júlíusson var leiðsögumaður finnsku gestanna.

Fundar-
fatnaður,
yfirhafnir
og allt
hitt líka



belladonna

Dalvegur 30, 201 Kópavogur | Sími 517 6460

f VersluninBelladonna | Netverslun á www.belladonna.is

Óskum viðskiptavinum
okkar og landsmönnum
öllum gleðilegra jóla
og farsældar
á nýju ári



Starfsfólk
Höfði
fasteignasölu



Suðurlandsbraut 52
Sími 533 6050
www.hofdi.is

Vel mætt á opið hús á Sauðárkróki

Oddfellowstúkurnar á Sauðárkróki, Sif og Eir, buðu gestum og gangandi í opið hús í regluheimilinu við Víðigrund sl. vor, nánar tiltekið 26. apríl. Þar bauðst fólki að skoða húsakynninn, fræðast um starf stúknanna og Oddfellowreglunnar og þiggja léttar veitingar.

Opna húsið tókst mjög vel, nokkrir tugir gesta litu við þennan laugardag og að sögn Jóhanns Helga Sigmarssonar, yfirmestara í Sif, þar viðburðurinn þann árangur að nokkrar umsóknir um inntöku í stúkurnar bárust í kjölfarið.

Jóhann segir opið hús hafa verið haldið í mars 2023 skömmu eftir að regluheimilið var opnað að nýju eftir framkvæmdir árin á undan.

„Þá kom nokkur fjöldi fólks í heimsókn enda voru margir forvitnir um þetta glæsilega endurbætta Regluheimili. Fljótlega eftir þetta skapaðist sú umræða hvort hægt væri að endurtaka leikinn síðar. Fremstur í flokki fór þar br. Björn Björnsson sem vonaðist til að opið hús drægi að ný reglusystkini. Það var svo snemma á þessu ári að stúkurnar á



Reglusystkini úr Sif og Eir ræddu við gesti er heimsóttu heimilið að Víðigrund 5 á Sauðárkróki.

Sauðárkróki sammæltust um að efna aftur til slíks viðburðar á vordögum,” segir Jóhann og vonast til að Sifjarbræður og Eirarsystur endurtaki leikinn reglulega á komandi árum.



Regluheimili Oddfellow að Víðigrund á Sauðárkróki hefur verið stækkað og fengið mikla andlitslyftingu.

Við skulum þora, geta og vilja

Þegar ég í október síðastliðnum var beðin af systur minni í Rebekku-stúku nr. 20, Halldóru á Selfossi, að flytja gullkorn á stúkufundi ákvað ég að tileinka það kynsysturum okkar. Októbermánuður hefur nefnilega að geyma Bleika daginn annars vegar, árveknisátak gegn krabbameini í konum, og kvennafridaginn hins vegar, sem helgaður er baráttu kvenna fyrir jöfnum kjörum á við karla.

Ég valdi orð fyrrum forseta okkar Íslendinga og fyrsta kvenforseta í heimi, kvenskörungsins frú Vigdísar Finnbogadóttur, sem gullkorn dagsins: „Það stóð nú aldrei til að hafa íslensku þjóðina á brjósti.“ Þessi setning segir nefnilega svo mikið. Hún sagði mikið þá og segir enn.

Svarið hnyttu og beinskeytta kom einmitt í kjölfar spurningar um hvernig hún ætlaði að sinna embætti forseta Íslands með aðeins eitt brjóst. En Vigdís hafði áður fengið brjóstakrabbamein. Hún svaraði strax, lét ekki þagga niður í sér, fór sína eigin leið og eftirleikinn þekkjum við. Hún vissi hvað hún stóð fyrir, hún var ávallt samkvæm sjálfri sér. Já, hún var hinn raunverulegi áhrifavaldur.

Ég og við allar höfum verið svo heppnar að eiga fullt af kvenfyrirmyndum bæði í rauntíma en einnig í sögunni okkar, sem fóru sínar eigin leiðir, mörkuðu spor sem eftir var tekið. Voru skörungur hver á sínu sviði, sem aldrei gleymast, sumar raunverulegar en sumar „ævintýrlegar.“ Þær gerðu hlutina á sinn hátt, sama hvað gert hafði verið fram að því og sama hvað hver sagði.

Dæmi um kvenfyrirmyndir

Tökum dæmi. Þyrnirós er til dæmis fyrsta skráða konan í heiminum sem tók „smá lúr“ og vaknaði ótrúlega fersk, slétt og fögur nákvæmlega 100 árum seinna.

Ragga Gísla, tónlistardrottning Íslands, kom fram með „hvað er svona merkilegt við það að vera karlmaður“ í laginu *Ekkert mál* sem hún söng með sinni dimmu og hrjúfu rödd. Hljómaði hreint eins og eldgos á rigningarnóttu.

Mjallhvít bjó með sjö körlum í skóginum og enginn sagði neitt. Allir unnu heimilisverkin til jafns og þótti ofur eðlilegt.

Jóhanna Sigurðardóttir sannaði fyrir okkur að ekki



Arnarhöll var fjölmennur á síðasta kvennafrideginum, 24. október.

þyrfti testosterón til að stjórna heilu landi – bara sterka grasrót og kjark.

Það var líka kona sem fékk frægasta kinnhest sögunnar, já kvenskörungurinn Hallgerður langbrók. Hann dró aldeilis dilk á eftir sér, því Hallgerður gleymdi honum aldrei, hann hafði sögulega eftirmála.

Öskubusku þekkjum við sem sagði skilið við þrif og þvotta á met tíma og skelkti sér beint í konunglega glamúrlífið, andstætt stétt sinni og stöðu og langt á undan sinni samtið.

Hvað skyldu þessar konur hafa átt sameiginlegt? Jú, þetta eru allt konur, konur sem komu fram langt fyrir tíma YouTube, Instagram og Tik Tok, þar sem samanburðurinn er allsráðandi. Allt konur sem skilja eftir sig spor. Þær eru ólíkar, sterkar og ógleymanlegar. Þær lifa í menningu okkar; sögunni, bókum, kvikmyndum, stjórnmálum, tónlist. Þær eru áhrifa-valdarnir okkar.

Þær sýna okkur að við getum skrifað okkar eigin sögu, staðið saman, stutt hvor aðra, barist fyrir réttindum okkar, heilsu og lífi þrátt fyrir ólíkar aðstæður.

Hugsum þá til Vigdísar, hinnar mögnuðu konu sem breytti handritinu og skrifaði söguna upp á nýtt. Okkur öllum til heilla, hvaða kyni sem við tilheyrum.

Já við skulum þora, geta og vilja! Ég treysti ykkur til þess kæru Oddfellowar og allir aðrir.

Höfundur:

Anna Margrét Magnúsdóttir, Rbst. nr. 20, Halldóru

Ljósmynd: Eggert Jóhannesson, Morgunblaðinu

Ertu stjórnandi?

Við vinnum fyrir þig.



STF
STYRKUR TRYGGÐ FORYSTA



Það borgar sig að vera í stjórnendafélagi!

Stjórnendur og fólk í ábyrgðarstöðum eiga heima í stjórnendafélögum STF.

Félagsfólk nýtur stuðnings sem skiptir máli:

- Öflugir styrkir í sjúkra- og menntunarsjóðum
- Fjölbreyttir orlofskostir
- 80% niðurgreiðsla í stjórnendanám STF og SA
- Persónuleg þjónusta

Taktu skrefið, við tökum vel á móti þér!



www.stf.is

SAMAN Í 60 ÁR



3M

PELTOR™
Protection & Communication

DYNJANDI

allt fyrir öryggið